
2



Grænmetisbændum brugðið við innkomu Costco

26



„Íslenska lambið það besta sem ég hef nokkurn tíma smakkað“

28–29



Gæðingaveisla í Borgarnesi

Bændablaðið

13. tölublað 2017 • Fimmtudagur 6. júlí • Blað nr. 494 • 23. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Helena Hólm hárgreiðslumeistari fluttist ásamt eiginmanni sínum, Stefáni Þór Rögnvaldssyni, smið og múrara, úr Reykjavík að Skálatjörn austur í Flóa fyrir þremur árum. Þar gerðust þau geita- og ferðaþjónustubændur. Helena segist engin tengsl hafa haft við sveitina áður en þau ákváðu að söðla um en þau sjái alls ekki eftir því. –Sjá nánar á bls. 36–37 Mynd / HKr.

Syndaaflausnir í formi hreinleikavottunar á rafmagni seldar úr landi af kappi vegna innleiðingar tilskipana frá ESB:

79% raforku á Íslandi sögð framleidd með kjarnorku og jarðefnaeldsneyti

– Skilur eftir sig á hreinleikaímynd Íslendinga 154 kíló af geislavirkum úrgangi og nær 290 þúsund tonn af koldíoxíði

Íslendingar fengu um nýliðin mánaðamót inn um póstlúguna hjá sér langþráða raforkureikninga. Reikningar um þessi mánaðamót hafa frá 2011 verið nokkuð sérstakir, en þar er upplýst um hreinleikauppruna raforku sem framleidd er á Íslandi.

Þótt flestir telji að nær 100% raforkunnar sé framleidd úr endurnýjanlegum orkulindum sem „hrein raforka“, er samt á pappírunum skráð að verulegur hluti hennar sé framleidd með kjarnorku, kolum, olíu og gasi. Það sem meira er, Íslendingar eru sagðir skilja eftir sig talsvert af geislavirkum úrgangi.

Í lok júní 2015 upplýsti Bændablaðið um þann sérkennilega leik orkusölufyrirtækja að selja erlendum orkusölufyrirtækjum orkuhreinleikavottorð gegn því að Íslendingar tækju á sig að skrá inn í sína orkunotkun að hluti orkunnar sem hér væri framleiddur ætti uppruna sinn í kjarnorku og jarðefnaeldsneyti.

Ástæða þessara óskapa var að frá 2011 var öllum staðreyndum um orkuframleiðslu Íslendinga algjörlega snúið á haus. Fyrir tilstuðlan innleiðingar á tilskipun ESB gátu Ísland og Íslendingar í framhaldinu ekki lengur stært sig af þeirri hreinu ímynd orkuframleiðslu sem fyrirmenn þjóðarinnar höfðu hver um annan þveran talað svo fjálglega um á alþjóðlegum vettvangi.

Íslensk raforka framleidd með kolum olíu og kjarnorku?



Þegar rýnt er í tölur Orkustofnunar, sem sér um alla útreikninga vegna sölu á upprunavottorðum raforku, varð veruleg breyting 2011. Í stað þess að vera með nær 100% hreina orkuframleiðslu var Ísland sagt framleiða 5% af sinni raforku með kjarnorku og 6% með jarðefnaeldsneyti, þ.e. kolum, olíu og gasi.

Stóra stökkið verður svo á síðasta ári, 2016. Þá var endurnýjanlega orkan komin í mikinn minnihluta, eða 21%. Raforka framleidd með jarðefnaeldsneyti var þá komin í 59% og raforka úr kjarnorku í 20%. Samtals var kjarnorka og jarðefnaeldsneyti þá sagt standa fyrir 79% raforkuframleiðslunnar á Íslandi og hefur hlutfallið aldrei verið hærra.

156 kíló af geislavirkum úrgangi

Vegna þessara viðskipta skilja Íslendingar eftir sig á pappírunum 0,72 milligrömm af geislavirkum úrgangi á hverja selda kílówattstund. Einnig 460,27 grömm af koldíoxíði á kílówattstund.

Þegar um er að ræða sölu á 1.066.584 megawattstundum (MWh) samkvæmt tölum Orkustofnunar, þá er 20% af því vegna kjarnorku 213.316 MWh, eða 213.316.000 kWh. Það þýðir að Íslendingar hafi í hreinleikabókhaldi sínu nærri 154 kíló af geislavirkum úrgangi

Sama gildir um meint koldíoxíð sem losað er vegna meintrar framleiðslu á raforku hér á landi með kolum, olíu og gasi. Það stendur fyrir 59% raforkusölunnar og skilur eftir sig ljót spor í bókhaldinu upp á nær 290 þúsund tonn af koldíoxíði.

/HKr.

– Sjá nánar á bls. 20–21.

FRÉTTIR

Reglugerð birt um notkun á þjóðfánanum

Breytingar á lögum um þjóðfána Íslendinga voru samþykktar á Alþingi í apríl á síðasta ári. Með þeim þarf ekki sérstakt leyfi til að nota fánann við markaðssetningu á vöru eða þjónustu. Reglugerð um nánari útfærslur á skilyrðum fyrir notkuninni hefur verið í vinnslu frá því í nóvember og bíður nú birtingar í Stjórnartíðindum.

Að sögn Ingva Más Pálssonar, skrifstofustjóra í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu (ANR), birti þáverandi innanríkisráðherra reglugerðardrög til umsagnar í nóvember 2016 um notkun á þjóðfána Íslendinga. „Í framhaldi af yfirfærslu málaflokksins til ANR hefur ráðuneytið undanfarnar vikur verið að fara yfir umsagnir og ganga frá umræddri reglugerð. Staðan er sú að þeirri vinnu er nú lokið og reglugerðin verður send Stjórnartíðindum til birtingar í fyrri hluta næstu viku," segir Ingvi. */smh*



Spjallað við bændur

Á vef Bændablaðsins, bbl.is, eru þættirnir „Spjallað við bændur". Í nýjasta þættinum er rætt við Önnu Sigurbjörgu Sævarsdóttur, bónda á Miðskeri í Nesjum í Hornafirði.

Spjallað við bændur

Hún býr með svín og selur afurðir sínar beint frá býli. Þá hefur Anna ásamt öðrum rekið litla verslun og veitingasölu á Höfn þar sem hún selur eigin búvörur og annarra.

Í sumar verður sjónum beint að ferðaþjónustunni í auknum mæli enda mikið að gera og margt að forvitnast um á ferðaþjónustubæjum landsins.

Auk þess að vera aðgengilegir á bbl.is má sjá þættina á Facebook-síðu Bændablaðsins og á sjónvarpsstöðinni ÍNN.

Grænmetisbændum brugðið við innkomu Costco sem selur einungis innflutt grænmeti:

Vonast til að innlent grænmeti verði á boðstólum í Costco

Knútur Rafn Ármann, grænmetisræktandi í Friðheimum, segir að salan á tómötum frá þeim sé að meðaltali rúmlega eitt tonn á dag, eða um 370 tonn ári. Allt byggi þetta á að markaðssetning gangi upp og þar séu blikur á lofti með tilkomu bandarísku risakeðjunnar Costco á íslenska markaðnum.

Costco hefur eingöngu boðið til sölu innflutt grænmeti í sinni verslun í Garðabæ. Knútur segir að íslenskum garðyrkjumönnum sé auðvitað brugðið. Þeir hafi þó rætt við Costco-menn og vonist til að þeirra vörur verði þar einnig á boðstólum sem fyrst.



Knútur Rafn Ármann, grænmetisræktandi í Friðheimum, vill að neytendur hafi val. Hann vonast til að þeir muni því líka geta valið íslensk grænmeti í nýju verslun Costco í Garðabæ, en ekki bara innflutt grænmeti sem flutt er yfir hálfan hnöttinn. Mynd / HKr.

Manni er aðeins brugðið

„Ég vil þó taka það mjög skýrt fram að allir fögnum við samkeppni. Það er þó auðvitað kurteisi við neytendur að þeir hafi val um hvort þeir kaupi íslenskt eða innflutt grænmeti. Manni er aðeins brugðið að neytendum sé ekki boðið upp á það í þessari stóru verslun. Í staðinn sér maður þar tómata frá Túnis.

Tómatar og annað grænmeti er yfir 90–95% vatn. Verandi með okkar frábæra hreina vatn til vökvunar í ræktuninni hér heima þá spyr maður sig hvernig vatnið sé sem verið er að nota við ræktunina þarna úti. Myndi maður drekka drykkjarvatnið á þessum stöðum? Fyrir sjálfan mig þá hugsa ég mikið um þetta þegar ég kaupi grænmeti í matinn. Það skiptir miklu máli að eiga gott vatn til vökvunar og við á Íslandi eigum einfaldlega besta vatn í heimi."

Flutt yfir hálfan hnöttinn

„Þá er búið að flytja þessa innfluttu tómata yfir hálfan hnöttinn og maður spyr sig hvort okkur sem ábyrgum jarðarbúum finnist þetta eftirsóknarvert. Auðvitað er þetta val hvers og eins neytanda, en fyrir fagmann í greininni og mikinn grænmetisunnanda, þá finnst mér þetta ekki vera spennandi kostur.

Það ætti að vera meiri hvati til að neyta þess sem framleitt er í eigin landi fremur en vöru sem búið er að flytja yfir hálfan hnöttinn með allri þeirri mengun sem því fylgir. Þegar við eigum svona flotta og holla vöru eins og íslenskt grænmeti, finnst mér að það eigi að vera í boði sem víðast."

Það skiptir máli hvað fólk lætur ofan í sig

„Við höfum lagt mikinn metnað og alúð í ræktun á íslensku grænmeti síðustu árin. Við erum búin að kynna mjög vel bóndann sem stendur á bak við framleiðsluna. Að fólk viti hvaðan varan kemur. Þá búum við svo vel á Íslandi að geta boðið hér frábæra gæðavöru og viljum að hún sé í boði sem víðast. Það skiptir líka máli fyrir heilsuna hvað fólk er að láta ofan í sig, enda erum við sjálf 70% vatn."

Knútur segir að þau hafi fundið mjög fyrir þessum hugrenningum í vetur og einnig varðandi umræðuna um matarsóun og umhverfisvernd. Öll sú umræða miðist við að ganga vel um jörðina og nýta matvælaframleiðslu í nærumhverfinu í stað þess að flytja hana langar leiðir.

„Þar höfum við meðbyr hjá þjóðinni. Við eigum líka sem þjóð að hafa metnað til að framleiða sem mest af okkar landbúnaðarvörum sjálf."

Úr 900 í 150 þúsund ferðamenn

Friðheimar byggja sína tilveru á tómatarækt og þjónustu við ferðamenn. Knútur segir að á fyrsta árinu sem þau hafi tekið á móti ferðamönnum hafi komið 900 gestir. Á síðasta ári voru þeir 135 þúsund og búist er við um 150 þúsund gestum í ár.

Hann segir markmiðið nú ekki vera að fjölga gestum, heldur að gera enn betur í að þjónusta þá sem þangað koma. Hann segir mikla aukningu ferðamanna hafa verið í vetur og í janúar, febrúar og mars hafi oft verið uppbókað á veitingastaðnum, sem er eitthvað sem ekki hafi áður þekkst. Öll móttaka hafi gengið mjög vel, en með tilkomu nýs eldhúss sem tekið var formlega í notkun í júnílok, verði hægt að sinna þessu enn betur.

/HKr.

Ísfugl upprunamerkir vörur sínar með bændum:

Þjónusta við neytendur

Nýjar umbúðamerkingar hjá Ísfugli hafa vakið athygli neytenda að undanförnu. Kjúklingavörurnar frá þeim eru nú merktar með því búi sem þær eru upprunnar frá – og mynd af bændunum fylgir með, en þetta er kynnt með slagorðinu „Frá íslenskum bændum sem við þekkjum og treystum".

Ísfugl hefur frá 2012 verið í eigu hjónanna Jóns Magnúsar Jónssonar og Kristínar Sverrisdóttur, sem eru kjúklingabændur á Suður-Reykjum í Mosfellsdal.

Jón Magnús segir að þau hafi haft þessa hugmynd í maganum í allmörg ár.

„Við byrjuðum fyrir þremur árum að upprunamerkja pakkninguna með nafni búsins sem við átti. Svo stigum við skrefið alla leið núna," segir Jón Magnús um upphaf þess að þau fóru þessa leið í merkingum.



Nýju merkingar Ísfugls bera myndir af bændunum, auk þess sem upplýsingar um þá er að finna á vefnum isfugl.is. Myndir / Ísfugl

Vitundarvakning hjá neytendum

Jóhanna Logadóttir Hólm, starfsmaður hjá Ísfugli, segir að mikill metnaður sé hjá eigendunum að gera Ísfuglsbændurna sýnilegri í kynningu og markaðssetningu á framleiðslunni. „Við höfum ákveðna sérstöðu vegna þess að Ísfuglsbændurnir eru bændur í sjálfstæðum rekstri en ekki á vegum Ísfugls. Við erum einfaldlega svo heppin að geta keypt framleiðsluna þeirra.

Á meðan að auðvelt er fyrir okkur að rekja vöruna eftir rekjanleikanúmeri þá segir númerið neytendum ekki neitt. Hugmyndin er sú að neytendur geti séð hvaðan varan kemur á jafn aðgengilegan hátt og mögulegt er.

Það hefur orðið ákveðin vitundarvakning hjá neytendum og þetta er umfram allt þjónusta við þá. Varan hefur lengi verið rekjanleg til ákveðins bónda í gegnum rekjanleikanúmer á umbúðum. Okkur fannst eðlilegt framhald að neytendur gætu séð hverjir framleiddu vöruna án þess að þurfa að rýna í tíu stafa númer."



Stoltir kjúklingabændur á Syðri-Reykjum.

Allir fimm innleggjendur með í verkefninu

Að sögn þeirra Jóns og Jóhönnu eru allir fimm kjúklingabændurnir sem eru í viðskiptum við Ísfugl með í þessu verkefni. Fyrirtækið sé lítið en byggi algjörlega á þessari bændahugmynd. Bændurnir eigi sína framleiðslu, kaupa unga, fóður og fleira – eiga húsin og svo framleiðsluna. Ísfugl kaupi svo af þeim eftir vigt. „Ísfugl markaðssetur svo vörurnar; vinnur, pakkar og dreifir. Ísfugl á reyndar fyrirtæki sem framleiðir ungana fyrir þá bændur sem eru í samstarfi við okkur. Svo selur Ísfugl í búðir, á veitingastaði og í mötuneyti," segir Jóhanna. Framleiðsla Ísfugls á viku er um 20–25 tonn. „Það er misjafnt milli vikna," segir Jóhanna. „Yfirleitt er verið að slátra 10–15 þúsund kjúklingum á viku. Við erum minnsti framleiðandinn á kjúklingamarkaðnum með um 15 prósent markaðshlutfall.

Kalkúnaslátrun og vinnsla á kalkúnaafurðum spilar stórt hlutverk hjá okkur, en Reykjabúið er eini framleiðandi kalkúna á Íslandi og Ísfugl kaupir þeirra framleiðslu.

Við erum líka með eldhús, en framleiðsla á fullunnum vörum hefur svo sem ekki verið í forgangi hjá okkur hingað til. Við framleiðum hins vegar talsvert af bæði kjúklinga- og kalkúnaáleggi, steikjum kjúklingabita og búum til pylsur svo eitthvað sé nefnt," segir Jóhanna. */smh*

VÖXTUR OG ELDI
NAUTAELDISFÓÐUR

Um nautaeldisfóðrið Vöxt og Eldi höfðu hjónin í Vorsabæ þau Björgvin Guðmundsson og Kristjana Margrét Óskarsdóttir í Austur Landeyjum þetta að segja:

„ Nautin eru tilbúin sex til sjö mánuðum fyrr til slátrunar og fara beint í hæstu gæðaflokka. Við sjáum það strax að þessi fóðrun er að borga sig og gott betur en það. Öll okkar markmið stóðust er varðar þyngd, flokkun og heilbrigði. “



Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Fóðurblöndunnar í síma 570 9800
eða sendið fyrirspurn á fodur@fodur.is

FÓÐURBLANDAN

...gæði í hverri gjöf!

FRÉTTIR



Ísey skyr – nýtt vörumerki MS

Öllu var tjaldað til í Heiðmörk fimmtudaginn 22. júní þegar MS hélt stórglæsilegt partí til að fagna nýju alþjóðlegu vörumerki í skyri.

Á næstu vikum og misserum mun Skyr.is, sem Íslendingar þekkja vel, hverfa úr hillum og í staðinn kemur Ísey skyr.

Við val á nýju nafni vildi fyrirtækið leitast við að halda fast í tengingu skyrsins við Ísland, það átti hafa íslenskan staf og vera bæði stutt og einfalt.

Til að heiðra konur landsins sem miðluðu þekkingu á skyrgerð til dætra sinna í gegnum aldirnar og til að endurspegla þennan íslenska bakgrunn og sögu skyrsins heitir skyrið okkar nú Ísey skyr, en Ísey er séríslenskt kvenmannsnafn sem vísar í eyjuna Ísland.

Til að fagna þessu nýja nafni var blásið til mikillar veislu í Heiðmörk og var helstu viðskiptavinum, erlendum samstarfsaðilum og góðum





gestum boðið í veisluna. Boðið var upp á glæsilegar veitingar þar sem skyrið var m.a. notað í sósur, eftirrétti og kokteila og skemmtu auk þess nokkrir af vinsælustu tónlistarmönnum þjóðarinnar, Emmsjé Gauti, Sísí Ey, Amabadama og Június Meyvant.



Októ Einarsson, stjórnarformaður Ölgerðarinnar, og Guðni Þór Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Kú mjólkurbús. Mynd / smh

Ölgerðin kaupir Kú mjólkurbú:

Svipaðri framleiðslu verður haldið áfram

– undir sama vörumerki og nýjar vörur eru í þróun


Eins og fram kom í fréttum um miðjan júní síðastliðinn hefur Ölgerðin keypt Kú mjólkurbú. *Ætlunin er að reka mjólkurbúið áfram með svipuðu sniði og byggja á hágæða handverki.*

Kú mjólkurbú var stofnað árið 2009 af þeim Ólafi M. Magnússyni, og Tómasi Kr. Sigurðssyni.

„Ölgerðin er alltaf að leita að spennandi tækifærum og mjólkurmarkaðurinn hefur verið í athugun hjá okkur í nokkuð langan tíma," segir Októ Einarsson, stjórnarformaður Ölgerðarinnar.

„Við höfum mikinn áhuga á því að skapa fjölbreytni á þessum markaði bæði varðandi það að auka samkeppni á honum ásamt því að við höfum verið að þróa nýjar og spennandi vörur sem munu koma á markað á næstu mánuðum. Kú er lítið mjólkurbú sem mun byggja á hágæða handverki við framleiðslu á sínum vörum. Íslenskir bændur framleiða fyrsta flokks vörur og erum við sannfærð um að þeirra afurðir muni skapa fjölmörg tækifæri fyrir Kú til þess að koma með nýjungar á mjólkurmarkaðinn til hagsbóta fyrir íslenska neytendur," segir Októ.

Hann segir að öll framleiðsla Ölgerðarinnar á vörum sem innihalda mjólkurafurðir muni fara fram hjá Kú mjólkurbúi og svo lengi sem íslenskir kúabændur framleiði næga mjólk sé ekki ekki fyrirhugað að flytja inn mjólkurvörur af neinu tagi til frekari vinnslu hér. */smh*



Woody Tasch, stofnandi Slow Money-hreyfingarinnar. Mynd / VH

Fjárfesting í nærandi nýsköpun:

Langtíma fjárfesting í matvæla-framleiðslu og frumkvöðlastarfi

Woody Tasch, stofnandi Slow Money-hreyfingarinnar, hélt fyrirlestur hér á landi fyrir skömmu þar sem hann kynnti hugmyndir sínar um fjárfestingar í matvælaframleiðslu og stuðning við matarfrumkvöðla.

Slow Money-hreyfingin talar fyrir því að fjármagnseigendur noti minnst 1% af fjármunum sínum til að byggja upp framleiðslu matar með áherslu á heilnæmu hráefni og sjálfbærri þróun. Tasch segir að megin ástæða þess að hann tali um 1% sé að fyrsta prósentið sé yfirleitt það erfiðasta að fá til að leggja fram.

„Að taka ákvörðun um að leggja fé í langtímafjárfestingu og oft lítinn ágóða eins og vill verða í matvælaframleiðslu er mörgum framandi hugsun. Það er því best að byrja smátt.

Slow Money er ekki fjárfestingasjóður, ekki með neina stjórn og tekur ekki þóknun fyrir sitt framlag. Hugmyndin er einfaldlega að fá fólk og fjárfesta til að leggja sjálft fé til staðbundinnar matvælaframleiðslu milliliðalaust. Yfirleitt er um að ræða lán á lágum eða jafnvel engum vöxtum til langs tíma sem gerir litlum framleiðendum kleift að hefja framleiðslu, auka við tækjabúnað, kaupa land eða að gera frumkvöðlum kleift að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd. Á Íslandi gætu lán af þessu tagi einnig átt við um minni sjávarútvegsfyrirtæki og trillusjómenn."

Menningararfleifð og uppbygging nærsamfélaga

Tasch sagði í samtali við Bændablaðið að hugmyndin að baki Slow Money sé að hluta til byggð á Slow Food-hreyfingunni. Bakgrunnur Tasch er í fjármálageiranum og hann var eigandi og sá um rekstur fjárfestingasjóðs á níunda áratug síðustu aldar en gjaldkeri fyrir umhverfisverndarsamtök í New York á þeim tíunda. Hann segist lengi hafa haft áhuga á langtímafjárfestingum og áhrifum þeirra á samfélagið.

„Aldamótaárið 2000 heimsótti ég höfuðstöðvar Slow Food á Ítalíu og varð mjög hrifinn af þeirra hugmyndafræði. Í kjölfarið fór ég að velta fyrir mér af hverju ekki væri



hægt að hugsa um peninga á sama hátt. Þolinmótt fjármagn sem hægt er að nota til að styrkja og efla staðbundna matvælaframleiðslu og um leið nærsamfélagið."

Árið 2008 sendi Tasch frá sér bók sem kallast Inquiries into the Nature of Slow Money: Investing as If Food, Farms and Fertility Mattered og fjallar um hugmyndina að baki Slow Money.

„Með slíkri fjárfestingu, hvort sem hún er í landbúnaði, heimavinnslu eða lítilli útgerð, er jafnframt verið að hlúa að menningararfleifð, heilsu neytenda og uppbyggingu nærsamfélaga."

Þess má geta að að Slow Money var valið ein af fimm markverðustu stefnum í fjárfestingageiranum af www. entrepreneur.com sem er heimasíða sem leggur áherslu á frumkvöðlastarf.

Slow Money víða um heim

„Á þeim átta árum sem liðin eru frá fyrstu fjárfestingunni í anda Slow Money hafa fjárfestar í Bandaríkjunum, Kanada, Ástralíu, Sviss, Belgíu og Frakklandi beint ríflega 57 milljónum bandaríkjadala í 600 fyrirtæki í landbúnaði eins og mjólkur- og korniðnaði, í lífrænni og staðbundinni framleiðslu og í veitingarekstri," segir Tasch.

Innlend framleiðsla mikilvæg

Tasch segir áhugavert hversu mikið af þeim matvælum, kjöti og fiski, sem Íslendingar neyta, sé innlend framleiðsla. „Í Bandaríkjunum og víðar um heim er staðbundin matvælaframleiðsla aðeins lítill hluti af þeim mat sem fólk borðar og sérstaða Íslands því mikil og eitthvað sem er mjög dýrmætt. Vitund fólks fyrir uppruna fæðunnar er sífellt að aukast. Fólk vill í auknum mæli vita hvaðan maturinn kemur og hver framleiðir hann."

Það var frumkvöðlafyrirtækið Spor í sandinn, í samvinnu við Matarauð Íslands, Slow Food Reykjavík, Sólheima, Flow Meditation, Sjávarklasann, Icelandic Startups og fleirum sem stóðu fyrir komu Tasch til landsins.

Að sögn Hjördísar Sigurðardóttur, framkvæmdastjóra Spor í sandi, er talsverður áhugi fyrir stofnun Slow Money hreyfingar á Íslandi sem stuðlað gæti að uppbyggingu staðbundins matarauðs og aðstoð við matarfrumkvöðla. */VH*



KUBOTA RTV-X900 skarar einfaldlega fram úr

Það er engin tilviljun að KUBOTA RTV-X900 er með vinsælli fjölnota tækjum í heiminum, enda hentar hann vel við alls kyns aðstæður, t.d. við skógrækt, búskap, viðhald opinna svæða og svo margt fleira.

KUBOTA RTV-X900 er útbúinn til þess að endast og hvergi til sparað.

Sem dæmi má nefna:

- Vökvastýri
- Vökvasturtur á palli
- Fjórhjóladrif
- Driflæsingu
- Burðargetu upp á 500 kg
- Dráttargetu upp á 1.000 kg
- KUBOTA diesel mótor (21,6 hö)
- Dráttarkúlu að aftan og ljósatengil.
- KUBOTA RTV-X900 er skráð sem dráttarvél



KUBOTA RTV-X900
Verð frá **Kr. 2.300.000,-**
án VSK

ÞÓR HF

REYKJAVÍK:
Krókháls 16
Sími 568-1500

AKUREYRI:
Lónsbakka
Sími 568-1555

Vefsíða:
www.thor.is

Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því **er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.200 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgarar kostar 5.100 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – Kt: 631294–2279
Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – Guðrún Hulda Pálsdóttir – ghp@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Ásgerður María Hólmbertsdóttir amh@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga:** **augl@bondi.is** – **Vefur blaðsins:** **www.bbl.is** – **Netfang blaðsins:** (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is** Frágangur fyrir prentun: Anna Kristín Ólafsdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Innflutningsmengun

Innkoma bandarískra verslunarrisans Costco á íslenskan markað hefur sannarlega verið tekið fagnandi af íslenskum neytendum. Sennilega eru þó fæstir sem þar versla að hugsa mikið um umhverfismál þegar þeir raða innfluttu grænmeti og öðru góðgæti í innkaupakörfurnar.

Costco naut þess við innkomuna á íslenskan markað að hér höfðu kaupmenn gengið mun lengra í verðálagningu um langt árabil en neytendur voru tilbúnir að kyngja. Það reyndist erlenda risanum því mjög auðvelt að sópa til sín viðskiptavinum „stóru“ íslensku verslanakeðjanna, án þess að auglýsa nokkurn skapaðan hlut. Nú er þessi risi búinn að vera hér á markaðnum í rúman mánuð, en þegar kominn með drjúga sneið af markaðnum, líka í viðskiptum með eldsneyti. Áhrifin eru gríðarleg og sjá má afleiðingarnar víða.

Þótt mikið og gott úrval sé af íslensku kjöti í Costco, þá fer lítið fyrir framboði á íslensku grænmeti, sem þó er ræktað á eins heilnæman hátt og hugsast getur. Af þessu hafa íslenskir garðyrkjubændur talsverðar áhyggjur, enda er innflutta grænmetið frá Costco farið að hafa umtalsverð áhrif á minni sölu á íslensku grænmeti. Samt segja okkar bændur að það séu auðvitað neytendur sem ráði og verði að fá að ráða þar ferðinni.

Náttúruvernd, dýravernd og loftslagsmál hafa verið mjög ofarlega á baugi í umræðunni undanfarin ár. Þar hafa raddir sem berjast gegn mengun bifreiða verið mjög háværar, sér í lagi á höfuðborgarsvæðinu. Bent er á svifryksmælingar sem hafa farið upp úr öllum skölum og bifreiðum kennt um. Gatnaþrenginga- og holumeisturum höfuðborgarinnar datt þó auðvitað ekki í huga að nefna hið augljósa, nefnilega að göturnar eru nánast aldrei skolaðar og þrifnar. Þeir ypptu bara öxlum og hjóluðu í Costco og keyptu ódýrt innflutt grænmeti.

Það er gott að neytendur geti keypt ódýrar matvörur í Costco, en hafa andstæðingar bílamengunar nokkuð velt því fyrir sér hvernig t.d. grænmetið og innflutta kjötið kemst í hillurnar í Garðabænum?

Við skulum kíkja á það nánar. Um 90 prósent af öllu sem þú kaupir er flutt til landsins með skipum. Þar á meðal er innflutt grænmeti og önnur matvara bæði í Costco og öðrum verslunum landsins. Talandi um mengun, þá er athyglisvert að lesa grein á blaðsíðu 34 í Bændablaðinu í dag um heimildarmyndina Sea Blind. Þar er fjallað um mengun frá skipum sem gatnaþrenginga- og holumeistarar Reykjavíkur hafa sennilega aldrei heyrt minnst á. Ef svo væri hefðu þeir fyrir löngu látið þrengja allar sjóleiðir verulega.

Samkvæmt heimildarmyndinni Sea Blind, þá er flutningaskipaútgerð sá atvinnuvegur í heiminum sem mengar einna mest, bæði vegna stærðar skipanna og gríðarlegs magns eldsneytis sem þau brenna. Þannig losa sautján stærstu gámaflutningaskip heimsins meiri brennistein út í andrúmsloftið árlega en allir bílar samanlagt. Eitt skemmtiferðaskip blæs jafnmiklu sóti út í andrúmsloftið daglega og ein milljón bíla. Tal um mengun bifreiða sem aka um íslenska vegakerfið er hreinn brandari í þessum samanburði.

Þetta mættu neytendur hafa í huga þegar þeir kaupa t.d. innflutt grænmeti og kjöt sem vel er hægt að framleiða á Íslandi. Mengunarfótspor tómata sem fluttir eru frá Suður-Ameríku er gríðarlegt. Sama má segja um allar aðrar innfluttar matvörur. Ef menn meina eitthvað með fögru tali sínu um að stemma stigu við mengun, þá ætti fólk auðvitað að hugsa sig tvisvar um þegar það verslar í matinn. Þar geta íslenskir neytendur haft langmest áhrif á að stuðla að minni mengun í heiminum. */HKr.*

Innflutningur á kjöti og nokkur orð um frystiskyldu



Eiríkur Blöndal
Í stjórn Bændasamtaka Íslands
ebl@bondi.is

Almennt er það talið jákvætt að tungumál þróist. Ýmislegt verður til þess að orð og orðasamhengi breyta um merkingu, atvik eða athafnir einstakra manna eða tækniþróun samfélaga. Þannig virðist t.d. orðið atvinnurekandi hafa tekið á sig nýja merkingu.

Áður töldu margir að þetta væri einstaklingur eða fyrirtæki sem stuðlaði að atvinnu í sinni heimabyggð, þ.e. veitti mönnum atvinnu. Þessi fyrirtæki, atvinnurekendurnir, ræktu oft samfélagið af ábyrgð og festu. Nú virðist þessi merking vera að breytast. Til er félag sem er til heimilis í Húsi verslunarinnar og ber nafnið „Félag atvinnurekenda“ (FA). Samkvæmt greinargóðri heimasíðu félagsins þá er þetta félag hagsmunasamtök lítilla sem stórra fyrirtækja í inn- og útflutningi, heildsölu og smásölu. Á heimasíðunni er líka að finna félagatal, sem er til fyrirmyndar. Nú skal ekki dregið í efa að allir þessir ágætu félagar, einstaklingar og fyrirtæki eru vissulega atvinnurekendur, en það eru fleiri sem reka atvinnuskapandi fyrirtæki í landinu, til dæmis bændur og afurðafyrirtæki þeirra. Eins og venja er á þessum árstíma hefur framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda nýtt gott aðgengi sitt að fjölmiðlum til að halda fram þeirri skoðun sinni að afnema skuli frystiskyldu á kjöti til manneldis og að íslensk stjórnvöld séu í hlutverki brotlegs aðila í þeim efnum. Þetta virðist vera vinsælt efni og henta vel til að varpa umræðu dagsins frá kjarna málsins. Þrátt fyrir að margir hafi með málefnalegum hætti reynt að útskýra málið fyrir framkvæmdastjóra FA, jafnvel ár eftir ár, þá hefur það ekki borið árangur. Rökin fyrir frystiskyldunni þekkja lesendur Bændablaðsins mætavel, en það eru ekki síst eftirtalin atriði sem framkvæmdastjóri FA og fleiri virðast ekki átta sig á:

1. EES-samningurinn snýst ekki bara um skammtíma viðskiptahagsmuni, heldur fjölmarga aðra þætti sem eiga að vera til þess fallnir að vernda bæði neytendur og samfélög. Álitamál er ekki alltaf hægt að túlka skammtíma viðskiptahagsmunum í hag.

2. Ísland er ekki aðili að sameiginlegum tryggingasjóðum sem eiga að bæta það tjón sem getur orðið vegna útbreiðslu búfjársjúkdóma eða sýklalyfjaónæmis. Kostnaður vegna sjúkdóma lendir því ekki á fjölþjóðlegum sjóðum, Félagi atvinnurekenda, eða öðrum fjársterkum, heldur á bændum og á íslenska ríkinu með einum eða öðrum hætti.

3. Sé það þannig að einhverjir telji enn að frystiskyldan gangi gegn EES-samningnum og geta fengið löglærða menn til að túlka þá skoðun sína, þá er hlutverk ríkisins augljóst, það að senda þegar í stað knésterka embættismenn til samninga í Brussel til að semja til ásættanlegrar niðurstöðu. Nægir hér að minna á að matvælalöggjöfin var alls ekki hluti af upprunalega EES-samningnum, heldur innleidd seinna, samkvæmt sérstöku samkomulagi. Sömuleiðis hefur ESB allar heimildir í sínum sáttmálum, m.a. Rómarsáttmálanum, til að haga samningum á þann veg sem skynsamlegt er í þessu tilviki. Til að útskýra þetta aðeins nánar þá má segja það sama aftur með öðrum orðum. Íslendingum bar engin skylda til samkvæmt EES-samningnum að taka upp matvælalöggjöf ESB, ekki frekar en þeim bar nokkur skylda til að gera ólánlegan samning um niðurfellingu tolla á ýmsum landbúnaðarvörum nú fyrir nokkrum misserum.



Hitt er svo staðreynd að þessar ákvarðanir tóku stjórnvöld, hver á sínum tíma, og ríkið verður að axla ábyrgð á þeim. Það er þá huggun harmi gegn að megin tilgangur matvælalöggjafar ESB er að tryggja heilbrigði matvæla á efnahagssvæðinu. Hagsmunir einstakra innflytjenda í einstökum löndum eru þar ekki mikilvægir miðað við það meginmarkmið að tryggja heilbrigði fæðunnar. Þess voru enda dæmi að löggjöfin var innleidd með strangari og meira íþyngjandi hætti fyrir íslenska bændur en ýtrasta þörf var á, einmitt vegna þessara megin markmiða.

Breytingar á neyslumynstri

Innkoma Costco á markað hérlendis er svo ef til vill jákvæð uppákoma ef horft er til umræðu um mat, gæði og matarverð og virðist hafa jákvæð áhrif á álagningu fyrirtækja og afsláttarkjör til einstaklinga og fyrirtækja í landinu. Því miður fer mikið eldsneyti í að flytja mat yfir hafið, sérstaklega þann sem kemur með flugi, oft að innihaldi mestmegnis vatn. Vonandi fjölgar þeim sem vilja neyta staðbundinnar fæðu, og huga að umhverfisáhrifum neyslumynstursins. Það gæti opnað frekari tækifæri fyrir íslenskan landbúnað.

ÍSLAND ER LAND ÞITT



Vatnsdalur er grösugur og búsældarlegur dalur sem gengur inn til suðurs milli Vatnsdalsfjalls, sem er 1.018 metra hátt í austri og Víðidalsfjalls, sem er 993 metrar. Í landi Kornsár fyrir miðjum vestanverðum dalnum er alldjúp sérkennileg smátjörn sem nefnist Kattarauga, á henni eru tvær fljótandi eyjar og er hún friðlýst náttúruvætti. Mynd / Hörður Kristjánsson

LÍF & STARF



Gabríel Snær í Víðigerði 2 poppar poppkorn yfir opnum eldi. Myndir / Hulda Magnea Jónsdóttir

Öflug útikennsla í Hrafnagilsskóla undanfarin ár:

Læra að tálga, gera flautur og safna birkifræjum

Öflug útikennsla hefur verið í Hrafnagilsskóla undanfarin ár en skólinn býr svo vel að hafa afnot af trjáreit í brekku skammt ofan Hrafnagilshverfis.

„Foreldrar standa þétt við bakið á okkur, þeir hafa byggt upp eldstæði og skógarskýli til að sitja inni en þar hafa börnin lært að tálga, gera flautur og margt fleira," segir Hulda Magnea Jónsdóttir, kennari við Hrafnagilsskóla, en hún lét af störfum nú í vor eftir 30 ára starf við skólann og 44 ára kennsluferil í allt.

Farið í skóginn vikulega í allan vetur

Hún segir að smíðakennarinn, Guðrún Hadda Bjarnadóttir, sé mjög hugmyndarík og vinni með bekkjarkennurum í skógarverkefnum. Nú á liðnum vetri hefur verið farið nánast vikulega í skóginn og unnið þar að fjölbreyttum verkefnum.

„Við höfum þemadaga á vorin og erum þá í skóginum með alla nemendur yfir daginn. Verkefnin sem við unnum að voru t.d. að læra að tálga flautur, rannsaka ánamaðka í víðsjám, læra að þekkja íslenskar plöntur, eins og þjóðarblómið holtasóley, maríustakk, smjörgras, týsfjólu og fleiri plöntur, sem komnar voru í blóma. Einnig hafa nemendur lært að kveikja eld, leggja göngustíga og poppa yfir opnum eldi," segir Hulda.

Safna birkisafa og birkifræjum

Þá hafa nemendur snemma vors safnað birkisafa úr birkitrjám og á haustin safna þeir birkifræjum sem send eru til Landgræðslunnar sem síðan sáir þeim.

„Það lítur mjög vel út með birkifræ núna, allt útlit fyrir mjög gott fræár og skólafólk hefur verið hvatt til að leggja Landgræðslunni lið með því að tína fræ næsta haust."

Hulda segir nemendur una sér mjög vel í skóginum. Þegar bakað er greinabrauð eða poppkorn poppað er það undantekningarlaust það besta sem þau hafa smakkað.

Hrafnagilsskóli hefur um árabil verið einn stærsti dreifbýlisskóli landsins, en nú hin síðari misseri hefur nemendum fækkað nokkuð. */MÞÞ*



Ólöf Milla, Hólshúsum og Amy frá Holtseli læra að þekkja þjóðarblóm Íslendinga, holtasóley.



Anton Ingi frá Botni og Fannar, sem býr í Kristnesþorpinu, önnum kafnir við útikennsluna í skógarreitnum.



Ýmir Logi, sem býr á Aski, með fullan pott af poppkorni.



Teitur Baldursson bíður eftir að smakka poppkorn.



Strákarnir söfnuðu birkifræi.



Þórarinn Karl, sem býr í Klauf, rannsakar ánamaðk í víðsjá.

MÆLT AF MUNNI FRAM

181

Enn og aftur biðla ég til hagyrðinga vítt um land að víkja að þættinum efni. Það var í upphafi ásetningur að birta í þættinum sem mest af nýlega ortum vísum sem víðast frá. Þótt talsvert gamalt efni sé til í safni mínu, þá auðgar það efnistökin ef „nýmeti" slæðist með.

Þó fyrningarnar flestir eigi,
fyrirhyggjan slíku réð,
er nokkurt magn af nýju heyi
nauðsynlegt að hafa með.

Í fyrningum er að finna þessar tvær vísur eftir **Ólaf Bergsson** barnakennara. Höfundi þótti illa horfa fyrir íslenskri vísnagerð eftir daga þeirra miklu skálda, **Páls Ólafssonar, Gríms Thomsen** og **Þorsteins Erlingssonar**:

Þegar Páls er brostin brá,
búið Grím að heygja,
og Þorsteinn líka fallinn frá,
ferhendurnar deyja.

En hin munnlega geymd varðveitir sannarlega marga gersemi genginna kynslóða. **Ólafur** breytti því vísunni:

Þó að Páli bresti brá,
bili Grím að skrifa,
Þorsteinn líka falli frá,
ferhendurnar lifa.

Þau sannindi að vel gerð vísa geti létt fólki leiðann, er algild. **Þormóður Pálsson** frá Njálsstöðum orti:

Býsna tómur andinn er
ei mun skarta að kvarta.
Vísnahljómur veitir mér
von í hjarta, bjarta.

Sigurður Snorrason bætir við:

Þá á tungan engan yl,
enga fagra sögu,
þegar ekkert efni er til
í ferskeytta bögu.

Og **Guðfinna Þorsteinsdóttir** frá Hömrum yrkir áþekkt:

Er hún þjóðleg, alltaf ný,
áþekk skrýddri brúði,
stakan rétta reyfuð í
ríms og stuðla skrúði.

Þó að skáld falli frá, tekur ný kynslóð við þjóðaríþróttinni. **Ragnar Gröndal** (Ranki) orti:

Bræðir ísinn ylríkt vor,
eyðast veðrin ströngu.
Þar sem einhvers enda spor
annar byrjar göngu.

Sr. Sigurður Norland í Hindisvík orti svo fagurlega til sléttubandaháttarins:

Sléttubanda háttur hýr,
hróður andans fagur,
léttu vanda, djarfur, dýr
drauma landa bragur.

Meðan áttir þekkir þjóð
-þagni sláttur nýrri-.
Héðan láttu óma óð
öllum háttum dýrri.

Títtnefndur **Einar Kolbeinsson**, bóndi í Bólstaðarhlíð, reyndi nokkuð ákaft fyrir sér við sléttubandagerð. Mörgum af hans samferðamönnum þótti kveðskaparformið þreytandi, sér í lagi á hagyrðingasamkomum. **Pétur læknir Pétursson** hugðist venja Einar endanlega af þessu sléttubandabulli á samkomu hagyrðinga á Akureyri 2004.

Einar er sífellt að ergja mig
og ætti að kynnast vöndunum.
Hann ætti bara að hengja sig
í helvítis sléttuböndunum.

Drykkjusvoli drjúgur er,
dýrt sinn fola metur.
Einar Kol, sem yrkir hér
enginn þolað getur.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggð1@gmail.com

FRÉTTIR

Hertar reglur um lífrænt vottaða framleiðslu

Þann 30. maí síðastliðinn var löggjöf Evrópusambandsins (ESB) um lífræna framleiðslu innleidd í íslenskt regluverk. Með innleiðingunni missa íslenskir framleiðendur undanþáguákvæði sem voru til staðar í aðlögunarferlinu. Undanþágurnar – eða aðlögunarkröfurnar eins þær voru kallaðar – sneru til að mynda að ákveðnum rýmiskröfum í gripahúsum, banni við notkun á grindargólfum og banni við notkun á fiskimjöli í fóðri jórturdýra.



Halla Steinólfsdóttir. Mynd / smh

Í tilkynningu frá Matvælastofnun þann 15. júní síðastliðinn segir að með innleiðingunni séu gerðar ítarlegri kröfur til lífrænnar framleiðslu í gegnum allt framleiðsluferlið, allt frá öflun aðfanga til markaðssetningar lokaafurða. Lífræn vottun og eftirlit verður áfram hjá sjálfstætt starfandi vottunarstofum sem starfa undir eftirliti Einkaleyfastofunnar. Fram til þessa hefur vottunarstofan Tún verið eini aðilinn sem hefur faggildingu til að votta lífræna framleiðslu á Íslandi.

Meira rýmis krafist

Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Vottunarstofunnar Túns, segir að framleiðendur hafi tækifæri til að ljúka framleiðslu sem hafin var fyrir tíma innleiðingar og markaðssetja hana sem lífræna, þannig að bændur hafa þokkalega rúman tíma til að gera breytingar, að því leyti sem þeirra er þörf, áður en næsta framleiðslu- og/eða ræktunartímabil rennur upp. „Úttektir sem gerðar eru frá og með júnímánuði veita bændum og öðrum framleiðendum kost á að kortleggja hvaða breytingar gera þarf til þess að kröfur samkvæmt hinni nýju löggjöf verði uppfylltar þegar næsta úttekt fer fram," segir hann. Helstu breytingar gagnvart landbúnaðinum eru að sögn Gunnars að nú sé krafist meira rýmis fyrir hvern grip í búpeningshúsum. „Til dæmis er lágmarksrými á hverja kind 1,5 fermetri í stað 1,0 fermetra áður. Þá verður allt búfé að hafa aðgang að heilum gólfum í legurými, þar með talið sauðfé, en þó má allt að 50 prósent legurýmis í fjárhúsum vera grindur ef þær eru í góðu ásigkomulagi. Þá þurfa bændur sem nota kjarnfóður að finna hentugan lífrænan próteingjafa í stað fiskimjöls sem ekki er lengur leyft til fóðrunar jórturdýra. Ýmsar aðrar breytingar koma til framkvæmda, þótt þær hafi að líkindum minni áhrif, og má meðal annars nefna að framvegis þurfa eftirlitsaðilar að taka sýni afurða til efnagreiningar hjá hluta vottaðra framleiðenda."

Reynir á ráðunauta og stuðningskerfið

Gunnari er ekki kunnugt um að framleiðendur hafi hætt eða muni hætta vegna innleiðingar hinna nýju reglugerða. „Ég tel ástæðu til að ætla að flestir eða allir núverandi bændur muni halda áfram í lífrænum búskap, en það mun hins vegar ekki að fullu koma í ljós fyrr en líður á árið og nýtt framleiðslutímabil nálgast. Þau ákvæði sem mest áhrif kunna að hafa á framkvæmd eldis og ræktunar eru ekki þess eðlis að þau séu óyfirstíganleg. Þar reynir annars vegar á ráðunauta leiðbeiningaþjónustunnar um að setja fram hagnýtar leiðir til að leysa málin, og hins vegar á stuðning til aðlögunar og breytinga samkvæmt reglugerð um fjárstyrki til lífrænnar framleiðslu. Hvort tveggja á að veita bændum þann tilstyrk sem til þarf."

Erfiðar kröfur fyrir sauðfjárbændur

Hér í blaðinu 9. mars síðastliðinn var rætt við Höllu Steinólfsdóttur, sem stundar lífrænt vottaðan sauðfjárbúskap í Ytri-Fagradal á Skarðsströnd, og Ólaf Dýrmundsson, fulltrúa Íslands í Evrópusambandshópi lífrænna landbúnaðarhreyfinga og fyrrverandi ráðunaut í lífrænum búskap, um fyrirhugaðar breytingar. Bæði lýstu þau áhyggjum sínum af þeim og töldu hættu á því að einhverjir sauðfjárbændur myndu hætta með lífræna vottun, gengi innleiðingin í gegn með þessum hætti. „Ég hef verið að ræða þetta við félaga mína sem líst alls kostar illa á þessi áform. Ef það á að fara að taka hart á þessum skilyrðum sem snúa að fjárbúskapnum – varðandi grindargólfin og rýmisþörfina – þá er ég ekki viss um að við lifum það af í lífrænum búskap. Það myndi hreinlega vera of kostnaðarsamt að fara út í svo miklar breytingar. Við byggðum stórt hús árið 2005 með grindargólfi til þess að hagkvæmara sé að hirða búfjáráburðinn. Lömbin fæðast þar en eru mestan sinn líftíma frjáls um fjöll og dali og koma inn að hausti til að fara á sláturbíl. Aðgengi að hálmi til undirburðar hér á landi er ekki sambærilegt því sem er í Evrópu," sagði Halla.

Ólafur sagði að breytingarnar gætu orðið til þess að lífrænt vottuð sauðfjárrækt leggist niður hér á landi. „Ekki verður tekið tillit til sérstakra aðstæðna hér norður frá og svo standast rök ekki fyrir hertum kröfum. Það eru til dæmis engin vísindaleg rök fyrir því að banna fiskimjöl í fóðri jórturdýra. Rýmiskrafan í fjárhúsum verður líka sérkennileg í því ljósi að með henni eru gerðar kröfur um meira en tvöfalt það rými sem gildir í aðbúnaðarreglugerð fyrir hefðbundin fjárbú. Þarna er auðvitað verið að miða við evrópsk kyn – sem eru flest stórvaxnari og þyngri," sagði Ólafur.

Útflutningshagsmunir vegna þörungaafurða

Í umfjöllun blaðsins 9. mars var enn fremur leitað svara í ráðuneytinu varðandi þá ákvörðun að hverfa frá aðlögunarkröfunum. Guðmundur Kristján Jónsson, aðstoðarmaður Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, svaraði því þannig að það væri vegna útflutningshagsmuna – að ef Ísland héldi kröfum sínum til streitu væri hætta á að lífræn vottun á íslenskum afurðum fengist hvort eð er ekki viðurkennd á innri markaðnum þar sem eldri reglur væru í gildi. „Stærstur hluti útflutnings lífrænna afurða er með þörungaafurðir sem hefur farið vaxandi. Þar að auki er mikilvægt fyrir neytendur að reglur ESB taki gildi. Íslenskar reglur um lífræna landbúnaðarframleiðslu hafa ekki verið uppfærðar í sex ár. Listar yfir ríki utan EES og framleiðendur þaðan, sem framleiða lífrænar vörur sem standast kröfur ESB, eru ekki í notkun hér. Eftirlit með innflutningi á lífrænt ræktuðum vörum mun því batna með þessum reglum," sagði í svarinu.

Löggjöfin samanstendur af 41 svokallaðri gerð sem innleiddar eru með tveimur innleiðingarreglugerðum; annars vegar um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og hins vegar um fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá löndum utan Evrópu. /*smh*



Enginn skortur var í kjötdeildinni í Costco þegar blaðamaður var á ferðinni á dögunum. Mynd / smh

Costco stefnir að lægsta verði miðað við gæði:

Eftirspurn eftir ferska kjötinu farið langt fram úr væntingum

– nota eigin aðferðir í eigin kjötvinnslu við kjötskurð

Óhætt er að segja að innkoma Costco inn á matvörumarkaðinn íslenska hafi með ýmsum hætti haft veruleg áhrif á verslun með matvöru í landinu. Nýjar matvörur sjást í fyrsta skipti á Íslandi í versluninni og verðlag á ýmsum vörum sem hafa flokkast sem munaðarvörur er í einhverjum tilvikum mun lægra í Costco en Íslendingar hafa átt að venjast.

Steve Barnett, viðskiptastjóri Costco fyrir Bretland og Ísland, var spurður út í nokkur atriði í vöruúrvalinu sem hafa vakið forvitni; til að mynda varðandi aðföng, kjötskurð, gæðastjórnun og verðlag.



Í viðskiptum við 40 íslenska birgja

„Við flytjum til Íslands grænmeti og ávexti sem er gæðastjórnað með annarri vöru sem við seljum um allan heim. Okkar kjötbirgjar í fersku kjöti eru á Íslandi og við erum í viðskiptum við nokkra af þeim helstu þar," segir Steve Barnett. Þegar hann er spurður út í hvort þeir biðji um einhverja sértaka skurði á skrokkunum segir hann að þeir séu með sína eigin kjötiðnaðarmenn í verslununinni sem vinna kjötið eftir þeirra eigin aðferðum. „Eftirspurnin eftir ferska kjötinu okkar hefur farið langt fram úr okkar væntingum og það hafa komið dagar þar sem við höfum orðið uppiskroppa með tilteknar vörur. Nú vinnum við náið með okkar birgjum að bregðast við þessu og hafa vöruframboðið í þessum kjötvörum stöðugra.

Megnið af því sem ég myndi kalla mjólkurvörur er fengið frá Íslandi. Við erum með osta frá Íslandi, Bretlandi, Frakklandi og Ítalíu. Meira en 40 prósent af okkar grunnlager er af íslenskum uppruna, en auðvitað er þetta breytilegt eftir árstíma þar sem við erum alltaf að prófa nýjar ostategundir frá mismunandi löndum."

Það er stefna okkar eins og er að ræða ekki um viðskiptasambönd við birgja, þannig að ég get ekki gefið upp hverjir þeir eru. Ég get þó sagt að vörunúmerin eru yfir 200 sem við eigum í viðskiptum með, við yfir 40 íslenska birgja – þar með talið hráefni sem við notum fyrir okkar eigin framleiðslu á tilbúnum réttum og í bakaríinu," segir Steve Barnett.



Steve Barnett. Mynd / Costco

Stefnt að lægsta verði miðað við gæði

Steve Barnett er spurður út í verðstefnuna í ávextum og grænmeti – hvort það sé markmið að keppa við verð í sambærilegum íslenskum verslunum. Hann segir auðvelt að svara þessu, því það sé yfirlýst stefna fyrirtækisins að sjá meðlimum sínum fyrir gæðavöru á sem lægsta verði. „Það er mögulegt að meðlimir okkar geti keypt ódýrari vörur annars staðar, en það er ekki mögulegt að fá vörur í þeim gæðaflokki sem við bjóðum ódýrari í öðrum verslunum.

Þannig að það má segja að við erum með skýra stefnu um að vera með lægsta verðið, miðað við sömu gæði. Þetta á reyndar við um allar okkar vörur."

Viðskiptavinir hafa tilfinningu fyrir gæðum og virði vara

Sem kunnugt er stóð Ríkisútvarpið fyrir verðkönnun á dögunum þar sem 49 vörutegundir voru valdar með aðstoð ASÍ og verðlag þeirra borið saman á milli verslana Krónunnar, Bónus og Costco. Niðurstaðan var sú að verðlag á vörunum var oftast dýrast í Costco, en líka oftast ódýrast. Samanlagt var innkaupakarfan aðeins meira en helmingi dýrari í Costco en í Krónunni og Bónus, þar sem verðlag samtals var svipað.



Hér má sjá upprúllaða bringukolla og nautalundir.

Þegar Steve Barnett er spurður um álit hans á þessari könnun, segir hann að það sé trú þeirra hjá Costco að viðskiptavinirnir hafi tilfinningu fyrir gæðum og virði varanna. „Margar vörur sem notaðar voru til samanburðar í könnuninni, voru ekki sambærilegar í gæðum og þess vegna gefur könnunin ekki sanna mynd af virði okkar vara," segir hann. /*smh*

Opið hús og tilboðsdagur.
Laugardaginn 15. júlí frá kl. 12-16

Laugardaginn 15. júlí næstkomandi ætlum við í Kraftvélum að hafa opið hús og bjóða gestum og gangandi í heimsókn til okkar. Dagurinn verður tileinkaður tilboðsverðum og verða sölumenn okkar í samningsstuði allan daginn, við verðum með frábær tilboð af nýjum tækjum og aukahlutum en **sérstaklega** góð verð af öllum notuðum tækjum!

Grillið okkar verður í gangi allan daginn og bjóðum við upp á pylsur og meðlæti.
Kíktu í heimsókn til okkar og gerðu góð kaup, hvort sem það eru notuð tæki, heyvinnutæki eða aukahlutir.



Dæmi um verðbreytingar:
New Holland BR560 Combi (árg. 2005)
Verð áður 2.650.000 (án vsk)
Verð **núna 1.990.000 (án vsk)**



Fella heyvinnutæki

Eigum til góðan lager af Fella heyvinnutækjum sem verður til sýnis á opna húsinu okkar



Junkkari sturtuvagnar

Eigum til tvær stæðir á lager, bæði 10t og 13t sturtuvagna



Abbey haugsugur

Vorum að fá nýja sendingu af Abbey haugsugum í New Holland litum

Gerðu okkur tilboð



New Holland TL100A
Árg. 2008
Listaverð kr. 3.290.000 (án vsk)



New Holland T5.115
Árg. 2013
Listaverð kr. 6.890.000 (án vsk)



McCormick CX105
Árg. 2007
Listaverð kr. 3.890.000 (án vsk)



Pöttinger EuroHit 69N
Árg. 2007
Listaverð kr. 690.000 (án vsk)



Pixy T35
Árg. 2015
Listaverð kr. 2.290.000 (án vsk)



Landini Powerfarm 95 2x4
Árg. 2006
Listaverð kr. 2.390.000 (án vsk)



Miller skóflur, vökvafleygar og hraðtengi

Eigum til fjölbreyttan lager af Miller aukahlutum fyrir vinnuvélar, hvort sem það eru skóflur, vökvafleygar eða hraðtengi.



Atlas Copco / Dynapac

Eigum til fjölbreytt úrval af Dynapac þjöppum, völturum, ljósaturnum og rafstöðvum.

KRAFTVÉLAR

Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnisgata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

FRÉTTIR



Framkvæmdir eru hafnar við byggingu fjögurra nýrra íbúða á Grenivík, en eftirspurn hefur verið mikil eftir húsnæði í hreppnum.

Grenivík:

Fjórar nýjar íbúðir í byggingu

Skrifað hefur verið undir verksamning milli Grýtubakkahrepps og Trégrips ehf. um byggingu fjögurra nýrra leiguíbúða á Grenivík.

Byggðar verða tvær 2ja herbergja íbúðir og tvær 3ja herbergja í einu raðhúsi við Kirkjuveg nr. 1 til 3. Verksamningur hljóðar upp á 87 milljónir króna og er áformað að byggingu þeirra verði lokið á næstu 12 mánuðum. Trégrip mun skila íbúðunum fullbúnum með frágenginni lóð og bílastæðum.

Biðlisti eftir íbúðum hefur verið að lengjast hjá sveitarfélaginu, þrátt fyrir að byggðar hafi verið 4 íbúðir undirfarin 3–4 ár. „Vonandi léttir þessi framkvæmd aðeins á, en hún mun þó vart ná að anna þeirri eftirspurn sem er eftir húsnæði. Stefnt er að því að selja einhverjar af íbúðum sveitarfélagsins á næstu árum þegar færi gefast, en óvíst hvenær það verður," segir í frétt á vefsíðu hreppsins. */MÞÞ*

Skagaströnd:

Lúpínu eytt á Spákonufellshöfða

Hafist var handa við það í byrjun vikunnar að eyða lúpínu á Spákonufellshöfða. Fimm manna hópur sjálfboðaliða frá Umhverfisstofnun tekur þátt í verkinu.

Markmiðið er að hefta útbreiðslu lúpínunnar í friðlandi Höfðans og endurheimta gróðursvæði sem lúpínan hefur lagt undir sig. Hópurinn mun vinna í nánu samstarfi við áhaldahús og vinnuskóla Skagastrandar. Þar sem verkið er ekki auðvelt viðureignar auglýsti sveitarfélagið eftir sjálfboðaliðum til að taka þátt. „Með samstilltu átaki má ná enn betri árangri," segir á vef Skagastrandar. */MÞÞ*

Blönduós:

Skoða aðstæður fyrir gagnaver

Sveitarstjóri Blönduósbæjar átti fund á dögunum með fulltrúum frá Borealis Data Center en fyrirtækið er að leita eftir hentugri staðsetningu fyrir gagnaver þar sem nægt landrými er og gott aðgengi að raforku.

Stefnt er að því að fulltrúar fyrirtækisins komi til Blönduóss í sumar til að skoða aðstæður. Þetta kemur fram í skýrslu sveitarstjóra sem lögð var fram á sveitarstjórnarfundi 13. júní síðastliðinn.

Samningar um byggingu gagnavers á Blönduósi voru nokkuð langt komnir fyrir nokkrum árum. Undirrituð var viljayfirlýsing við fyrirtækið Greenstone, sem var milliliður fyrir Morgan Stanley bankann sem hugðist hýsa sín rafrænu gögn í gagnaverinu. Vorið 2012 slitnaði upp úr viðræðunum og Greenstone ákvað að byggja gagnaver í Bandaríkjunum.

270 fermetra lóð fyrir hendi

Mikil vinna hefur farið fram á Blönduósi við að kynna sveitarfélagið sem ákjósanlegan kost fyrir gagnaver. Búið er að eyrnamerkja í aðalskipulagi Blönduósbæjar rúmlega 270 hektara lóð undir slíka starfsemi. Nálægðin við Blönduvirkjun er mikill kostur og engin náttúruvá er á svæðinu.

Borealis var veitt framkvæmdaleyfi fyrir gagnaver í Reykjanesbæ árið 2014 á 21.000 fermetra lóð.

/MÞÞ

Ítrekað kvartað undan Vatnsnesvegi

Undanfarið hafa margar kvartanir og athugasemdir borist til Sveitarfélagsins Húnaþings vestra vegna ástands Vatnsnesvegar. Íbúar lýsa yfir áhyggjum sínum varðandi stöðu mála enda sé ástand vegarins fyrir löngu orðið óboðlegt og skapar stórhættu.

Úrbóta er þörf svo ekki komi til fleiri stórslysa á þessari leið. Athugasemdunum hefur ítrekað verið komið á framfæri við Vegagerðina og samgönguráðherra.

Nýlega barst byggðarráði Húnaþings vestra bréf frá Jónínu Helgu Jónsdóttur og Þorbjörgu Ingu Ásbjarnardóttur vegna ástands Vatnsnesvegar. Bréfið var sent íbúum og helstu hagsmunaaðilum á svæðinu og þeir hvattir til að senda inn kvörtun til Vegagerðarinnar.



Fleiri hafa sent inn bréf um málið.

Í fundargerð byggðarráðs frá síðustu viku segir að þeim athugasemdum hafi ítrekað verið komið áfram til samgönguráðherra, Vegagerðarinnar og þingmanna kjördæmisins og skorað á þá að styðja íbúa Húnaþings vestra í þessari baráttu. Byggðaráð tekur undir áhyggjur íbúanna.

/MÞÞ

Verð á loðdýraskinnum lágt í þrjú ár. Kostnaðarsamar breytingar framundan:

Líklegt að nokkrir loðdýrabændur bregði búi á næstu tveim árum

Verð á loðdýraskinnum hefur verið lágt í þrjú ár samfellt og rekstur búa víða erfiður. Árið 2020 ganga í gildi reglur um dýravelferð, til að uppfylla þær reglur þurfa margir loðdýrabændur að fara út í kostnaðarsamar aðgerðir við stækkun búra. Formaður Sambands íslenskra loðdýrabænda segir líklegt að nokkrir bændur muni bregða búi fyrir þann tíma.

Björn Halldórsson, formaður Sambands íslenskra loðdýrabænda, sagði í samtali við Bændablaðið að verð fyrir loðdýraskinn hafi verið mjög lágt frá því september 2014 og mörg loðdýrabú rekin með tapi síðan þá.

„Ég vona að botninum sé náð en ómögulegt er að segja nokkuð um það strax. Verð lækkaði mjög bratt í september 2014 og hefur ekki náð sér upp eftir það og hækkað og lækkað til skiptist um 5 til 10%.

Verðið hækkaði lítillega á uppboðum í apríl en hefur lækkað aftur í sumar."

Offramboð á skinnum

Að sögn Björns er skýringin á lágu verði offramboð á skinnum í heiminum. „Verð á skinnum voru mjög há fyrir 2014 og framleiðsla 2012–2013 gríðarlega mikil. Þau ár voru framleidd hátt í 90 milljón skinn í heiminum og verðið hríðféll í kjölfar þess.

Á þessu ári er reiknað með að framleiðslan verði 54 til 55 milljón skinn og því vonum við að verð gæti hækkað að nýju."

Danir framleiða allra þjóða mest af loðdýraskinnum og Kína fylgir fast á eftir. Kínverjar voru stærstu framleiðendur loðskinna í heiminum um tíma og framleiddu milli þrjátíu og fjörutíu milljón skinn á ári. Á þessu ári er talið að framleiðslan í Kína verði tæp tíu milljón skinn. Auk þess sem Pólverjar, Hollendingar og Bandaríkjamenn framleiða mikið af loðdýraskinnum.

Að sögn Björns er framleiðsla hér á landi um 200 þúsund skinn í ár.

Erfiður rekstur eins og er

Aðspurður segir Björn að reksturinn hjá mörgum loðdýrabændum hér á landi sé erfiður um þessar mundir og hafi verið það undanfarin ár. „Einhverjir geta þraukað áfram í nokkur ár til viðbótar þar sem verðið fyrir 2014 var mjög gott og lifað af því. Við vissum allir að verðið þá mundi ekki halda til lengdar og sumir lögðu til hliðar til mögru áranna. Það þolir samt enginn tap upp á 30 til 40% á ári til lengdar."



Frá uppboði hjá Kopenhagen Fur. Myndir / HKr.



Björn Halldórsson.

Björn segist vita um nokkra loðdýrabændur sem hyggist bregða búi. „Inn í þá ákvörðun blandast einnig nýjar kröfur um vottun allra búa eftir 2020 til að fá að selja skinn á markaði. Vottunin tengist dýravelferð og til að fá þessa vottun þurfum við að leggja út í talsverðan kostnað við að stækka búrin. Annað hjá okkur er í lagi.

Eldri loðdýrahús hér á landi eru hönnuð fyrir þá stærð af búrum sem eru í notkun í dag og eftir að búrin verða stækkuð verður nýting húsanna lélegri og tekjurnar því minni.

Kostnaður greinarinnar vegna stækkun búranna er eitthvað á annað hundrað milljónir og margir, sérstaklega þeir eldri, treysta sér ekki út í þann kostnað," segir Björn.

Samdráttur vegna minni frjósemi

Björn segist ekkert vilja spá um hvort verð fyrir loðdýraskinn muni hækka á þessu ári. „Við vitum að þrátt fyrir að ekki hafi orðið samdráttur í fjölda ásetningsdýra er nokkur samdráttur í framleiðslunni vegna minnkandi frjósemi dýranna."

Að sögn Björns gerist það á nokkurra ára fresti að frjósemi loðdýra í mörgum löndum minnkar á sama tíma án þess að nokkur hafi viðhlítandi skýringu á því.

„Frjósemi dýranna er minni í ár á öllum Norðurlöndunum en í fyrra og það sama er að segja um dýr í Austur-Evrópu. Hér á landi virðist fæðingartíðnin vera 0,2 til 0,3 hvolpum minni en í fyrra. Í Danmörku er hún um hálfum hvolpi minni sem er um ein og hálf milljón skinna. Ástandið er líklega einna verst í Póllandi þar sem á sumum búum er ekki að fæðast nema einn hvolpur á hverja læðu. Verð gæti því hugsanlega hækkað vegna þessa."

Hugsanlega hækkun á næsta ári

Næsta skinnauppboð verður í september og Björn á ekki von á neinni verðbreytingu þá. „Það er búið að selja megnið af ósköðduðum skinnunum fyrirfram. Næsta uppboð eftir það er í febrúar 2018 og hugsanleg von um að verðið mjakist upp þá," segir Björn Halldórsson, formaður Sambands íslenskra loðdýrabænda, að lokum. */VH*

KEA kaupir Norðurlyst og sameinar við Prís

KEA hefur keypt allt hlutafé í Lostæti-Norðurlyst ehf. en það er dótturfélag Lostætis Akureyrar ehf. sem er í eigu hjónanna Valmundar Árnasonar matreiðslumeistara og Ingibjargar Ringsted viðskiptafræðings.

Lostæti-Norðurlyst er eitt öflugasta veitingaþjónustufyrirtæki á Norðurlandi sem m.a. rekur veitinga- og veisluþjónustu auk fjölda mötuneyta í skólum og fyrirtækjum á Akureyri og nágrenni. Lostæti Akureyri ehf. mun hér eftir sem hingað til reka veitingaþjónustu og handverksbakarí á Austurlandi.

Samhliða þessum kaupum hefur KEA náð samkomulagi við eigendur Prís ehf. um sameiningu félaganna og mun KEA eiga 40% eignarhlut í sameinuðu félagi.

Velta upp á 500 milljónir

Prís rekur veitingaþjónustu, veitingastað í Hrísalundi á Akureyri sem og Kaffi Torg á Glerártorgi á Akureyri og er í eigu hjónanna Regínu Gunnarsdóttur og Rúnars Sigursteinssonar. Áætluð sameiginleg velta félaganna er rúmlega 500 milljónir króna og hjá þeim vinna alls um 60 manns í um 40 stöðugildum. Framkvæmdastjóri sameinaðs félags verður Regína Margrét Gunnarsdóttir.



Markmiðið er að efla félagið og stækka það enn frekar, bæði með innri og ytri vexti.

Halldór Jóhannsson framkvæmdastjóri KEA, segir að um áhugaverða fjárfestingu sé að ræða. Lostæti-Norðurlyst og Prís hafa byggt upp öfluga þjónustu og gott orðspor í veitingaþjónustu sinni. Sameinað félag þjónustar fjölmarga bæjarbúa á degi hverjum og hefur fjölda möguleika til vaxtar í framtíðinni. */MÞÞ*

AEG

TILBOÐSDAGAR

25% afsláttur

af öllum AEG vörum í nokkra daga



AEG 90 ÁR HJÁ ORMSSON 1927-2017

Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Lokað laugardaga í sumar

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Netverslun ORMSSON.IS

95 ÁRA ORMSSON 1922 - 2017

ORMSSON	ORMSSON	KS	SR BYGG	ORMSSON	PENNINN	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	GEISLI	TÆKNIBORG	OMNIS	BLÓMSTURVELLIR
KEFLAVÍK	ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI	SAUÐÁRKRÓKI	SIGLUFIRÐI	AKUREYRI	HÚSAVÍK	VÍK -EGILSSTÖÐUM	PAN-NESKAUPSSTAÐ	ÁRVIRKINN-SELFOSSI	VESTMANNAEYJUM	BORGARNESI	AKRANESI	HELLISSANDI
SÍMI 421 1535	SÍMI 456 4751	SÍMI 455 4500	SÍMI 467 1559	SÍMI 461 5000	SÍMI 464 1515	SÍMI 4712038	SÍMI 477 1900	SÍMI 480 1160	SÍMI 481 3333	SÍMI 422 2211	SÍMI 433 0300	SÍMI 436 6655

FRÉTTIR



Kolugljúfur í Víðidalsá.

Einn af tíu hættulegustu ferðamannastöðunum:

Aðstaða verður bætt við Kolugljúfur

Kolugljúfur í Víðidalsá er einn af tíu hættulegustu ferðamannastöðum landsins, að mati Stjórnstöðvar ferðamála. Sveitarfélagið Húnaþing vestra hefur auglýst deiliskipulag fyrir svæðið til að bæta aðgengi, öryggi, upplýsingar og umferð ferðamanna.

Skipulagssvæðið nær yfir 7,8 hektara landsvæði sem tilheyrir jörðunum Bakka og Kolugili. Kolugljúfur er á C-hluta náttúruminjaskrár. Sveitarfélagið fékk styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til að láta gera deiliskipulagið. Fyrirhugað er að bæta aðstöðu til móttöku ferðafólks og hefja gjaldtöku.

Kolugljúfur er djúpt og stórfenglegt gljúfur í Víðidalsá. Áin fellur niður í gljúfrið í Kolufossum. Gljúfrin eru kennd við tröllskessuna Kolu sem sagt er að hafi grafið þau og átt þar bústað sinn. Heimamenn hafa haft áhyggjur af því á liðnum misserum að slys gæti orðið við gljúfrið, enda fari ferðamenn oft fram á ystu nöf og standi á brúninni, en bílaumferð hefur einnig aukist umtalsvert um svæðið, á degi hverjum um 35 einkabílar, 3–5 rútur og álíka margir minni hópferðabílar.

Lítið er um merkta göngustíga og því ganga gestirnir um allt og troða í svað. Ekki er nein salernisaðstaða og ganga sumir gestir örna sinna á víðavangi. */MÞÞ*

Guðríður Gyða Halldórsdóttir sýnir á Suðureyri

Helgina 6. til 9. júlí heldur Guðríður Gyða Halldórsdóttir myndlistarsýningu í Helgahúsinu á Suðureyri.



Verður sýningin opin frá kl. 11 til 15 alla dagana. Gyða hefur lengi fengist við að mála og þá einkum myndir frá sinni heimabyggð, fæðingarstaðnum Suðureyri, og víðar af Vestfjörðum og Vesturlandi. Myndir hennar einkennast af



Guðríður Gyða Halldórsdóttir.



tærum litum og léttleikandi stíl, þær endurspegla meðal annars mannlífið og byggðir á þeim slóðum á seinni hluta síðustu aldar.

Til Suðureyrar kemur Guðríður Gyða frá Hólmavík, þar sem hún hélt sýningu dagana 30. júní til 2. júlí.





Lars Petter Bartnes hlaut yfirburðakosningu til áframhaldandi formennsku í norsku bændasamtökunum og sama má segja um varaformanninn, Bjørn Gimming, en Frøydis Haugen kemur ný inn sem annar varaformaður.

Myndir / Norges Bondelag

Ólga hjá norskum bændum

Ársfundur norsku bændasamtakanna var haldinn dagana 13.–15. júní síðastliðinn í Sarpsborg. Eins og við mátti búast var samningsrof við ríkið eitt af hitamálum fundarins en þó voru rándýr og landgræðsla þau málefni sem mesta umræða varð um á fundinum.

Í nýlegri könnun kemur í ljós að landbúnaður í Noregi stendur fyrir 22 prósenta eyðileggingu á ræktanlegu landi á árunum 2004–2015.

Á tímabilinu byggðu norskir bændur niður að meðaltali 1.750 hektara á ári af góðu ræktanlegu landi en um 72 prósent landsins er talið mjög gott ræktanlegt land.

Landgræðsla verði sett skör hærra

Norski landbúnaðarráðherrann, Jon Georg Dale, brýnir nú fyrir greininni að setja landgræðslu enn ofar til að lagfæra þessa tölfræði. Það kom einnig forsvarsmönnum norsku bændasamtakanna á óvart að greinin stendur fyrir einum fimmta af eyðileggingunni. Á sama tíma er um 16 prósenta eyðilegging á ræktanlegu landi sem fer í vegi og lestarteina en mestur hlutinn fer til bygginga á húsnæði, eða um 26 prósent.

Mikil umræða skapaðist á fundinum um rándýrapólitíkina en bændur voru vægast sagt illir yfir sinnuleysi stjórnvalda í þeim efnum en margir sauðfjárbændur hafa misst fé sitt í kjaft á úlfaflokkum sem leika sauðfé grátt. Á dögunum fundust 100 kindur sundurbitnar og dauðar í Hedmark- og Oppland-fylki sem talið er að úlfalæða frá Svíþjóð hafi ráðist á. Stjórnvöld hafa nú meðal annars leigt inn tvo veiðihunda frá Svíþjóð til að taka á ástandinu á þessu svæði.



Hér takast landbúnaðarráðherrann norski, Jon Georg Dale, og formaður norsku bændasamtakanna, Lars Petter Bartnes, í hendur en mikil óánægja er milli bænda og ríkis um þessar mundir.

Samingsslit við ríkið

Á fundinum urðu samningsslit við ríkið einnig heitt mál og var bændum þakkað fyrir þá samstöðu sem varð í kjölfarið. Um einn milljarður norskra króna var á milli krafna bændasamtakanna og þess sem ríkið var til í að koma til móts við bændur.

Vilja sömu hækkun og aðrar stéttir

Bændasamtökin kröfðust ramma upp á 1.450 norskar krónur en ríkið bauð upp á 450 milljónir. Þetta þýðir tekjuaukningu upp á 2,25% á meðan aðrar starfsstéttir eiga von á um 3,1% í tekjuaukningu sem þýðir að bændum var boðið 8.100 norskar krónur í aukningu á ársverk á meðan aðrar stéttir munu auka innnkomu sína um 16.700 norskar krónur á hvert ársverk, eða helmingi meira en bændur.

Degi eftir að ársfundinum lauk afgreiddi norska þingið búvörusamningana eða uppgjör samningsins. Þingið ákvað að útgjaldaramminn skyldi verða 625 milljónir norskra króna sem er enn langt frá kröfum bænda og er því þungt hljóð í forsvarsmönnum norsku bændasamtakanna þessa dagana.

Lars Petter Bartnes fékk yfirburðakosningu til áframhaldandi formennsku í samtökunum og Bjørn Gimming sömuleiðis sem varaformaður. Nýr annar varaformaður kom inn fyrir Britu Skallerud en það er Frøydis Haugen frá Hörðalandsfylki. */ehg*

Bústólpi og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML):

Semja um áframhaldandi ráðgjöf til kúabænda

Bústólpi og RML hafa endurnýjað samkomulag sitt þriðja árið í röð um gerð fóðuráætlana í haust og ráðgjöf til bænda.

Með samkomulaginu hyggst Bústólpi bjóða áfram sínum tryggu fóðurkaupendum upp á fría grunnþjónustu við fóðuráætlanagerð sem felst í töku heysýna, efnagreiningu og gerð fóðuráætlunar. Viðskiptavinum bauðst einnig í fyrra að fá ráðgjafa RML í heimsókn eftir að fóðuráætlun hafði verið gerð. Þetta reyndist afar vel og verður því þessi þjónusta einnig í boði í ár.

„Samstarf RML og Bústólpa hefur gengið mjög vel og í gegnum það hafa ráðunautar unnið með mjög mörgum bændum og skapað ný tengsl. Markmið RML í fóðurráðgjöfinni er alltaf að finna bestu lausnina fyrir bændur. Við hjálpum



Berglind Ósk, fóðurfræðingur hjá RML og Hanna Dögg Maronsdóttir hjá Bústólpa.

þeim að finna það sem hentar best miðað við þeirra forsendur, hverjar svo sem þær eru,“ segir Berglind Ósk, fóðurfræðingur hjá RML.

RML hefur byggt upp öflugt starf á sviði fóðurráðgjafar og hafa ráðunautar þeirra víðtæka þekkingu og reynslu á því sviði og þá sérstaklega fóðurráðgjafar til kúabænda. Við fóðuráætlanagerð er stuðst við samnorræna fóðurmatskerfið NorFor ásamt sérhæfðum forritum. Það veitir RML forskot í sérhæfðri og fyrsta flokks ráðgjöf til íslenskra bænda.

„Við leggjum áherslu á góða og faglega þjónustu við okkar viðskiptavini. Það er okkur mikilvægt að bændur geti hámarkað sínar afurðir á sem hagkvæmastan hátt með því að fá faglega ráðgjöf um fóðrun og aðstoð við val á kjarnfóðri sem hentar hverju sinni á móti gróffóðri. Við erum því afar ánægð með þetta farsæla samstarf Bústólpa og RML,“ segir Hanna Dögg, sölu- og markaðsstjóri Bústólpa.

Lífið tók miklum breytingum

Bio Kult Candéa hylkin veita öfluga vörn gegn Candida sveppnum í meltingarvegi. Unnur Gunnlaugsdóttir segir notkun hylkjanna það eina sem hafi virkað í baráttu hennar við síendurtekin meltingaróþægindi.

Unnur Gunnlaugsdóttir fékk fyrst sveppasýkingu fyrir fjórtán árum síðan og fékk í kjölfarið síendurteknar óþægindi. „Ég hef prófað allt til að losna við Candida sveppinn, allt frá grasalækningum til lyfseðilsskyldra lyfja til að losna við þennan ófögnuð en ekkert hefur virkað. Ég minnkaði líka mjög neyslu á einföldum kolvetnum en það hafði ekkert að segja. Tímabilið í kringum blæðingar var algjör hryllingur, stanslaus sviði og vanlíðan, ég var orðin mjög þunglynd," segir Unnur. Hún segir líf sitt hafa tekið miklum breytingum eftir að hún fór að taka inn Bio Cult Candéa hylkin. „Ég er algjörlega laus við sviða og kláða og önnur óþægindi sem fylgja Candida sveppnum. Að auki get ég loksins farið í sund og nýt þess að fara í sund reglulega með börnunum mínum, þvílíkur munur. Ég hiklaust mæli með og mun halda áfram að nota Bio Kult Candéa. Bio Kult Candéa er öflug blanda af vinveittum gerlum, hvítlauk og grape seed extract. Það virkar sem öflug vörn gegn Candida sveppnum í meltingarvegi kvenna og karla. Candida í meltingarvegi getur lýst sér á mismunandi hátt og komið fram með ólíkum hætti. Einkenni Candida sveppsins geta meðal annars verið munnangur, fæðuóþol, pirringur, skapsveiflur, þreyta, meltingartruflanir, brjóstsviði, verkir í liðum, mígreni og alls kyns húðvandamál. Bio Kult Candéa er öflug vörn gegn Candida sveppnum á viðkvæðum svæðum hjá konum.



Unnur segir notkun á Bio Kult Candéa hylkjunum hafa breytt lífi sínu.
Hún er laus við síendurtekin óþægindi af Candida sem hrjáðu hana áður í mörg ár.

Síþreytan er í þörmunum

Heilbrigð þarmaflóra, betri melting, betra jafnvægi.

Á undanförum misserum hafa verið kynntar fjölmargar niðurstöður rannsókna sem benda til mikilvægis þess fyrir almenna heilsu að viðhalda góðu jafnvægi á bakteríuflóru þarmanna. Á dögunum var t.d. birt vísindagrein um tengsl milli bakteríuflórunnar og síþreytu. Ástæður síþreytu hafa fram til þessar verið óljósar og hún jafnvel verið tengd við andleg veikindi. Síþreyta lýsir sér eins og nafnið gefur til kunna í sífelldri þreytu sem stundum varir svo mánuðum og árum skiptir. Einnig getur borið á t.d. einbeitingarskorti, eirðarleysi, hægari hugsanastarfsem, þyngra skapi og meiri áhyggjum. Skv. rannsókninni er talið að ákveðnar bakteríur hafi áhrif á efnaskipti líkamans og getu hans til að taka upp næringarefni, raska þannig orkujafnvægi líkamans og valda bólgum sem geta valdið óþægindum.* Allt þetta valdi sífelldri þreytu og öðrum einkennum síþreytunar.

Það er því mikilvægt að huga vel að bakteríubúskap þarmanna með því að taka inn vandaða góðgerla.

Bio Kult góðgerlar styrkja þarmaflóruna og stuðla að betri heilsu.

Heimild: *https://www.thetimes.co.uk/article/e79b3816-29e9-11e7-9d2e-96f2194e0ac4



IceCare vörurnar fást í apótekum,
heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

Sjá nánar á www.icecare.is – Þú finnur okkur á:

Femarelle er dásamlegt fyrir konur á breytingaskeiði

Fermarelle er náttúruleg vara, unnin úr soya og vinnur á einkennum tíðahvarfa hjá konum. Hitakóf, nætursviti, skapsveiflur og verkir í liðum og vöðvum eru algeng einkenni tíðahvarfa. Virkni þess hefur verið staðfest með fjölda rannsókna á undanförnum 13 árum.



„Ég las um Femarelle og leist vel á að prófa hormónalausa meðferð og hef tekið það inn í nokkra mánuði og er búin að endurheimta mitt fyrra líf," segir Eva Ólöf Hjaltadóttir, 71 árs. „Mér hafði ekki liðið nógu vel og var farið að finnast óþægilegt að vera mikið innan um fólk. Mér fannst ekki gott að vera í hávaða og hafði því einangrast félagslega," segir hún.

„Eftir að ég hafði tekið Fermarelle í sex mánuði hætti ég að svitna eins og áður og er núna í sama bolnum allan daginn og er hætt að finna fyrir verkjum. Það besta er að börnin mín og tengdabörn hafa orð á því hvað ég sé orðin hress. Að auki hef ég misst 11 kíló án þess að reyna það sérstaklega. Ástæðan er sú að mér líður betur og ég get hreyft mig óhindrað. Ég er svo ánægð með Femarelle hylkin að ég mæli með þeim við allar vinkonur mínar."

Eva Ólöf Hjaltadóttir



„Ég ákvað að prófa Femarelle síðasta vetur eftir að hafa lesið frásögn konu í blaði þar sem hún lýsti ánægju sinni með vöruna," segir Soffía Káradóttir sem á þeim tíma var að byrja á breytingaskeiðinu en vildi ekki nota hormóna. „Ég fann fyrir hitakófum, fótaóeirð, skapsveiflum, líkamlegri vanlíðan og vaknaði oft upp á nóttunni."

Eftir að Soffía hafði tekið Femarelle inn í aðeins 10 daga hurfu öll einkenni breytingaskeiðsins. „Nú fæ ég samfelldan svefn, finn ekki lengur fyrir hitakófum eða fótaóeirð og líður mun betur á allan hátt og er í góðu jafnvægi. Ég get ekki ímyndað mér hvernig mér liði í dag ef ég hefði ekki kynnst þessu dásamlega undraefni."

Soffía Káradóttir



Femarelle er fáanlegt í apótekum, heilsuverslunum og í heilsuhillum stórmarkaða.
Nánari upplýsingar má nálgast á icecare.is og á Facebook-síðunni IceCare - þín heilsa

FRUM - www.frum.is

FRÉTTIR

Extreme Chill Festival í Reykjavík 6.–9. júlí

Íslenska tónlistarhátíðin Extreme Chill Festival verður haldin í Reykjavík helgina 6.–9. júlí.



Hátíðin mun eiga sér stað á sex mismunandi stöðum í miðborginni, í Húrra, Fríkirkjunni, Bíó Paradís, Mengi, Lucky Records & Miðgarður-Center Hotels.

Extreme Chill Festival er fjögurra daga tónlistarveisla þar sem íslenskir og erlendir listamenn með ólíkan bakgrunn á öllum aldri mætast í sköpun sinni undir áhrifum íslenskrar náttúru. Þetta verður leyndardómsfullt ferðalag um rafræna Reykjavík.

Í ár kemur mikill fjöldi listamanna fram á hátíðinni sem verður með enn stærra sniði en áður. Heimsþekktir tónlistarmenn á við The Orb (UK), Mixmaster Morris (UK), Courtesy (DK), Christoper Chaplin (UK), Studnitzky (DE), mæta íslenskum tónlistarmönnum í hæsta gæðaflokki. Fremsta í flokki má nefna Jónas Sen, Jón Ólafsson & Futuregrapher, Gyða Valtýsdóttir, Stereo Hypnosis, Reptilicus, Tonik Ensemble, Mikael Lind, SiGRÚN, Poco Apollo (Halldór Eldjárn) ofl.

Í tengslum við hátíðina í ár verður frumsýnd í Bíó Paradís heimildamyndin um The Orb „Lunar Orbit“ sem hefur unnið til fjölda verðlauna víða um heim: www.lunarorbitfilm.com

Takmarkaðir miðar verða í boði í ár og kostar passinn á hátíðina aðeins 7.900 kr. Við hvetjum því fólk til að tryggja sér passa tímanlega en síðustu ár hefur selst upp og komust færri að en vildu. Passinn gildir líka á tónleika The Orb laugardaginn 8. júlí á Húrra.



Viðburðir:

6. júlí - Lucky Records (passi gildir/Frítt inn)
6. júlí - Mengi (Miðasala við hurð, takmarkaðir miðar í boði)
7. júlí - Bíó Paradís - Lunar Orbit: The Orb Movie (passi gildir, miðasala við hurð)
7. júlí - Húrra (Tryggvagata 22) passi gildir, dagspassi eða miðasala við hurð.
8. júlí - Miðgarður - Center Hotels - Frítt Inn.
8. júlí - Húrra (Tryggvagata 22) passi gildir, dagspassi eða miðasala við hurð
9. júlí - Fríkirkjan, Reykjavík (passi gildir, dagspassi eða miðasala við hurð.



Fjölbreytt dagskrá í boði á Hvanneyrarhátíð

Hvanneyrarhátíðin verður haldin laugardaginn 8. júlí nk. frá kl. 13.30 til 17 á Hvanneyri í Borgarfirði. Þennan dag taka heimamenn vel á móti gestum og gangandi með fjölbreyttri dagskrá fyrir alla fjölskylduna.

Upphaf hátíðarinnar má rekja til Safnadagsins sem Landbúnaðarsafn Íslands tók þátt í, og bauð þá velunnurum sem og gömlum nemendum að koma á Hvanneyri og kíkja á safnið, sér að kostnaðarlausu og hitta gamla félaga og vini. Nú hefur Safnadagurinn verið færður fram í maí og Hvanneyrarhátíðin stendur nú sem sér viðburður sem hefur vaxið fiskur um hrygg undanfarin ár og fjöldi gesta margfaldast á milli ára.

Heyvagnaakstur og opið fjós

Meðal dagskrárliða í ár eru heyvagnaakstur, opið fjós hjá Hvanneyrarbúinu, leiðsögn verður um Yndisgarða, markaður í gömlu íþróttahöllinni, leiðsögn um gömlu Hvanneyrartorfuna með Sveini Hallgrímssyni, tónlistaratriði, húsdýr verða á staðnum og ýmsir leikir verða í boði fyrir börnin. Eigenda- og ræktendafélag landnámshænsna mun einnig vera með sína árlegu landnámshænsnasýningu á hátíðinni. Þá mun matsala vera á vegum Kvenfélagsins 19. júní, Skemmunnar kaffihúss og Hvanneyri pub.

Frítt á Lanbúnaðarsafnið

Frír aðgangur verður að Landbúnaðarsafni Íslands og ætla konurnar sem standa að Ullarselinu að leika listir sínar. Einn af vinsælustu viðburðunum er innkoma Fornbílafjelags Borgarfjarðar sem mun stilla bifreiðum sínum upp ungum sem öldnum til gamans ef veður leyfir.

Tenging fyrrverandi nemenda Bændaskólans við Hvanneyri er sterk og hjá mörgum er það orðinn fastur liður að sækja Hvanneyrarhátíðina heim þar sem gamlir og góðir tímar eru rifjaðir upp.

Formleg dagskrá hefst kl. 13.30 og lýkur henni kl. 17.00. Allar nánari upplýsingar um hátíðina og dagskrá má finna á Facebook-síðunni www.facebook.com/hvanneyrarhatid.



Björgvin Jóhannesson stýrir Hótel Kötlu rétt austan við Vík. Hann er nýkjörinn formaður Félags ferðaþjónustubænda.
Mynd / smh

Ferðamenn sólgnir í upplifun á sögunni

– Ferðaþjónustubændur hafa staðið sig vel í að auka afþreyingarmöguleikana

Björgvin Jóhannesson stýrir Hótel Kötlu, rétt austan Víkur í Mýrdal. Hann var á dögunum kjörinn formaður Félags ferðaþjónustubænda. Hann telur að ferðaþjónustan á Íslandi sé á réttri leið en vaxtarverkir hafi verið óhjákvæmilegir í því að fylgja eftir þeirri miklu aukningu ferðamanna sem komið hafa til landsins á síðustu tveimur árum.



Björgvin segir að eitt af verkefnum ferðaþjónustunnar í landinu og Félags ferðaþjónustubænda sé að koma ferðamönnunum meira út á land – í sveitirnar. „Ég held að ferðaþjónustan á Íslandi sé á réttri leið í flestum málum en vissulega fylgja ákveðnir vaxtarverkir þessari miklu fjölgun ferðamanna undanfarin ár. Vinsælustu staðirnir eru orðnir ansi þétt setnir á álagstímum og væri gaman að sjá einhverja betri stýringu þar, til að dreifa álaginu yfir daginn,“ segir hann.

Nauðsynlegt að ríkið komi að stuðningi

„Það ætti að vera mögulegt með góðu skipulagi og samvinnu rútufyrirtækjanna. Eins þyrftu sveitarfélög í samvinnu við ferðaþjónustuaðila á hverju svæði að vera sneggri til við að koma upp viðunandi salernisaðstöðu og tryggja gott aðgengi og stýringu að vinsælum stöðum svo náttúran láti ekki á sjá.

Ég held að það sé nauðsynlegt að sveitarfélögin fái meira fjármagn frá ríkinu til uppbyggingar á vinsælum ferðamannastöðum, því eins og staðan er núna er útsvar starfsfólks og fasteignagjöld einu tekjurnar til að standa undir kostnaði. Ríkissjóður hefur gífurlegar tekjur af ferðaþjónustunni í dag, sem er frábært fyrir þjóðarbúið, en ég myndi vilja sjá stjórnvöld duglegri í að skila fjármagni til baka til greinarinnar til uppbyggingar,“ segir Björgvin um hvernig helst þurfi að bæta innviði íslenskrar ferðaþjónustu.

Ferðaþjónustubændur hafa staðið sig vel

En hvernig skyldu ferðaþjónustubændur hafa mætt þessari aukningu – margir hafa vafalaust þurft að fara í uppbyggingu? „Ferðaþjónustubændur hafa staðið sig mjög vel í að auka flóruna í afþreyingu úti á landi. Það er gaman að sjá hversu margir möguleikar eru nú í boði fyrir ferðamenn miðað við hvernig staðan var fyrir um tíu árum. Þetta á bæði við um gistingu, afþreyingu og veitingasölu.

Margir ferðamenn eru sólgnir í að upplifa söguna og tengjast nærumhverfinu og þar koma ferðaþjónustubændur sterkir inn. Mikil eftirspurn er eftir afurðum beint frá býli og upplifun gestanna verður yfirleitt meiri og betri þegar eitthvað sem kallast „local“ er á boðstólum.“

Fjölbreytt afþreying í boði við Vík

Björgvin er sem fyrr segir hótelstjóri á Hótel Kötlu, sem er í eigu foreldra hans. Hann hefur verið viðloðandi ferðaþjónustuna þar allt frá því að búskapur með sauðfé og hross var aflagður í kringum 1990 og rekstur bændagistingar hófst. Byrjað var að leigja út tvö til þrjú herbergi en nú telja þau 103 og starfa 40 manns á Hótel Kötlu yfir sumartímann.

Vík er meðal vinsælustu áningarstaða ferðamanna á Íslandi og segir Björgvin að heimamenn hafi haldið ágætlega í við fjölgunina að undanförnu. „Já, mikill fjöldi ferðamanna leggur leið sína í Mýrdalinn og hefur uppbygging í ferðaþjónustu verið umtalsverð á síðustu árum. Reynisfjara og Dyrhólaey hafa mikið aðdráttarafl og fjölbreytt afþreying er hér í boði, til dæmis jeppaferðir, ísklifur, jöklagöngur, hestaleiga, svifvængjaflug og veiði.

Þessi fjöldi ferðamanna hefur haft þau jákvæðu áhrif á samfélagið að hægt er að velja úr fjölda veitingastaða, afgreiðslutími verslana er rýmri og vöruúrval meira. Við viljum fá fleiri gesti í Mýrdalinn, en ekki endilega alla á sama tíma.

Innleiðing Vakans leiðir til aukinnar fagmennsku

Að sögn Björgvins eru spennandi tímar fram undan fyrir Félag ferðaþjónustubænda, sem telur um 180 félaga, og ýmis áhugaverð verkefni í pípunum. „Vakinn er til dæmis gæðakerfi fyrir ferðaþjónustufyrirtæki sem verið er að innleiða. Ferðamálastofa hefur umsjón með verkefninu. Nokkur fyrirtæki eru þegar komin með vottun hjá Vakanum og enn fleiri í umsóknarferli. Ég held að það séu allir sammála um það að auka þurfi gæði og fagmennsku í ferðaþjónustu á Íslandi og Vakinn er klárlega verkfæri sem ferðaþjónustuaðilar geta nýtt sér til þess. Félag ferðaþjónustubænda stefnir á að fjölga meðlimum í Vakanum á næstu misserum. Ég held að Vakinn geti verið gott verkfæri til markaðssetningar en ég vildi samt sjá meiri aðgreiningu á milli þeirra sem eru meðlimir og þeirra sem kjósa að vera fyrir utan Vakann, til dæmis varðandi gjöld og starfsleyfi.“

Eitthvað virðist hafa hægt á fjölgun þeirra erlendu ferðamanna sem heimsækja Ísland, miðað við sama tíma í fyrra. Fleiri afbókanir eru nú, að sögn Björgvins, en áður og einnig hefur dregið úr sölu á ferðum og gistingu. „Þrátt fyrir þetta er útlitið ágætt núna. Aukningin undanfarin ár hefur verið óeðlilega hröð og þarf ekki að koma á óvart að aðeins dragi úr henni, en ég hef samt áhyggjur af því að þróun gengismála – styrking krónunnar – geti hægt enn meira á vextinum. Íslandsferð erlendra ferðamanna er í dag um 25–30 prósent dýrari en fyrir tveimur árum. Þetta leiðir til þess að fólk kaupir styttri ferðir og verslar minna. Ef að svo við bætist hækkun á virðisaukaskatti á ferðaþjónustu um mitt næsta ár líst mér ekki á blikuna – sérstaklega fyrir dreifbýlið og aðila í Félagi ferðaþjónustubænda. Ég er nú þegar farinn að verða var við auknar afbókanir fyrir þetta sumar, eitthvað sem við höfum ekki upplifað síðastliðin ár. Ferðaþjónustan á Íslandi þarf því að aðlagast fljótt breyttu rekstrarumhverfi,“ segir Björgvin.

/smh

NJARÐARNES 4

STEINSMIÐJA AKUREYRAR
MINNISMERKI.IS

NJARÐARNES 4

FRÍR FLUTNINGUR UM ALLT LAND





Ekta kopar og
kristall í gluggum







YFIR 100 VALMÖGULEIKAR
SETJUM UPP Á NORÐURLANDI OG HÖFUÐBORGARSVÆÐI









s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is



STEKKUR

Hræðslan við pöddur

Það er með ólíkindum hvað mörgum er illa við pöddur, hvaða nafni sem þær nefnast. Köngulær, geitungar, blaðlýs, ranabjöllur, humlur og svo ég tali nú ekki um snigla.

Öll þessi dýr virðast í huga marga vera hræðileg óargakvikindi sem ekki mega sjást í görðum og hvað þá inni í húsum. Pöddunum skal útrýmt hvað sem það kostar.

Á hverju einasta sumri leggst annars nokkuð rétthugsandi og heilbrigt fólk í hernað sem hefur að markmiði að drepa sem allra mest af pöddum hvar sem til þeirra næst, hvort sem það er innan eða utandyra.

Öllum brögðum er beitt og ekkert eitur er svo eitrað að ekki megi nota það í baráttunni við þessa óværu. Þetta gerist þrátt fyrir að flestir viti að öll þessi dýr þjóni tilgangi í náttúrunni, hvort sem það er að frjóvga blóm eða vera fæða fyrir önnur dýr.

Smádýrin sem spretta upp á sumrin laðast flest að plöntum og eru fylgidýr aukins áhuga á garðrækt og hækkandi lofthita. Blóm og pöddur eru óaðskiljanleg og annað fæst ekki þrifist án hins. Pöddurnar frjóvga blómin og blómin eru fæða fyrir plönturnar.

Einsleitt plöntuval í ræktun veldur því að ákveðnar tegundir padda fjölga sér mikið á skömmum tíma enda framboð á fæðu mikið. Yfirleitt ganga þessi blómaskeið paddanna yfir á nokkrum vikum og plönturnar jafna sig í flestum tilfellum aftur.

Humlur og ánamaðkar eru líklega allra gagnlegustu smádýrin sem finnast í garðinum. Ánamaðkar flýta rotnun og grafa göng í jarðveginum sem vatn og næringarefni streyma um.

Fæstum er illa við ánamaðka enda fer lítið fyrir þeim og þeir sjást sjaldan nema í rigningu þegar þeir koma upp á yfirborðið til að drukkna ekki.

Annað mál gildir um humlur og margir hreinlega hræddir við þær þótt sárasaklausar séu. Á Íslandi finnast fjórar eða fimm tegundir af humlum og ættum við að fagna hverri tegund.

Víða um heim hefur býflugum fækkað gríðarlega og það mikið að til vandræða horfir í ávaxtarækt. Býflugur finnast ekki villtar á Íslandi og margir rugla þeim saman við humlur enda skyldar tegundir og sinna báðar frjóvgun blóma. Haldi býflugum áfram að fækka vegna notkunar á skordýraeitri er raunveruleg hætta á að margar ávaxtategundir hverfi af markaði.

Af öllum smádýrum sem heimsækja garðinn eru stórir sniglar að öllu jöfnu óvinsælastir. Sniglar eru hægfara, draumleit og værukær dýr sem halda sig í skugganum og líður best í röku loftslagi.

Þeim líkt og börnunum finnst jarðarber og ferskt salat gott og kunna sér ekki magamál komist þeir í slíkt sælgæti. Þeir eru einnig sólgnir í bjór og hefur það orðið mörgum sniglum og mönnum að falli.

Séu sniglar skoðaðir nánar sést að þeir eru ótrúlegir og fallegir þegar þeir líða áfram á kviðlægum fætinum og teygja augnfálmarana rannsakandi út í loftið. Ólíkar tegundir lifa á landi, í sjó og ferskvatni og þeir eru til með og án kuðungs. Sumar tegundir eru tvíkynja sem þýðir að hittist tveir sniglar undir salatinu geta þeir frjóvgað hvor annan eða sjálfan sig séu þeir einir á ferð.

Pöddur eru æði. */VH*

HLUNNINDI & VEIÐI

Hraunsfjörðurinn er flottur staður

Gunnar Bender
gunnarbender@gmail.com



Allir veiðimenn eiga sér uppáhaldsveiðistað og Ómar Smári Óttarsson segir okkur frá sínum stað.

„Já, Hraunsfjörðurinn er minn uppáhalds veiðistaður og ástæðan er að ég hef lent í svo miklum ævintýrum þarna en hef líka farið fisklaus á erfiðum og leiðinlegum dögum. Það má eiginlega segja að ég hafi fengið fluguveiðiáhugann þarna þegar ég var í útilegu með mömmu og pabba, tja, svona 11 ára. Var þá byrjaður að hnýta flugur en átti ekki flugustöng.

Ég man eftir því þegar ég var að horfa á fimm karla vera að veiða þarna og allir með fisk á í einu, fallegar sjóbleikjur sem voru að taka fluguna á krókinn. Hver veiðimaður var með 20 til 30 bleikjur en ég var ekki að ná neinu út af því að ég var ekki með flugustöng og átti ekki vöðlur heldur. En ég vildi fá allar græjur og bað um allt í jólagjöf, afmælisgjöf og sumargjöf og viti menn, ég fékk allar græjur sem ég þurfti.



Ómar Smári Óttarsson fyrir nokkrum árum með fallega bleikju í Hraunsfirði.
Mynd / G.Bender

Svo kom loksins sumarið og ég var orðinn vel spenntur og græjaður upp og hlakkaði mikið til í að fara í Hraunsfjörðinn, það var í byrjun júlí. Síðan ég fór út í fjörðinn með fullt box af flugum og þurrflugur sem ég hafði hannað sjálfur. Hún var sett undir og tekin nokkur köst og búmm, það var á og fiskinum landað. Aftur var kastað og aftur og aftur var fiskur á, þetta var geggjað.

Það var bleikja úti um allt og ég var nú ekki góður kastari en vá, ég hafði aldrei upplifað annað eins. Ég endaði með 50–60 bleikjur í þessum túr og allt var tekið á fluguna sem ég hannaði. Svo fékk pabbi flottan 9 punda lax í túrnum, þetta var bara æði.

Þetta byrjaði allt þarna í Hraunsfirðinum á þessum fallega stað. Þetta er ástæðan fyrir því að Hraunsfjörðurinn er uppáhalds staðurinn minn og ég mæli með að allir ættu að prufa og sjá þennan fallega fjörð," sagði Ómar Smári um Hraunfjörðinn.

Þetta gekk bara vel í Leirársveitinni

Laxveiðin hefur víða byrjað vel, laxinn er mættur en næstu göngur mættu vera stærri og jafnvel fleiri.

Smálaxinn þarf að mæta á svæðið í næstu flóðum, það skiptir miklu máli fyrir alla. Einnig fyrir veiðitölur sumarsins.

„Veiðin gekk bara vel. Hollið veiddi 15 laxa og ég fékk 6 laxa. Laxá í Leirársveit er skemmtileg veiðiá," segir Axel Óskarsson. Hann var á veiðum í vikunni. Laxveiðin er allt í lagi þessa dagana, en smálaxinn mætti láta sjá sig aðeins meira en verið hefur.



Axel Óskarsson með lax fyrir neðan Laxfossinn í Laxá í Leirársveit.
Mynd / G.Bender

Það var frekar rólegt yfir veiðinni en þetta var jú kringum 15 laxar, allt fyrir neðan Laxfossinn. Jú það var fiskur að ganga og eitthvað komið up peftir fyrir nokkru síðan. Kvöldvökurnar í veiðihúsinu bættu upp veiðileysið og maturinn var frábær. Vonandi fara göngurnar að skila sér svo næstu veiðimenn fái fiska," sagði Axel enn fremur.

Með tvær sleppitjarnir

„Það gengur bara vel með seiðin en við erum með tvær sleppitjarnir, eina við Hvolsána og hina við Staðarhólsána," sagði Þórarinn Birgir Þórarinsson, formaður veiðifélags Hvolsár og Staðarhólsár í Dölum.

Við hittum Þórarin fyrir fáum dögum við tjörnina við Hvolsána.

„Það er gott að gera þetta bara sjálfir, en við erum að selja í ána og á veiða.is. Það gengur bara vel, mjög vel, þetta hefur verið svona fyrirkomulag í tvö ár hérna hjá okkur," sagði Þórarinn og hélt áfram að gefa seiðunum sem tóku vel fóðrið.



Þórarinn Birgir Þórarinsson að gefa seiðunum við Hvolsána.
Mynd / G.Bender

Bændur við Miðá og Hörðudalsá í Dölum selja líka veiðileyfin sjálfir og gengur vel.



Harpa Hlín Þórðardóttir með einn af fyrstu löxunum í Laxá í Dölum þetta sumarið.
Mynd / G.Bender

Í nógu að snúast

„Já, við erum að opna Laxá í Dölum og það er gaman með fleiri veiðimönnum," sagði Harpa Hlín Þórðardóttir. Það er í nógu að snúast hjá henni við að leigja hvert veiðisvæðið af öðru með eiginmanni sínum, Stefáni Sigurðssyni.

„Það er alltaf eitthvað að gerast. Við vorum að leigja Vatnasvæði Lýsu á Snæfellsnesi fyrir fáum dögum, síðan hefur verið frábær gangur á Urriðafossinum. Frábær veiði dag eftir dag. Síðan tókum við Leirá og Skjálfandafljótið í vor, það er alltaf eitthvað," sagði Harpa. Hún var þá nýbúin að landa einum af fyrstu löxunum í Laxá í Dölum sem byrjar vel eins og fleiri veiðiár þetta sumarið.



Ásta Lilja með bleikju stöngina og urriðann. Mynd / Ómar

Fékk stóran urriða á bleika veiðistöng

„Þannig er nú það að ég var úti í Ameríku og kíkti í flotta stóra veiðibúð að nafni Cabelas og ég sá þessa flottu fluguveiðistöng," sagði veiðimaðurinn Ómar Smári Óttarsson.

„Ég hugsaði til kærustu minnar, hennar Ástu Lilju, því hún var margoft búin að segja við mig að hana langaði að byrja að veiða á flugu. Svo mér fannst þessi bleika stöng vera tilvalin fyrir hana til að byrja að veiða.

Náði stórum urriða í Litlu Laxá

Við vorum svo á ættarmóti á Hellu og vorum á leið í náttúrulaug á Flúðum og Ásta var búin að segja við mig að hana langaði að fara að veiða og prufa nýju stöngina, Þá mundi ég eftir því að það væri veiðiá á Flúðum að nafni Litla Laxá sem í væru einhverjir urriðatittir. Við ákváðum að kíkja til þess að hún fengi að æfa sig á stöngina og vonandi ná að krækja í urriða.

Það var byrjað að kasta og gekk frekar erfiðlega í byrjun, en síðan náði hún einu góðu kasti og lét fluguna reka með straumnum og þá var tekið.

Ég hélt fyrst að þetta væri einhver tittur en síðan byrjaði langur bardagi og rauk fiskurinn fram og til baka í hylnum. Þangað til að hann fór niður með straumnum og ég náði að háfa fiskinn í grynningunum. Þá kom þessi fiskur á land, fallegur 53 cm urriði, sem tók á flugu sem kölluð er Aldan.

Það má segja að hún Ásta mín hafi algjörlega smitast af veiðidellunni eftir að hafa veitt þennan flotta urriða í Litlu Laxá," sagði Ómar Smári Óttarsson.

RÆSTING SALERNISAÐSTÖÐU Í DYRHÓLAEY, MÝRDALSHREPP

Umhverfisstofnun leitar af verktaka til að sjá um þrif á almenningssalernum í Dyrhólaey.

Megin verkefni verktaka er að sjá um almenn þrif á salerninu í samræmi við verklýsingu sem Umhverfisstofnun hefur útbúið. Um er að ræða almenna umsjón með þrifum á salernishúsi sem skal þrifið einu sinni á dag allt árið og tvisvar á dag frá 1. maí til 30. september.

Nánari upplýsingar um verkefnið veitir Hákon Ásgeirsson í síma 591-2000 og á hakon@ust.is

Tilboðsfrestur er til og með 14. júlí 2017.

Umsóknir skulu sendar til Umhverfisstofnunar, á netfangið umhverfisstofnun@umhverfisstofnun.is merktar: „Tilboð í ræstingu salernisaðstöðu í Dyrhólaey".

Sjá nánari upplýsingar um Umhverfisstofnun á umhverfisstofnun.is

UMHVERFIS STOFNUN



COOL - LITE
SÓLVARNARGLER

ispan@ispan.is • ispan.is


ispan®
GLER OG SPEGLAR



Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

bíður uppá alhliða lausn fyrir hótelherbergið eða gistiheimilið.



Síðumúla 30 - Reykjavík
Sími 533 3500

Hofsbót 4 - Akureyri
Sími 462 3504

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir



HUSQVARNA FS 400 LV
Sögunardýpt 16,5 sm

HUSQVARNA K 760
Sögunardýpt 12,5 sm

HUSQVARNA K 3600 MK II
Sögunardýpt 27 sm

HUSQVARNA K 2500
Sögunardýpt 14,5 sm

HUSQVARNA DM 230

HUSQVARNA
Steinsagarblöð og kjarnaborar

MHG VERSLUN

ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verslun ehf | Akralind 4 | 201 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

Bylting fyrir hestamenn á Ísafirði:

Reiðhöll rís í Engidal

Fyrsta skóflustungan að nýrri reiðhöll á félagssvæði hestamannafélagsins Hendingar í Engidal var tekin við hátíðlega athöfn þann 28. júní.

Húsnæðið mun verða 900 fm að stærð með 20x45 m reiðhöll ásamt félagsaðstöðu fyrir hestamenn.

Húsnæðið verður fjármagnað með bótum sem Ísafjarðarbær og Vegagerðin greiða félaginu fyrir aðstöðumissi hestamannafélagsins á Búðartúni í Hnífsdal vegna framkvæmda Bolungarvíkurganga.

„Þetta er niðurstaða sem kemur upp úr áratugalöngum þrætum. Við töpuðum öllum okkar völlum og aðstöðu þegar Bolungarvíkurgöngin voru gerð og höfum því verið aðstöðulaus í 10 ár," segir Marinó Hákonarson, formaður hestamannafélagsins Hendingar.



Mæðgurnar Auður Björnsdóttir og María Sigurðardóttir tóku fyrstu skóflustunguna að nýrri reiðhöll.

50 milljón króna uppbygging

Samkomulag Ísafjarðarbæjar og hestamannafélagsins var undirritað þann 19. júní sl. Í því felst að Ísafjarðarbær og Hending stofna með sér einkahlutafélag sem sér um að reisa og reka reiðhöllina. Ísafjarðarbær leggur 30 milljónir í hlutafélagið og Vegagerðin greiðir félaginu 20 milljónir í bætur. Marinó segist vona að húsnæðið verði komið í notkun næsta vetur.

„Þetta er algjör bylting og við erum geysilega bjartsýn á framhaldið. Þetta gjörbreytir allri æfingar- og kennsluaðstöðu okkar. Hér gátum við ekki haldið nein námskeið, nema á vorin og haustin, en nú opnast möguleiki á að bjóða upp á kennslu og viðburði allan ársins hring," segir Marinó.

Hestamannafélagið Hending telur um 50 manns, en þeim hefur fækkað mikið á síðustu árum, ekki síst vegna aðstöðuleysisins. Samkvæmt Marinó halda kringum 30 manns um 110 hrossum á húsi í Engidal á veturna. */ghp*



Skógafoss. Mynd / HKr.

Umhverfisstofnun:

Skógafoss á rauðan lista

Umhverfisstofnun gefur árlega út skýrslu um ástand friðlýstra svæða á Íslandi. Á tveggja ára fresti er gefinn út svokallaður „rauði listinn – svæði í hættu" sem byggður er á ástandsskýrslunni. Sú breyting hefur nú orðið að eitt svæði, náttúruvættið Skógafoss, færist af appelsínugulum lista á rauðan lista.

Svæðið lætur mikið á sjá vegna gríðarlegrar aukningar á ferðamönnum sem heimsækja svæðið allt árið um kring. Lítil landvarsla er á svæðinu og stýringu ferðamanna um svæðið er ábótavant.

Eitt af markmiðum rauða listans er að forgangsraða kröftum og fjármunum til verndunar, að auka meðvitund um ákveðna hættu og efla samstarf meðal umsjónaraðila, hagsmunaaðila og stofnana sem koma að fjármögnun, skipulagningu, vöktun og stjórnun svæða. Þetta kemur fram á vefsíðu Umhverfisstofnunar.

Ekki nægar aðgerðir

Friðlandið Fjallabak, Helgustaðanáma, Verndarsvæði Mývatns og Laxár, Geysir og Reykjanesfólkvangur verða áfram á rauða listanum að sinni. Þær aðgerðir sem hafa verið gerðar á svæðunum að undanförnu hafa verið mikilvægar en duga ekki til að þau fari af rauða listanum að þessu sinni. Landvörslu þarf að bæta umtalsvert á öllum þessum svæðum til að auka vernd þeirra. Eitt nýtt svæði kemur inn á appelsínugulan lista, Dettifoss, vegna aukins ágangs ferðamanna og lengingar ferðamannatímabilsins.

Fjögur svæði fara af listanum

Fjögur svæði fara hins vegar alveg af listanum. Þau eru Eldborg í Bláfjöllum, Fossvogsbakkar og Háubakkar vegna þess að þar hafa aðgerðir Umhverfisstofnunar og Reykjavíkurborgar í stýringu, upprætingu framandi tegunda og fræðslu bætt stöðu mála umtalsvert.

Nokkur svæði eins og Surtarbrandsgil og Dynjandi eru á batavegi en ekki farin af listanum, þar sem flestar framkvæmdir sem áætlaðar voru eru á lokametrunum en ekki búnar. Eftirlit með svæðinu hefur verið aukið, gestastofa Surtarbrandsgils hefur verið opnuð á Brjánslæk og vinna við stjórnunar- og verndaráætlun er á lokametrunum. */MÞÞ*



Heyrúlluplastið er þvegið og þurrkað hjá Pure North Recycle í Hveragerði og sent í 800 kg böggum til Bretlands þar sem það er notað sem hráefni í framleiðslu á plastvörum.

Fyrirtækið í Hveragerði þvær og þurrkar plast til endurvinnslu:

Endurvinna heyrúlluplast með jarðvarma

- Umgengni bænda við heyrúlluplast virðist landsvæðaskipt

Árlega fellur til um 2.500 tonn af heyrúlluplasti hér á landi. Þetta plast hefur hingað til verið urðað eða sent óunnið úr landi, að sögn Sigurðar Halldórssonar, framkvæmdastjóra Pure North Recycling, sem sérhæfir sig í hreinsun og þurrkun á notuðu heyrúlluplasti sem síðan er nýtt í framleiðslu á endurunnum plastvörum. Hann vill fá bændur í lið með sér við að umgangast heyrúlluplast sem hráefni.

Fyrirtækið Pure North Recycling var stofnað árið 2015 en starfsstöð þess er í Hveragerði, og ekki að ástæðulausu. „Við leiðum jarðgufu inn í húsið og nýtum það á tvenns konar hátt. Annars vegar til að þurrka efnið og hins vegar við hreinsun á efninu. Við notum engin kemísk efni og skiljum eftir okkur lítil sem engin kolefnisspor sem gerir okkur einstök í samanburði við sambærilegar vinnslur erlendis," segir Sigurður.

Vinnsluferlið felur í sér að hreinsa og þurrka og tæta niður notað heyrúlluplast, pressa það í bagga sem flutt er úr landi, mest til Bretlands þar sem það fer í áframframleiðslu. Gæði þess plasts sem kemur úr vinnslunni er slík að nú hefur fyrirtæki í Bretlandi hafið framleiðslu á plastpokum sem eru 100% úr endurunnu plasti frá fyrirtækinu.



Sigurður Halldórsson framkvæmdastjóri segir æskilegt að litaflokka heyrúlluplastið og halda því hreinu svo hægt sé að endurvinna það.

Skagfirðingar til fyrirmyndar

Heyrúlluplast kemur til vinnslu til þeirra frá öllum landshlutum gegnum stóru söfnunaraðila sorps. Sigurður segir bændur umgangast heyrúlluplast á æði ólíkan hátt. „Þetta kemur í mjög misjöfnu ásigkomulagi til okkar. Umgengnin virðist einnig landsvæðaskipt. Þannig fáum við alltaf mjög hreint og velumgengið plast frá Skagafirði. Annars staðar frá fylgir því oft mikið af böndum og jafnvel heimilissorp," segir hann og hvetur bændur til að umgangast heyrúlluplast sem vöru enda skiptir það miklu máli upp á áframhaldandi vinnslu á plastinu.

Safna plasti í fiskikör

„Margir bændur hafa notað gömul fiskikör. Þeir leggja bönd í botninn og safna svo plastinu í körin. Þeir setja gjarnan farg ofan á það til að halda því saman og koma í veg fyrir að sandur og annað slíkt blandist með. Svo er bundið um það þegar karið fyllist. Þetta er ákjósanleg lausn, bæði ódýr og hagkvæm. Ekki væri verra ef plastið væri litaflokkað því hér þurfum við að skila því þannig af okkur," segir Sigurður.

Verðmætasköpun og náttúruvernd

Í fyrra, á fyrsta starfsári vinnslunnar, fóru um 300 tonn af fullunnu plasti frá fyrirtækinu. Afkastageta vinnslunnar er nú upp undir tonn á klukkutíma og gæti því annað öllu því umbúðaplasti sem til fellur á landinu og rúmlega það.

Sigurður segir að stefnt sé að því að fyrirtækið endurvinni 3000–5000 tonn af plasti á ári, þar á meðal umbúðaplast, en fyrst um sinn mun það einblína á heyrúlluplast.

„Með því að endurvinna það heyrúlluplast sem til fellur hér á landi er komið í veg fyrir augljósa mengun og að plastinu sé fargað með urðun, brennslu eða öðrum minna vistvænum aðferðum. Krafa um endurvinnslu er að aukast á heimsvísu en Ísland er í dag eftirbátur flestra Evrópulanda þegar kemur að endurvinnslu og endurnýtingu og því liggja mörg tækifæri hjá þeim sem taka forystu í þeim efnum," segir Sigurður. */ghp*

SAVAGE ARMS®
ACCUTRIGGER
ACCUSTOCK

Vesturröst 60 ÁRA 1957 - 2017

Ný sending



10FCP-SR
Cal: 308 24" hlaup Fluted snittað TACTICAL RAIL
kr.159,000

Model: 93R17GVXP
Cal: 17HMR með þungu hlaupi sjónauka 3-9x40
kr. 74,900

MarkII FVXP
Cal: 22 LR með 3-9x49 sjónauka
kr. 59,900

AXIS II XP
Cal: 243, 270 og 308 með 3-9x40 sjónauka
kr. 98,900

AXIS II XP
Cal: 223 – 243 SJÓNAUKI 3-9X40
kr. 97,000

Vesturröst

Vesturröst ehf - Sérverslun veiðimannsins - Laugavegi 178 - sími: 551 - 6770 - www.vesturrost.is

STARTARAR OG ALTERNATORAR

fyrir allar gerðir bíla, báta og vinnuvéla

Frí heimsending um allt land

Glerárgata 34b v/ Hvannavelli · 600 Akureyri
Sími: 461 1092 · E-mail: asco@asco.is

ÁSCO

STRÚKTÚR



Z-Strúktúr stálgrindarhúsin frá JORISIDE
færðu hjá okkur - Stór sem smá

JORISIDE
THE STEEL FUTURE

| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |

| Þverholti 2 | 270 Mosfellsbæ | Sími: 588 6640 |

Bændablaðið á bbl.is og líka á Facebook – Smáauglýsingar 56-30-300

Næsta blað kemur út 20. júlí


HVANNEYRARHÁTÍÐ

HVANNEYRARHATID / NÁNARI DAGSKRÁ Á FACEBOOK

8. júlí KL. 13.30 - 17

Ókeypis aðgangur í LANDBÚNAÐARSAFN ÍSLANDS / Heimsókn Fornbílafjelags Borgarfjarðar* / TÓVINNA á vegum Ullarselsins / VEITINGASALA & MARKAÐUR á Hvanneyrartorfunni / SKEMMTIDAGSKRÁ kerruferðir, ratleikur og leikir fyrir börn, / LEIÐSÖGN um gömlu torfuna / ÍSBÚÐIN VALDÍS mætir* / SUMARLIST 2017 opnun á listsýningu / Sýning á íslenskum LANDNÁMSHÆNUM / BIRKIÐ sem erfðaauðlind / Saga HVANNEYRARKIRKJU sögð / BÓKALOFTIÐ Halldórsfjósi / HÚSDÝR á svæðinu / Leiðsögn um YNDISGARÐA / og fleira / Allir velkomnir!

*ef veður leyfir



FRÉTTASKÝRING

Erlend stórfyrirtæki fegra orkuímynd sína og kaupa syndaaflausnir frá íslenskum orkufyrirtækjum:

Íslendingar sagðir skilja eftir sig geislavirkan kjarnorkuúrgang vegna raforkuframleiðslu

– Verður þurrkað út af almennum raforkureikningum á næsta ári en Ísland mun samt áfram verða með óhreina orku á sinni ímynd

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Í lok júní 2015 upplýsti Bændablaðið um þann sérkennilega leik orkusölufyrirtækja að selja erlendum orkusölufyrirtækjum orkuhreinleikavottorð gegn því að Íslendingar tækju á sig að skrá inn í sína orkunotkun að hluti orkunnar sem hér væri framleiddur ætti uppruna sinn í kjarnorku og jarðefnaeldsneyti. Ráðherra lofaði að kippa þessu í liðinn en lítið gerðist og fátt hefur heyrst af því síðan.

Orsökin fyrir þessu er að frá 2011 var öllum staðreyndum um orkuframleiðslu Íslendinga algjörlega snúið á haus fyrir tilstuðlan innleiðingar á tilskipun ESB frá árinu 2009. Var hún um útgáfu upprunaábyrgða vegna raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum. Þá var um leið opnað fyrir þann möguleika að íslensk orkufyrirtæki seldu fyrirtækjum í Evrópu hreinleikavottorð fyrir framleidda raforku.

Þetta er mörgum erlendum fyrirtækjum mikilvægt sem vilja bæta sína umhverfisímynd. Fyrirtæki sem nota orku frá kjarnorkuverum, kola-, olíu- og gasorkuverum gátu í kjölfar þessarar tilskipunar ESB hvítþvegið sig með syndaaflausn frá Íslandi. Allt í einu eru þau farin að framleiða vörur á pappírunum með grænni orku sem þau geta síðan nýtt í sínar auglýsingar. Samt hefur ekkert breyst í raunveruleikanum, þau nota sömu óhreinu orkuna og fyrr, en Ísland er komið með inn á sína fögru ímynd að vera óhreinn orkuframleiðandi.

Stór hluti íslenskrar raforku framleiddur með kjarnorku?

Þegar rýnt er í tölur Orkustofnunar, sem sér um alla útreikninga vegna sölu á upprunavottorðum raforku, varð veruleg breyting 2011. Í stað þess að vera með nær 100% hreina orkuframleiðslu var Ísland sagt framleiða 5% af sinni raforku með kjarnorku og 6% með jarðefnaeldsneyti, þ.e. kolum, olíu og gasi.


Staðan versnaði mikið á pappírunum árið 2012. Þá stóð endrunýjanleg orka einungis fyrir 63% raforkunnar á Íslandi. Jarðefnaeldsneyti var komið með 21% hlut og kjarnorka með 16%.


Árið 2013 versnaði hagur endurnýjanlegrar orku verulega og fór í 39%. Þá var jarðefnaeldsneytið komið með 37% hlut og kjarnorkan með 23%.


Staða endurnýjanlegu orkunnar vænkaðist aðeins árið 2014 og fór þá í 45%. Jarðefnaeldsneytið var aftur á móti 32% og kjarnorka 23%.


Endurnýjanlegu orkugjafarnir á Íslandi tóku svo kipp árið 2015 og fóru í 71%. Þá var jarðefnaeldsneytið komið í 17% og orka framleidd úr kjarnorku í 12%.


Stóra stökkið verður svo á síðasta ári, 2016. Þá var endurnýjanlega orkan komin í mikinn minnihluta, eða 21%. Raforka framleidd með jarðefnaeldsneyti var þá komin í 59% og raforka úr kjarnorku í 20%. Samtals var kjarnorka og jarðefnaeldsneyti þá sagt standa fyrir 79% raforkuframleiðslunnar á Íslandi og hefur hlutfallið aldrei verið hærra.











Sala á hreinleikavottorðum

Þegar Bændablaðið gerði síðast úttekt á þessu 2015 voru grænmetisbændur farnir að hafa miklar áhyggjur af málinu. Þeir höfðu og hafa enn í sinni starfsemi og öllum kynningum gagnvart Íslendingum og erlendum ferðamönnum gert út á ímynd hreinleikans. Þeir stóðu þá frammi fyrir því að verða að hætta öllu slíku tali, enda sagði orkureikningur þeirra annað.

Þrátt fyrir að hér á landi væru hvorki kola- né kjarnorkuver til raforkuframleiðslu, þá gátu garðyrkjubændur og aðrir Íslendingar ekki fengið skráð hjá sér kaup á hreinni orku. Var þeim þá boðið upp á að greiða orkufyrirtækjunum sérstaklega fyrir það. Það sem meira var, að framboðið á þessum hreinleikavottorðum var sagt fara þverrandi vegna sölu til útlendinga.

Hægt var að fá hreinleikavottorð fyrir 5,1 eyri á kílówattstund

Sveinn A. Sæland, fyrrverandi formaður Sambands garðyrkjubænda, sem rak garðyrkjustöðina Espiflöt með fjölskyldu sinni, staðfesti þetta í samtali við Bændablaðið sumarið 2015. Hann segist hafa fengið tilboð frá Orku náttúrunnar, dótturfélagi Orkuveitu Reykjavíkur, um að garðyrkjubændur sem þar eiga viðskipti gætu keypt sig frá þessari óhreinu orku og fengið stimpil um að þeir notuðu aðeins hreina orku.

„Okkur var boðið að kaupa okkur frá þessari vitleysu fyrir sem nemur 5,1 eyri á kílówattstund. Þannig gætum við keypt kjarnorku og jarðefnaeldsneytið út af reikningum hjá okkur og fengið rafrænt „lógó“ inn á heimasíðuna sem segir að við séum að kaupa hreina orku. Ég var bara ekki tilbúinn að taka þátt í svona skrípaleik.“

Þetta gat numið um 4,2 milljónum króna á ári hjá allri garðyrkjunni sem kaupir árlega um 82 milljónir kílówattstunda. Sagði Sveinn að í samtali við fulltrúa ON hafi komið fram að öllum öðrum Íslendingum væri einnig boðið upp á sömu „kostakjör“ á hreinleikanum. Það er að segja svo lengi sem hreinleikavottorðin seldust ekki upp.

Bíta höfuðið af skömminni

„Mér fannst að þarna væru menn að bíta höfuðið af skömminni. Við sem höfum verið að berja okkur á brjóst í gegnum tíðina að við séum með svo æðislega flotta atvinnugrein og með hreina orku og vatn og enga koltvísýringsmengun. Nú er okkur sagt að þetta sé allt koldrullugt. Svo leyfa menn sér að bjóða okkur að borga okkur frá þessu,“ sagði Sveinn í úttekt Bbl. 2015.

Bændablaðið fékk þá staðfest hjá Orku náttúrunnar að hægt sé að fá keypt slík „syndaaflausnabréf“ eins og viðmælandi orðaði það.

Einn góður maður setti fram þá samlíkingu að þetta væri eins og einhver kæmi og skiti á tröppurnar hjá manni, bankaði svo á útidyrnar og byði húsráðanda að borga viðkomandi fyrir að þrífa upp skítinn eftir sig.

Sala upprunavottorða hófst 2011

Frá því í desember 2011 hafa íslensk orkufyrirtæki gefið út og selt upprunaábyrgðir og voru það ár seldar upprunaábyrgðir fyrir um það bil 2 teravattstundir [TWst] vegna raforkuframleiðslu á Íslandi en heildarframleiðslan nam 16,8 TWst., eða 16.800 gígawattstundir. Árið 2013 voru fluttar út upprunaábyrgðir fyrir 11,8 TWh sem er ca 62% af heildarframleiðslu ársins. Á árinu 2014 var endurnýjanleg orka á Íslandi 18.120 gígawattstundir (GWst., eða 18,1 TWst.) og raforka framleidd með jarðefnaeldsneyti 2,4 GWst. Samkvæmt skilgreiningu OS var verið að selja úr landi upprunaábyrgðir 2014 sem nam um 53% af heildarframleiðslunni.

Í staðinn fyrir útgefnar og seldar upprunaábyrgðir þarf að færa inn sama magn í hlutföllum samkvæmt vegnu meðaltali á samsetningu raforkuframleiðslu í Evrópu. Þannig er endanleg raforkusala á Íslandi eftir orkugjöfum reiknuð út.

Hreinleikavottorðin nú ókeypis til Íslendinga

Mikið vatn hefur runnið í gegnum túrbínur orkuveranna síðan en lítið hefur heyrst af breytingum á stöðunni. Í umræðum um orkuskipti og innleiðingu á rafhleðslustöðvum víða um land sem fregnir voru birtar af í Bændablaðinu fyrri skömmu, var þó gaukað í framhjáhlaupi upplýsingum um breytta mynd í hreinleikavottorðsmálunum. Það snerist um að í stað þess að rukka íslenska orkukaupendur um að greiða fyrir hreinleikavottorð á þeirri hreinu orku sem þeir voru að kaupa, þá gátu þeir nú fengið vottorðin frítt. Sem sagt íslensk heimili og íslensk fyrirtæki þurftu ekki að greiða lengur sérstaklega fyrir að segja fólki satt um uppruna orkunnar sem það notaði.

Orkustofnun útskýrir málið

Í útskýringum Orkustofnunar á málinu sem gefnar voru út 3. júní 2016 segir m.a.:

Íslensk fyrirtæki sem framleiða rafmagn geta selt upprunaábyrgðir bæði til innlendra aðila og til evrópskra aðila og hafa gert það frá árinu 2011. Orkustofnun hefur það hlutverk að reikna út uppruna raforku á Íslandi eftir orkugjöfum ásamt öðru tengdu útgáfu á upprunaábyrgðum. Samkvæmt lögum er Landsneti falið að gefa út upprunarábyrgðir á Íslandi.

Ef upprunaábyrgðir eru seldar til erlendra aðila í Evrópu þarf að flytja inn ígildi samsvarandi magns raforku í sömu hlutföllum og samsetning raforkuframleiðslu er í Evrópu. Það skýrir það út að uppruni raforku á Íslandi samanstendur af endurnýjanlegri orku, jarðefnaeldsneyti og kjarnorku. Íslenskir raforkukaupendur fá upplýsingar um uppruna raforku með raforkureikningi (uppgjörsreikningi) sínum einu sinni á ári.

Upprunaábyrgðir á raforku eru til þess að orkusali geti fullvissað orkukaupanda um að framleidd hafi verið orka með endurnýjanlegum orkugjöfum. Kaupendur upprunaábyrgða eru þeir sem sjá hag sinn í því að styðja við raforkuframleiðslu frá endurnýjanlegum orkugjöfum og styrkja þannig ímynd sína með því að kaupa upprunaábyrgðir raforku.

Nær 100% raforkunnar er hrein

Á Íslandi er nánast öll raforkuframleiðsla frá endurnýjanlegum orkugjöfum, jarðvarma og vatnsorku en einungis 0,02% er framleidd með jarðefnaeldsneyti. Meirihluti raforku í Evrópu á hins vegar uppruna sinn í jarðefnaeldsneyti og kjarnorku.

Í yfirlýsingunni kemur fram uppruni raforku og úrgangsefna vegna framleiðslu hennar og eru það þær upplýsingar sem íslenskir raforkukaupendur sjá á raforkureikningi sínum einu sinni á ári.

Sölufyrirtæki raforku sem afskráir upprunaábyrgðir í eigin þágu er skylt að gefa út sértæka yfirlýsingu. Með því eykst vægi á uppruna raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum hætti. Fyrir árið 2015 hefur eitt sölufyrirtæki raforku

á Íslandi afskráð upprunaábyrgðir fyrir allri sölu á raforku og er því uppruni raforku hjá því sölufyrirtæki 100% endurnýjanleg raforka.

Íslendingar sagðir skila geislavirkum úrgangi!

Í þessari yfirlýsingu kom einnig fram að í stað þess að endurnýjanleg orka á Íslandi á árinu 2015 væri sem næst 100%, þá var hún 71%, raforka framleidd með jarðefnaeldsneyti var þá sögð vera 17% og raforka framleidd með kjarnorku 12%. Vegna þessarar raforkuframleiðslu var nú líka reiknaður koldíoxíðútblástur á Íslendinga vegna raforkuframleiðslu á 157,73 gígawattstundum (g/kWh). Það sem meira er, Íslendingar voru nú að skila frá sér geislavirkum úrgangi sem nam 0,29 milligrömmum á hverja framleidda kílówattstund. Ekki sérlega fallegt fyrir hreinleikaímynd Íslands í raforkumálum.

Ósannindi innleidd

Þetta er í raun stórmerkilegur „sannleikur“ sem búið er að innleiða á Íslandi vegna upptöku á tilskipunum ESB. Matreiddur sannleikur sem er afurð hugmyndasmiða í alþjóðlegum viðskiptum sem keppast við að selja fólki ímyndun og loft. Eitthvað sem allir Íslendingar vita í hjarta sínu að er hrein lygi svo talað sé á mannamáli.

Orkufyrirtækin fara í feluleik

Orka náttúrunnar ákvað að upprunavottorð fylgdu allri raforkusölu fyrirtækisins á almennum markaði frá síðustu áramótum. Jafnframt mun fyrirtækið verja öllum tekjum af sölu upprunaábyrgða vegna raforkusölu til stórnotenda til verkefna fyrirtækisins sem miða að því að draga úr losun gróðurhúsalofts.

Með ákvörðun ON hverfur jarðefnaeldsneyti og kjarnorka af rafmagnsreikningum almennra viðskiptavina. Uppruni raforku á reikningum ON, sem birtast viðskiptavinum á næsta ári, verður því alfarið endurnýjanleg orka. Þær upplýsingar sem birtust á raforkureikningum ON nú um síðustu mánaðamót (júní/júlí) miðast við sölu ON og annarra á upprunaábyrgðum árið 2016 og taka ekki mið af fyrrnefndri ákvörðun.


Svarti bletturinn verður áfram á ímynd Íslands

Þrátt fyrir þessa ákvörðun ON, þá verður framleiðsla raforku með kjarnorku, kolum, olíu og gasi áfram svartur blettur á framleiðsluskýrslum þjóðarinnar á raforku. Íslensku orkufyrirtækjunum finnst það greinilega til vinnandi að hafa það svo. Enda fái þau einhverja aura fyrir að selja hreinleikavottanir til stórfyrirtækja gegn því að smyrja ímynd óhreinnar orkuframleiðslu í útlöndum á ímynd Íslands. Þetta er síðan greinilega álitið full boðlegt þar sem almenningur kemur ekki til með að sjá afleiðingu þessara viðskipta á sínum orkureikningum í framtíðinni.

Orkusalan gefur 100% grænt ljós

Orkusalan, sem er orkusölufyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur, er við sama heygarðshorn og ON. Þar hefur verið gefinn út dreifimiði um að Orkusalan geri nú öllum viðskiptavinum sínum mögulegt að fá svokallað Grænt ljós, þar sem öll raforkusala er vottuð 100% endurnýjanleg. Meira að segja með upprunaábyrgðum samkvæmt alþjóðlegum staðli. Þar segir einnig:

„Við höfum gert samkomulag við Landsvirkjun sem gerir okkur kleift að staðfesta að öll raforka sem seld er til viðskiptavina sé 100% endurnýjanleg. Það felur í sér tækifæri fyrir viðskiptavini til aðgreiningar á markaði þar sem græn vottun getur skipt máli.



Tilgangur upprunavottunarkerfisins er að auka hlut endurnýjanlegrar orku í Evrópu. Ábyrgðirnar eru notaðar til að uppfylla skilyrði fjölda alþjóðlegra umhverfismerkja og geta opnað tækifæri fyrir fyrirtæki í markaðssetningu á vörum og þjónustu.

Orkusalan vill þannig hjálpa viðskiptavinum sínum að styðja við vinnslu endurnýjanlegrar orku ásamt því að auka samkeppnishæfni þeirra.“



Allt falt fyrir peninga

Skýrara verður það varla sagt en í dreifibréfi Orkusölunnar. Hreinleiki íslenskrar orkuframleiðslu er notaður til að erlend stórfyrirtæki geti breitt yfir sinn sóðaskap til að uppfylla skilyrði um umhverfisvæna starfsemi. Um leið og þau eru komin með íslensk hreinleikavottorð fyrir svo og svo miklum hluta af sinni orkunotkun geta þau flaggað því að þau séu afskaplega umhverfisvæn. Yfirleitt eru þessi íslensku upprunavottorð seld í gegnum erlend orkufyrirtæki. Síðan eru þau áframseld til fyrirtækja sem geta síðan verið í harðri samkeppni um hreinleikaímynd við íslensk fyrirtæki, ekki síst í sjávarútvegi.

Það er sem sagt allt falt fyrir peninga, meira að segja ímynd þjóðar. Til að friða almenning og íslensk fyrirtæki sem á þurfa að halda, þá er hluti af hreinleikakvótanum tekinn frá til innanlandsbrúks, allt annað er selt.

Skít blandað í rjóma sem að meðaltali á að gefa góða súpu

Þetta minnir óþægilega á viðskiptaflækjur fjármálamanna í aðdraganda efnahagshrunsins 2008. Þá voru allir skítugu pappírarnir, sem enginn vildi snerta, faldir inni í veglegum verðbréfavöndlum sem svo voru seldir í heildarpökkum með afslætti. Sama gerðist þegar kröfur íslensku bankanna á íslenskan almenning voru seldir hrægammasjóðum fyrir slikk. Allir vita hvernig sá leikaraskapur fór. Allt sprakk það í andlit þeirra sem í einfeldni sinni trúðu því að ef skítnum yrði blandað saman við rjómann, þá yrði súpan að meðaltali fjári góð.

Það voru samt flestir sammála um það fyrir hrun að vissulega væri ónotalegur óþefur af þessum verðbréfavöndlum. Sannfæringarkraftur sölumannanna fékk menn samt til að kyngja vöndlunum með brosi á vör. Svo fengu menn auðvitað í magann af öllu glundrinu.

Undan rifjum ESB og Kyoto

Þessi furðulegi leikur með orkusölu er tilkominn vegna innleiðingar á tilskipun Evrópusambandsins númer 2009/28/EB þar sem Ísland er orðið hluti af innri markaði ESB. Nær sú tilskipun til upprunaábyrgðar á raforku. Sett voru um þetta lög nr. 30/2008 samkvæmt stjórnarfrumvarpi frá 27. nóvember 2007. Málið var afgreitt frá iðnaðarnefnd 29. febrúar 2008 og samþykkt af 48 alþingismönnum þann 7. apríl sama ár og þar með öllum helstu sjálfskipuðu náttúruverndarforkólfunum í íslenskri pólitík. Þar var enginn þingmaður á móti en 15 fjarstaddir. Síðan var sett reglugerð um málið nr. 757/2012.

Upprunaábyrgðir eða upprunavottorð raforku koma til í kjölfar Kyoto-bókunarinnar og þeirrar ákvörðunar ríkja að láta loftslagsmál sig varða. Opinbert markmið er að auka hlut endurnýjanlegra orkugjafa í heiminum og spyrna þar með gegn auknum gróðurhúsaáhrifum.

Stærsti hluti upprunavottorða á markaðnum kemur í dag frá norskum vatnsaflsvirkjunum, en þau geta komið frá hvaða „græna“ orkuframleiðanda sem er í Evrópu.

Hrein raforka orðin drulluskítug

Á Íslandi er raforka að 99,99% hluta framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum, vatnsafli, jarðhita og vindorku. Reyndar er vindorkan hverfandi í heildartölunum þar sem vatnsorka stendur fyrir 71% framleiðslunnar og jarðhiti fyrir 29%. Einungis 0,01% raforkunnar er framleidd með dísilvélum. Samt er íslenska þjóðin sögð framleiða 79% sinnar orku með kjarnorku og jarðefnaeldsneyti.

156 kíló af geislavirkum úrgangi

Vegna þessara viðskipta skilja Íslendingar eftir sig á pappírunum 0,72 milligrömm af geislavirkum úrgangi á hverja selda kílówattstund. Einnig 460,27 grömm af kioldíoxíði á kílówattstund.

Þegar um er að ræða sölu á 1.066.584 megawattstundum (MWh) samkvæmt tölum Orkustofnunar, þá er 20% af því vegna kjarnorku 213.316 MWh, eða 213.316.000 kWh. Ef það skilar 0,72 milligrömmum af geislavirkum úrgangi á kWh, þá þýðir það að Íslendingar hafi í hreinleikabókhaldi sínu 153.588.096 milligrömm af geislavikum úrgangi, eða nærri 154 kíló.

Sama gildir um meint koldíoxíð sem losað er vegna meintrar framleiðslu á raforku hér á landi með kolum, olíu og gasi. Það stendur fyrir 59% raforkusölunnar sem eru þá 629.248.000 kWh. Það skilur eftir sig í bókhaldinu 289.640.804 kg, eða um 289.641 tonn af koldíoxíði.

Æðarbændur



Tökum á móti æðardúni til hreinsunar og sölu.

Greiðum flutningskostnað til Reykjavíkur.

Hafið samband í síma 892-8080
Dúnhreinsunin ehf. við Axarhöfða, 110 Reykjavík

Fáðu heyrnartæki til prufu



Um árabil hefur Heyrnartækni veitt þjónustu víðs vegar um landið. Við bjóðum upp á mikið úrval vandaðra heyrnartækja í ólíkum verðflokkum. Kannaðu hvenær Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður næst í nágrenni við þig.



Akranes | Akureyri | Borgarnes | Egilsstaðir | Reykjanesbær | Selfoss | Snæfellsnes

Bókaðu tíma í síma 568 6880 eða á www.heyrnartaekni.is

Heyrnartækni

Heyrnartækni | Glæsibæ | Álfheimum 74 | 104 Reykjavík | Landsbyggðaþjónusta | Sími 568 6880

Ferhyrnda féð á eyjunni Mön á Írlandshafi

Sauðfé með fögur horn er til á nokkrum stöðum í heiminum en því hefur farið fækkandi. Sums staðar er það alveg horfið; dæmi um þá eyðingu erfðaefnis sem hefur ágerst síðustu áratugina og er áhyggjuefni þeirra sem vilja stuðla að sjálfbærri þróun. Enn mun vera til ferhyrnt fé í Asíu en eftir því sem ég kemst næst er helst að finna ferhyrnt fé í Evrópu á Íslandi og á nokkrum stöðum á Bretlandseyjum, einkum á eyjunni Mön (Isle of Man) á Írlandshafi.

Allt frá háskólaárum mínum í Wales þegar ég sá fáeina ferhyrnda hrúta frá Mön á landbúnaðarsýningu í Englandi, fyrir 50 árum, átti ég mér þann draum að heimsækja eyjuna og sjá Manx Loaghtan fé þar. Sá draumur rættist í byrjun september 2016.

Norrænn uppruni

Það ferhyrnda fé sem enn finnst í norðanverðri Evrópu er annars vegar með dindil og því af hinum norður-evrópska stuttrófustofni, þ.e.a.s. ferhyrnda fé á Íslandi, Mön og Suðureyjum (Hebrides), og hins vegar ferhyrnda, flekkótta Jakobsfé (Jacob Sheep) á Bretlandseyjum og víðar sem er langrófufé eins og önnur bresk fjárkyn. Jakobsfé á uppruna að rekja til Spánar, hefur hugsanlega átt einhver erfðatengsl við norrænu kynin en er töluvert ólíkt þeim. Einnig mun enn vera til ferhyrnt langrófufé á Spáni og Kýpur. Þá er til stofn af Churro fé í Bandaríkjunum, upprunnið á Spáni, sem með blöndun við Jakobsfé myndaði ferhyrnda Navajo-Churro kynið. Þetta fé hefur verið í útrýmingarhættu og ljóst er að ferhyrnt fé á alls staðar í vök að verjast. Fé af Churro stofni sá ég í Vermont í Bandaríkjunum fyrir réttum 10 árum.

Sennilega er stærsti erfðahópur norræns, ferhyrnds fjár nú á eyjunni Mön á Írlandshafi, áætlaður um 3000 kindur þar, allt af Manx Loaghtan kyninu, sá næststærsti á Íslandi en hér er áætlað að um 1.000 kindur séu ferhyrndar, og sennilega eru fáein hundruð ferhyrninga á Suðureyjum. Allt eru þetta sérstakir stofnar af norrænum uppruna og á Mön er ferhyrnda féð stundum kallað Víkingafé til aðgreiningar frá breska langrófufénu. Þar er allt ferhyrnda féð mislitt, nær eingöngu mórautt, en svart á Suðureyjum. Hér á landi er margt af því mislitt en einnig töluvert hvítt enda er þetta ekki litatengdur eiginleiki.

Manx Loaghtan kynið

Á hinni fornu tungu Manverja, kölluð Manska, sem nú er að mestu dáin út sem móðurmál, þýðir „ loaghtan“ mórautt og mjög líkt íslenska heitinu er lýsingarorðið „ moorit“ notað um mórautt fé á Hjaltlandseyjum, sem er einnig mjög algengur litur þar. Norrænu tengslin leyna sér ekki. Fyrr á tímum var Manx Loaghtan féð aðallega hvítt, svart og grátt en mórauður litur var fremur fáséður. Mórauð ull varð eftirsótt og þegar fénu fór að fækka var farið að velja markvisst fyrir mórauða litnum. Svo fór að nú er einungis skráð mórautt fé í ættbók fyrir hreinræktað Manx Loaghtan fé hjá ræktunarfélaginu „The Manx Loaghtan Sheep Breeders Society“.

Hafa skal í huga að stofninn var orðinn mjög lítill upp úr miðri liðinni öld, jafnvel aðeins eitt eða fáein hundruð og því í útrýmingarhættu. Nú telur hann rúmlega 3.000 fjár, eftir því sem næst verður komist, að hluta erlendis eftir nokkurn útflutning lifandi fjár um árabil.

Á Mön er auk mórauða litarins lögð áhersla á að velja ferhyrnt fé til undaneldis. Þó er þar töluvert af venjulegu tvíhyrndu fé, einkum ám, og einnig er til nokkuð af ferukollóttum kindum líkt og hér á landi. Þetta fé er heldur smávaxnara og léttara en íslenska féð og ullin á því er fínni líkt og á Hjaltlandseyjafénu eftir markvisst úrval um fjölda ára. Þessi ull er eftirsótt til handprjóns og vefnaðar. Ullarverð er þó ekki hátt.



Jenny Shepherd og Rawdon Hayne á Ballacosnahan-Hillcrest býlinu eru á meðal helstu ræktenda ferhyrnds fjár af Manx Loaghtan kyninu, þarna með smalahund sinn. Lögð er áhersla á sauðakjöts- og ullarframleiðslu auk sölu líffjár. Myndir / Ólafur Dýrmundsson



Hluti af hrútahópnum á býlinu, veturgamlir og eldri, allir fallega ferhyrndir og mórauðir að lit. Sumir þeirra, ásamt nokkrum ferhyrndum ám, fóru skömmu eftir heimsókn mína til Spánar en þar hefur ferhyrndu fé farið fækkandi.



Rófulaus köttur af Manarkyni.



Skjaldarmerki Manar.



Fáni Manverja.



Búskaparhættir

Þótt haglendi sé ágætt og beit oftast næg allt árið er töluvert gefið með að vetrinum, sérstaklega fyrir og um sauðburð, sem er aðallega í apríl. Þá eru ær jafnvel hýstar um skeið. Frjósemi er nokkru minni en í íslenska fénu. Enn er viðhaldið þeim sið að framleiða sauðakjöt, slátra við 18 mánaða aldur, þannig að aðeins hluti þeirra lamba sem ekki eru sett á, fara í sláturhús á haustin. Líkt og hér á landi þykir sauðakjötið bragðmikið og það selst ekki síður en lambakjötið. Féð gengur mest á úthaga en einnig nokkuð á ræktuðu landi, gjarnan á haglendi sem ekki nýtist fyrir nautgripi.

Þess ber að geta að sumir bændur nota Manx Loaghtan ær í blendingsrækt til dilkakjötsframleiðslu og eru þá notaðir á þær hrútar af þekktum holdakynjum, svo sem Suffolk. Það er talinn mikil kostur við ærnar að þeim gengur oftast vel að bera og þær eru góðar mæður.

Líkt og raunin er á hér og í nágrannalöndunum eru tekjur sauðfjárbænda á Mön lágar og því er algengt að afkoman sé bætt með ferðaþjónustu eða vinnu utan bús.

Heimsókn á Ballacosnahan-Hillcrest býlið

Ég flaug 2. september til Ballasalla flugvallar við Ronaldsway, sunnarlega á Mön, frá George Best flugvelli í Belfast á Norður-Írlandi eftir að hafa setið ráðstefnu Búfjárræktarsambands Evrópu þar í borg (sjá Bændablaðið 9. mars 2017, bls. 46).

Á móti mér tóku gestgjafar mínir, dr. Jenny Shepherd og sambýlismaður hennar, Rawdon Hayne, en þeim kynntist ég á sauðfjár- og ullarráðstefnunni á Blönduósi haustið 2014. Jenny er húðsjúkdómalæknir og starfar hún við þá sérgrein í hlutastarfi en Rawdon vinnur eingöngu við fjárbúið sem þau hafa byggt upp síðan 2004. Áður bjuggu þau og störfuðu í London, hún sem læknir en hann vann við kvikmyndagerð. Jenny er ættuð frá Ballacosnahan-Hillcrest og átti þar heima á barns- og unglingsárum en býlið er í Dalby-sveit á vesturströnd eyjarinnar skammt

frá hafnarbænum Peel. Þaðan sést yfir til Norður-Írlands í góðu skyggni. Land jarðarinnar, allt vel gróið, um 100 hektarar og að hluta einnig nýtt til heyskapar, er allt í hlíðum fjallsins Slieau Whallian, ofan við ána Neb. Mjög fallegt bæjarstæði. Vitað er að fyrir rúmri öld var þar á bæ eitt stærsta bú eyjarinnar með Manx Loaghtan fé og nú er hjörðin aftur orðin stór eða um 800 fjár að meðtöldum sauðum, flest ferhyrnt. Að auki er verið að byggja upp ferðaþjónustu í tengslum við búskapinn.

Þótt sauðakjöt sé aðalafurðin hafa þau Jenny og Rawdon lagt mikla áherslu á að auka verðmæti ullarinnar á seinni árum. Reynt er að selja afurðir sem mest sérmerktar beint frá býli og einnig er töluverð sala á líffé. Fylgt er lífrænum búskaparháttum en ekki hefur verið leitað eftir vottun. Þess má geta að samkvæmt efnagreiningum sem búvísindastofnun í Skotlandi hefur gert er kjötið af þessu fé ekki eins feitt, er með hagstæðari samsetningu fitusýra og hefur lægra hlutfall kólesteróls en kjöt af bresku holdafé. Sauðakjötið þeirra bragðaðist vel.

Jenny hefur verið formaður ræktunarfélagsins, the Manx Loaghtan Breeders Society, undanfarin fimm ár og til að vinna gegn skyldleikarækt hefur hún sýnt gott fordæmi með því að lána öðrum félögum hrúta gegn vægu gjaldi, einni vínflösku fyrir hvern hrút á fengitíma.

Heimsóknin reyndist hin ánægjulegasta, og ég naut mikillar gestrisni. Fór meira að segja í svolítið fjárrag með þeim Jenny og Rawdon því að þau voru að velja kindur til útflutnings til Spánar. Bættist þá dýralæknir í hópinn til að taka blóðsýni vegna rannsókna til þess að hægt væri að ganga frá vottorðum að kröfum Evrópusambandsins. Mön er þó ekki í ESB, engin áform eru um að sækja um aðild að sambandinu og sterlingspundið er gjaldmiðill eyjarinnar.

Norræn áhrif á Mön

Það er áhugavert fyrir Íslendinga að heimsækja Mön, m.a. vegna augljósra, norrænna tengsla. Þar heitir hæsta fjallið Snaefell (621 m) og þingið, sem enn starfar, heitir Tyndwald, stofnað árið 978 þegar norrænir víkingar réðu þar ríkjum. Nú á dögum er eyjan í konungssambandi við Bretland en telst samt ekki vera hluti af því og nýtur sjálfsstjórnar um flest mál. Bretar fara þó með utanríkis- og varnarmál eyjarinnar sem er 572 ferkílómetrar að flatarmáli. Manverjar eru um 85.000 að tölu, enska er tungumálið og bærinn Douglas á austurströndinni er höfuðstaður eyjarinnar.

Þegar ferðaþjónustunni hnignaði sem undirstöðuatvinnugrein um síðustu aldamót breytti þingið í Tyndwald eyjunni í skattaparadís.



Þegar Jenny kallaði kom stór ærhópur til okkar utan úr einu beitarhólfinu, flestar ferhyrndar en sumar tvíhyrndar og fáeinar kollóttar. Framarlega á miðri myndinni sjást vel tvö lömb. Féð er allt mórautt.



Peel-kastali í samnefndum hafnarbæ sem er skammt norðan við bæinn Patrick. Þaðan er stutt til Ballacosnahan-Hillcrest býlisins.

Nú er aflandsbankaþjónusta orðin aðalatvinnuvegurinn, mikilvægari en iðnaður og ferðaþjónusta, en fiskveiðar og landbúnaður fylgja þar á eftir. Til dæmis er lagður 10% skattur á hagnað banka og á leigutekjur af eignum á eyjunni en að öðru leyti munu fyrirtækjaskattar vera engir í flestum tilvikum. Mest er verslun við Bretland og er Mön í tollabandalagi við það. Þess má geta að kvikmyndagerð nýtur mikils opinbers stuðnings á Mön, margar kvikmyndir hafa verið teknar á eyjunni síðan um aldamót en samt er talið að þessi fjárfesting hafi ekki verið ábatasöm. Þá er athyglisvert að Mön hefur orðið miðstöð fyrir geimferðir einkaaðila og árið 2010 var talið að eyjan væri komin í fimmta sæti þeirra þjóða sem gætu næst lent á tunglinu.

Frá mínum sjónarhóli séð er þó full ástæða til að heimsækja Mön af jarðbundnari ástæðum en áhættufjárfestingum og geimferðakapphlaupi. Þótt ekki væri til annars en að skoða hið sérstæða ferhyrnda fé, sem ég kynntist mér til mikillar ánægju, og hugsanlega líka til þess að sjá þótt ekki væri nema einn þeirra rófulausu katta (Manx Cat) sem þar munu vera til en ég sá því miður ekki.

*Höfundurinn, d**r. Ólafur R. Dýrmundsson**, er félagi í Rare Breeds International, Slow Food og Evrópuhópi lífrænna landbúnaðarhreyfinga (oldyrm@gmail.com).*









Íslenski geitastofninn er enn í útrýmingarhættu, en hann telur 1.123 vetrarfóðraðar skepnur í dag. Til að koma geitinni úr hættu þarf fjöldin að ná 4.700 dýrum. Myndir / ghp

Geitaafurðir tryggja tilveru stofnsins

– Brýnt að koma upp sæðisbanka fyrir íslenska geitfé, að mati formanns Geitfjárræktarfélags Íslands

„Tilvera geitarinnar verður tryggð með því að skapa eftirspurn eftir afurðum hennar," segir Sif Matthíasdóttir, formaður Geitfjárræktarfélags Íslands. Hún rekur, ásamt Jörundi Svavarssyni, eiginmanni sínum, geitabú að Hrísakoti í Helgafellssveit undir Ljósufjöllum. Geitfjárræktendur horfa fram á spennandi tíma. Samstarf við Matís og fleiri getur skapað athyglisverða möguleika varðandi nýsköpun í afurðaframleiðslu og um leið stuðlað að breyttum hugsunarhætti varðandi landbúnað.

Íslenski geitastofninn er enn í útrýmingarhættu, en hann telur 1.123 vetrarfóðraðar skepnur í dag, samkvæmt Heiðrúnu, skýrsluhaldskerfi fyrir geitur. Geitaeigendur eru, samkvæmt sömu skýrslu, 823 talsins og því er ljóst að margir eiga fáar skepnur.

Til að koma geitinni úr útrýmingarhættu þarf fjöldinn að ná 4.700 dýrum, samkvæmt reglum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO). Til þess að nálgast þá tölu og viðhalda stofninum þarf að skapa grundvöll fyrir afurðasölu og nýta geitina meira og betur, að mati Sifjar Matthíasdóttur, formanns Geitfjárræktarfélags Íslands.

Í dag er framleitt kjöt, mjólkurvörur, snyrtivörur og ull í afar smáum stíl en sú staðreynd að allar þessar vörur seljast upp gefur vísbendingar um að bæta megi verulega í vöruframboð. Til þess þarf hins vegar fleiri geitur, fleiri og stærri geitabændur, ásamt góðum stuðningi og fræðslu.

Kveða niður gamla drauga

Sif telur þó allra brýnasta verkefni geitfjárbúskaparins í dag að koma upp sæðisbanka.

„Við stöndum frammi fyrir því vandamáli að geitastofninn er lítill og innan hvers varnarhólfs eru enn minni hjarðir. Allt ræktunarstarf reynist því afar erfitt. Samkvæmt búfjársamningum BÍ og ríkisins mun 15% af fé til geitfjárræktar fara í vinnu við að koma upp sæðisbanka. Við gerðum samning við Nautastöðina á Hesti í Borgarfirði um töku, geymslu og frystingu sæðis, en aðalmálið er að fá aðstöðu fyrir sæðistöku," segir Sif og leggur áherslu á þýðingu þess að slík aðstaða sé tryggð.

„Við verðum að gera okkur grein fyrir því að við erum ofboðslega tæp á að missa þessa tegund af landinu. Ef við lítum til ferðamannastraumsins og allan mögulegan innflutning er fræðilegur möguleiki að smit í stofninn geti leitt af sér ófyrirsjáanlegan skaða. Það þarf ekki nema eina „hestapest" og stofninn gæti horfið."



Jörundur og Sif gera að höltu kiði í Hrísakoti sem staðsett er í einu af hreinustu hólfum landsins í Helgafellssveit. Geitahjörðin þeirra stækkaði umtalsvert í vor og eiga þau nú um 60 skepnur.



Brýnasta verkefni geitfjárbúskaparins er að koma upp sæðisbanka, að mati Sifjar. Það myndi auðvelda ræktunarstarf og viðhalda stofninum ef illa færi. Hér eru hafrarnir Kolur og Snær.

Merkum áfanga var náð í sögu geitfjárræktar þegar Geitfjárræktarfélag Íslands fékk aðild að Bændasamtökum Íslands árið 2015.

„Með því breyttist viðhorfið til geitarinnar, úr gæludýri í nytjadýr. Reyndar virðast margir íslenskir bændur enn neikvæðir gagnvart geitinni, telja hana óalandi og óferjandi skepnu. Margir setja samasemmerki milli sauðfjár og geitar. Þetta eru hins vegar ólíkar skepnur, sem haga sér á ólíkan máta. Þú smalar til dæmis ekki geitum, þær elta þig," segir Sif og bætir við að kveða þurfi niður fordóma.

„Það er algjör mýta að engar girðingar haldi þeim. Ef við hugsum um þá milljónir kílómetra af girðingum sem settar eru upp til að halda sauðfénu frá, en samt komast alltaf einhverjar kindur inn á tún. Það sama er að segja um geitur. Góðar girðingar halda þeim og fullorðin geit hoppar ekki einu sinni yfir skurð ef þeim líst svo á. Kiðin hoppa, klifra og troða sér alls staðar sem þau komast. En það gera lömb líka," segir Sif.

Vinnustofur um nýtingu og framleiðslu geitaafurða

Viljayfirlýsing um samstarf milli Geitfjárræktarfélags Íslands og Matís var undirrituð 14. febrúar sl. um samstarf um auknar rannsóknir í tengslum við ræktum geitarinnar, verðmætasköpun, vöruþróun og kynningu á geitinni og afurðum að markmiði. Sif segir viljayfirlýsinguna strax hafa haft jákvæð áhrif, því nokkrum spennandi verkefnum verði ýtt úr vör á næstunni.

Meðal annars sé verið að vinna að heimasíðu og hönnun vörumerkis fyrir íslenskar geitaafurðir. Þar með verði allar íslenskar geitaafurðir merktar einu vörumerki. Verkefnið Matarauður Íslands, sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið kom á fót árið 2015, hjálpar til við það. Tilgangur þess er m.a. að hefja matarmenningu og matarframleiðslu til vegs og virðingar gegnum samstarf



Íslenska geitin og afurðir hennar

Íslenska geitfé (*Capra hircus*) er talið vera af norskum eða norrænum uppruna sem hafi komið hingað með landnámsmönnum. Í fræðsluritinu *Geitfjárrækt* eftir Birnu K. Baldursdóttur er talið að engin innblöndun hafi átt sér stað frá landnámi og því er stofninn einstakur á heimsmælikvarða.

„Elstu heimildir um fjölda geita í landinu eru frá 1703 en þá voru þær 818. Í harðindunum á seinni hluta 19. aldar lá við að geitastofninn yrði aldauða og fór niður í 62 dýr á árunum 1881-1890 (meðaltal). Á fyrri hluta 20. aldar fór geitum að fjölga á ný og stærstur hefur geitfjárstofninn orðið tæplega 3.000 dýr árið 1930. Geitum fækkaði aftur samfara breytingum á búskaparháttum og niðurskurðar vegna fjárskipta og upp úr miðri síðustu öld var geitfjárstofninn aftur kominn í útrýmingarhættu og taldi 87 dýr árið 1962. Upp úr því fóru menn að hafa verulegar áhyggjur af því að stofninn yrði útdauður og 1965 var farið að greiða stofnverndarframlag fyrir vetrarfóðraðar, skýrslufærðar geitur til að reyna að sporna við frekari fækkun í stofninum og til að stuðla að verndun hans," segir í *Geitfjárrækt*.

Íslenski geitastofninn telur 1.123 vetrarfóðraðar skepnur í dag samkvæmt Heiðrúnu, skýrsluhaldskerfi fyrir geitur. Flestir halda 1–20 geitur en stærsti geitfjárbóndi á landinu er Jóhanna B. Þorvaldsdóttir á Háafelli í Hvítársíðu.

Afurðir geitarinnar eru helst þrjár, mjólkin, ullin og kjötið.

Mjaltaskeið getur verið um 300 dagar og dagsnyt á bilinu 1–2 lítrar að sumri en nytin minnkar í 0,5–1 lítra þegar haustar. Geitamjólk mun vera auðmeltari en kúamjólk og minni hætta mun vera á óþoli af völdum hennar, en fyrirhuguð er rannsókn á eðli og áhrifum geitamjólkur. Úr geitamjólk hafa einnig verið framleiddir ostar hér á landi.

Íslenskar geitur hafa bæði strý og fiðu og er töluvert meira af fiðu en hjá erlendum geitum. Fínleiki þess er mikill og flokkast undir kasmírull.

Geitkjöt er afar magurt, en próteininnihald þess svipar til nautakjöts. Bragðgæði ákvarðast meðal annars af fóðurvali geitarinnar og aldur við slátrun. Kjötafurðir hafa verið framleiddar hér í litlu magni en eftirspurn mun vera mikil.

Tólgin hefur einnig verið notuð í matargerð, til sápugerðar og í húðkrem. Gömul húsráð segja hana góða fyrir þurra húð og útbrot, samkvæmt upplýsingum úr *Geitfjárrækt*.

og með samþættu kynningar- og markaðsstarfi.

Í tengslum við það hyggst Geitfjárræktarfélagið halda vinnustofur um nýtingu og framleiðslu geitaafurða. „Við sjáum fyrir okkur mismunandi vinnustofur fyrir mjólk, kjöt og ullarvinnslu, þar sem við fengjum innsýn inn í reynslu frá fólki sem þekkir og kann að gera hlutina, meðal annars frá öðrum löndum. Þetta yrði vettvangur sem gæti hjálpað smáframleiðendum að fara af stað með vöru," segir Sif. Hún nefnir að margir séu tilbúnir til þess að hefja framleiðslu á vörum, en stofnkostnaður við að setja vinnslur aftri framkvæmdinni. Því þurfi fjármagn og stuðning til að hrinda hugmyndum af stað.

„Við höfum alla þekkinguna og aðstöðuna í landinu, en í mismunandi stofnunum; RML, MAST, MATÍS, LbhÍ svo eitthvað sé nefnt. Það þyrfti að koma þessari þekkingu saman í einn pakka. Við viljum sjá hvort það sé einhver möguleiki á slíku með því að setja upp vinnustofur til að byrja með," segir Sif.

Kallað eftir breyttum sláturaðferðum

Fáein tonn af geitakjöti eru framleidd í sláturhúsum árlega, en mest allt kjöt er selt í heimasölu, í sérverslunum og til einstakra veitingastaða. Sjálf hafa Sif og Jörundur verið að þróa kjötvinnslu.

„Við höfum verið að prófa okkur áfram með að slátra á mismunandi aldri og vinna kjötið með ýmsu móti. Kjötið er magurt og eldamennskan á því viðkvæm. Bragðið getur markast af því á hvernig landi geiturnar nærast. Hér ganga þær í birki og á lyngi og kjötinu hefur verið lýst sem hreindýralambi með villibráðakeimi," segir Sif.

Hún segir geitfjáreigendum mikið í mun að sláturaðferðir geita batni en í samstarfi við MATÍS hefur Geitfjárræktarfélagið hug á að upplýsa og fræða starfsfólk sláturhúsa.

„Geitur þola ekki vatn. Flest sláturhús í dag stuða dýrin með rafmagni áður en þeim er slátrað og í því felst að setja vatn á hausinn á þeim, er mér sagt. Mörgum finnst ótækt að bjóða geitinni upp á slíkar aðferðir og þætti æskilegra, út frá dýravelferðarsjónarmiðum, að taka upp aðrar aðferðir."

Í lykilstöðu fyrir útbreiðslu

Geitahjörð Sifjar og Jörundar telur rúmlega 60 skepnur en þeim fjölgaði verulega í vor.



Geitfjárræktarfélagið vill stuðla að aukinni afurðasölu og hyggst standa fyrir vinnustofum fyrir verðandi smáframleiðendur geitaafurða.



Sif og heimalningurinn Gæfa.

„Við áttuðum okkur ekki á því, þegar við keyptum Hrísakot, að við værum stödd á einu hreinasta svæði landsins. Við fengum til að mynda aðeins að kaupa skepnur frá einum bæ á landinu, Fjallalækjarseli í Þistilfirði. Hugsjónin okkar var upphaflega að fjölga skepnum og viðhalda þannig þessum stofni. Síðan að vinna úr kjöti og ull, því við komum henni ekki úr útrýmingarhættu nema hún sé nýtt. Við ákváðum því að fara út í sæðingar, en það kom lítið sem ekkert út úr því í fjögur ár. Síðastliðið haust ákváðum við því að vera ekkert að vesenast og fórum náttúrulegu leiðina. Þá höfðum við eignast nokkuð fjarskyldan hafur úr sæðingum. Flestar huðnurnar voru hjá honum og það skilaði svona vel, við fengum alls 38 kið," segir Sif.

„Við erum í lykilstöðu með því að vera á þessu hreina svæði. Okkur ber eiginlega skylda til að koma upp hjörð með eins fjölbreyttu genamengi og mögulegt er og þess vegna eru sæðingar svo mikilvægar. Héðan væri svo hægt að dreifa geitum um allt land." */ghp*

Belgagri



Twenty-One flugnaeitur

Einstök formúla flugnaeiturs fyrir bændur í kvikfjárrækt.
- Asameþífos er hraðvirkasta efnið á markaðnum
- Eina fáanlega flugnaeitrið sem má bæði úða og pensla
- Virkni í allt að 12 vikur
- Laðar skordýr að með ferómóni og löðunarefni
- Eina fáanlega efnið sem drepur við inntöku og snertingu

Sölustaðir:
Bústólpi
Fóðurblandan
Jötunn
Kaupfélag Borgfirðinga
Kaupfélag Vestur-Húnvetninga
Verslunin Eyri
Vélaval

STREYMI heildverslun

Streymi heildverslun ehf. | Goðanesi 4 | Akureyri
Sími: 588 2544 | streymi@streymi.is | streymi.is



praxis
...þegar þú vilt þægindi

Erum ekki að hætta
erum rétt að byrja



10-30%
staðgreiðsluafsláttur
af skóm og fatnaði

Bonito ehf. • Friendtex • Praxis
Faxafen 10 • 108 Reykjavík • sími 568 2870 • www.praxis.is
Opið mánudaga kl. 11.00 -17.00, miðvikudaga kl. 11.00-17.00
og fimmtudaga kl 16.00 -18.00

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 20. júlí

INNRÉTTINGAR

Spinder

Spinder fjósainnréttingar eru hannaðar og prófaðar eftir ströngustu gæðakröfum og miða að velferð bæði dýra og manna. Áralöng reynsla hefur leitt af sér innréttingakerfi sem auðvelt er að aðlaga að nánast öllum þörfum nútímafjósa.

Við afgreiðum stíur, jötugrindur og milligerði í mörgum stærðum og gerðum og í flestum tilfellum er afgreiðslutíminn stuttur og varan flutt heim í hlað.

Hafðu samband:
bondi@byko.is



byko.is

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

BÍLSKÚRA- OG IÐNAÐARHURÐIR

Smíðum sérlega vandaðar bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum



Þær eru léttar og auðveldar í notkun.

Einangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum, með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótordrifi

Vagnar & þjónusta ehf
Tunguháls 10, 110 Reykjavík
Sími: 567-3440, www.vagnar.is

Forseti Slow Food-hreyfingarinnar var ánægður með íslenska matinn:

„Íslenska lambið það besta sem ég hef nokkurn tíma smakkað“

– Hægfara breytingar á óréttlátu kerfi eiga sér nú stað í Evrópu

Carlo Petrini, einn af stofnendum Slow Food-hreyfingarinnar árið 1989 og forseti hennar frá byrjun, var hér á landi dagana 22.–24. maí síðastliðinn og flutti fyrirlestur í Háskóla Íslands, innblásinn af óréttlátu hagkerfi matvælaframleiðslu í heiminum – sem hann sagði í raun vera glæpsamlegt. Í heimsókninni heimsótti hann félaga í Slow Food á Íslandi og smáframleiðendur.

Blaðamaður fékk tækifæri til að spyrja hann út í nokkur atriði sem hann ræddi um í fyrirlestrinum og um Íslandsdvölina. „Ég var virkilega hrifinn af landi og þjóð. Þetta var mitt fyrsta skipti á Íslandi og mér gafst færi á – þrátt fyrir að hafa fáa daga – til að kynnast góðu starfi bænda á Íslandi og hvernig þeir hafa þurft að aðlagast krefjandi aðstæðum. Ég er auðvitað mjög áhugasamur um mat og á Íslandi fann ég mörg dæmi um framúrskarandi framleiðslu og fyrirmyndarbændur – en sumir þeirra eru á mjög einangruðum svæðum. Ég hitti líka margt fólk sem vinnur hörðum höndum að því hvern dag að kynna hvernig upplifa megi landið og kosti þess á jákvæðan hátt. Svo er ekki hægt að segja annað en að íslenskt landslag sé hreinlega hrífandi.“



Carlo Petrini í Háskóla Íslands 23. maí. Mynd / smh

Mysudrykkurinn er úrvals vara

Petrini varð nokkuð tíðrætt um íslenska mysu í fyrirlestrinum og lýsti því ítrekað yfir hversu spenntur hann væri að smakka þessa vöru þar sem búið var að blanda saman við hana bláberjasafa – en slíkur drykkur er framleiddur undir merkjum Íslandus. Hann sagði hana dæmi um vöru sem Íslendingar ættu að vera stoltir af. Í raun skyti það skökku við að stórir gosdrykkjaframleiðendur hefðu yfirburðastöðu á markaði gagnvart innlendri framleiðslu eins og mysudrykkjum. „Ég prófaði mysuna og ég varð strax yfir mig hrifinn. Þetta er úrvals vara; ekki bara af því að drykkurinn er mjög bragðgóður, heldur líka af því að hann segir okkur líka söguna – um virði alls matar fyrr á öldum.

Svo smakkaði ég líka á ýmsum öðrum frábærum íslenskum afurðum. Mig langar sérstaklega að nefna íslenska lambið því það er það besta sem ég hef nokkurn tíma smakkað. Ég smakkaði líka frábært íslenskt bygg, frábæra ýsu og þorsk – og jafnvel íslenska tómata. Hreindýr var sömuleiðis mjög gott, svartfuglsegg og áfram gæti ég haldið. Mér finnst að Ísland geti státað af frábærri matararfleifð, að Íslendingar ættu að vera stoltir af henni og styðja íslenska bændur.“

Þegar Petrini er spurður að því hvort mysudrykkir eigi möguleika í framtíðinni gagnvart stórum gosdrykkjaframleiðendum til að mynda, segir hann að það eigi ekki að stilla því þannig upp. „Þetta snýst ekki um að berjast gegn risunum. Ég er hins vegar sannfærður um að það sé þess virði að þið haldið því hátt á lofti hversu mikilvæg mysan var fyrir Íslendinga áður fyrr og hversu mikið myndi tapast ef þessi mjólkurafurð hyrfi. Ég er viss um að Íslendingar hafa áhuga á að hverfa að rótum sínum og menningu – alveg eins og ferðamenn hafa áhuga á arfleifð Íslendinga þegar þeir heimsækja Ísland. Gosdrykkjaframleiðendur geta aldrei boðið slíkt. Mysa getur átt góða möguleika á innlendum og erlendum mörkuðum, ef upplýsingum um þessa arfleifð er haldið til haga og þeim komið skilmerkilega til skila.“

Petrini bætir því við að hann skilji að Íslendingar vilji styðja við íslenska búvöruframleiðslu. „Slíkur stuðningur er ekki dýru verði keyptur ef um er að ræða framleiðslu í sátt við umhverfið, sem er ekki of stór í sniðum og er ætluð fyrir innanlandsmarkað. Slíkt fyrirkomulag leiðir af sér staðbundin hagkerfi og styður við smá samfélög.

Þrjátíu ára saga Slow Food

Um þessar mundir fagnar Slow Food-hreyfingin 30 ára afmæli. Upphaf stofnunar Slow Food má rekja til andófs ítalskra ungmenna, þar á meðal Petrini, gegn skyndibitavæðingu í Róm árið 1986. Alþjóðlega hreyfing Slow Food var hins vegar stofnuð í París 1989. Petrini segir að í hvert skipti sem hann horfi 30 ár til baka hugsi hann um það hversu mikið hreyfingin hafi breyst. „Það var litið á okkur í byrjun sem ljóðskáld og draumórafólk – með það eina markmið að njóta góðs matar. En eftir því sem við fórum dýpra ofan í stjórnmálin – og könnuðum hvernig staða mála var í matvælaframleiðslu heimsins, því betur áttuðum við okkur á því hversu mikilvægt það var sem við vorum byrjuð á. Þess vegna breyttumst við hægt og rólega – og erum enn að breytast. Við settum verkefnið um Bragðörkina (Ark of Taste) af stað 1996, árið 2004 var Móðir jörð (Terra Madre), tengslanet Slow Food, stofnað og einnig Háskóli matarvísinda (University of Gastronomic Sciences) – og á síðustu árum höfum við beint sjónum okkar að matarsóun, loftslagsbreytingum og stefnumótun varðandi matvælaframleiðslu.

Þetta eru einungis dæmi um það hvernig við höfum þróast varðandi hugsjónir og stefnumál. Við teljum að það megi takast á við margar krefjandi áskoranir samtímans í gegnum umræðu um matvælaframleiðslu. Í þá átt ætlum við áfram að halda.

Það sem við gerðum í Róm fyrir meira en 30 árum var einungis að andæfa þeirri þróun að matur væri að verða einsleitnari. Það sem við höfum orðið í dag, getum við þakkað ótrúlegu fólki sem hefur stutt okkur og hjálpað undanfarin 30 ár. Þá er ég ekki bara að tala um hugsuði, rithöfunda, stjórnmálamenn, heimspekinga og matreiðslumeistara – heldur allt það fólk sem hefur ákveðið að leggja sína ástríðu af mörkum og tíma í þágu málstaðar okkar, sem felst í því að berjast fyrir því að allir eigi rétt á góðum og ómenguðum mat sem framleiddur er í sanngjörnu framleiðsluferli (good, clean and fair food).“

Erum á réttri leið

Petrini er spurður um það hvernig hann sjái næstu 30 ár þróast – hvort það votti fyrir því í dag að mál séu að þróast í þá átt sem Slow Food-hreyfingin vinnur eftir. Verður til að mynda þörf fyrir hreyfinguna þá? „Næstu skref, held ég, að verði að vinna meira að fræðslumálum um matvæli. Unga fólkið mun leika lykilhlutverk varðandi framtíð móður jarðar og við þurfum að hjálpa því með þeim ráðum og tólum sem við búum yfir; minningum og þekkingu. Ég vona sannarlega að það verði ekki þörf fyrir okkar hreyfingu í framtíðinni – það myndi þýða að við hefðum náð takmarki okkar. Ég sé mörg jákvæð merki um það að nýjar kynslóðir eru mun virkari og meðvitaðari en mín kynslóð var – þannig að ég er öruggur um að við erum á réttri leið.“

Starf Slow Food snýst að mestu um nokkur meginverkefni. Petrini er spurður út í hvað sé áhugaverðast að gerast í þessari verkefnavinnu. „Við erum með mörg ólík verkefni í gangi. Bragðörkin (sem í grunninn gengur út á að varðveita líffræðilegan fjölbreytileika um víða veröld) er ört stækkandi verkefni, Bandalag matreiðslumanna (Chef Alliance) var nýlega stofnað og er tengslanet matreiðslumanna innan vébanda Slow Food-hugsjónarinnar sem vinna með staðbundin matvæli – og er nú líka á Íslandi. Þá get ég nefnt verkefnið 10.000 garðar í Afríku. Einnig er vert að minnast á að þetta er mikilvægt ár fyrir okkur vegna þess að við ætlum að halda alþjóðlega ráðstefnu í Chengdu í Kína í september, þar sem framtíð okkar verður rædd; stefnumótun og starfsemi.“

Fyrirlestur Petrini í Háskóla Íslands í maí snerist að miklu leyti um að vekja athygli á og gagnrýna það sem hann kallaði glæpsamlegt matvælaframleiðsluhagkerfi heimsins. Slow Food-hreyfingin hefur á þessum nótum sent inn tillögur til Evrópusambandsins um hvernig breyta þurfi stuðningskerfi landbúnaðarins; styðja frekar við smáframleiðendur og fjölskyldubú á kostnað framleiðslumagns – meðal annars til að styrkja hinar dreifðu byggðir. „Ég held að það sé engin leið önnur en róttæk breyting á því kerfi sem við höfum ef við viljum eiga framtíð á jörðinni. Núverandi framleiðslukerfi virkar ekki, því það skaðar bæði umhverfið og smáframleiðendur. Ég held að það séu hægfara breytingar á því að eiga sér stað í Evrópu.“ */smh*

Fjöldi hótela og veitingastaða í samstarf við að kynna íslenska lambakjötið

Markaðssókn með að kynna íslenska lambakjötið undir merki Icelandic lamb fyrir gestum veitingahúsa og hótela víða um land gengur vel. Hafliði Halldórsson verkefnastjóri hefur verið á faraldsfæti undanfarnar vikur.

Hefur hann farið víða um land í leit að vænlegum samstarfsaðilum í flokki veitingastaða og hótela. Nú eru samstarfsaðilar orðnir ríflega 90 og segir Hafliði að markmiðið sé að fara yfir 100 samstarfsaðila-markið nú í byrjun júlí. Átakið hefur þegar skilað góðri aukningu í sölu lambakjöts á veitingahúsum og hótelum.

Hafliði segist eiga eftir að fara um Vesturland og Vestfirði í næstu viku ásamt því að bæta við nokkrum áhugasömum í Reykjavík.



Friðrik Pálsson á Hótel Rangá með skjöld sem vísar til áherslu staðarins á íslenska lambakjötið.



Múlaberg Bistro Hótel KEA, Haukur Gröndal yfirmatreiðslumaður og Jón Friðrik Þorgrímsson veitingastjóri.

„Samstarfsaðilar okkar skuldbinda sig til að setja lamb í öndvegi á matseðlum sínum og kynna fyrir erlendum gestum okkar. Þá fá samstarfsaðilar okkar jafnframt glæsilegan skjöld með merki IL til að hengja upp og aðgang að markaðsefni okkar sem ætlað er til notkunar á samfélagsmiðlum og unnið á ensku.

Stærstu einstöku samstarfsaðilar eru jafnframt stærstu hótelkeðjur landsins, Icelandair Hotels og Íslandshótel. Ég hef líka unnið að því að styrkja sambandið við Ferðaþjónustu bænda, Félag ferðaþjónustubænda sem hafa áhuga á verkefninu. Hafa þeir miðlað til sinna félagsmanna efni frá okkur með hvatningu um að taka þátt sem hefur skilað sér í gerð nokkurra samninga í júní. Þegar eru komnir 12 ferðaþjónustubændur í þetta samstarf.

Þá eru Húsavíkurbændur á Ströndum líka í þessu samstarfi þótt þeir falli ekki undir veitingahúsaflokkinn. Þeir eru í heimavinnslu á eigin afurðum og selja til veitingahúsa og í Kaupfélaginu á Hólmavík. */HKr.*

can-am

TÆKI SEM ÞÚ GETUR TREYST!



OUTLANDER
650 6X6
VERÐ 2.790.000.–
650cc Rotax mótor / 62hö
Þurrvikt 515 kg / Dráttarvélaskráning
Rafmagnsstýri / Sturtanlegur pallur
Dráttargeta 750 kg / Burðargeta 45+318 kg
Warn spil 1361 kg / Hátt og lágt drif

OUTLANDER
MAX 450
VERÐ 1.590.000.–
Sæti fyrir tvo
450cc Rotax mótor / 38hö
Þurrvikt 319 kg / Dráttarvélaskráning
Rafmagnsstýri / Dráttargeta 750 kg
Burðargeta 55+109 kg / Hátt og lágt drif

OUTLANDER
PRO 450
VERÐ 1.390.000.–
450cc Rotax mótor / 38hö
Þurrvikt 308 kg / Dráttarvélaskráning
Rafmagnsstýri / Dráttargeta 750 kg
Burðargeta 55+109 kg / Warn spil 1361 kg
Hátt og lágt drif

ELLINGSEN

FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVAGÖTU 1–3 AKUREYRI / ELLINGSEN.IS / SÍÐAN 1916



GRZZLY 700 EPS FJÓRHJÓL MEÐ TRAKTORSSKRÁNINGU
Ný útgáfa með dráttarspili, LED ljósum og 26“ dekkjum. Aukin burðargeta og lækkaður þyngdarpunktur gerir gott hjól enn betra.
TILBOÐSVERÐ KR. 1.950.000,- m/vsk (án vsk kr. 1.572.580)

Einnig fáanlegt tveggja manna með farangurskassa að aftan.
TILBOÐSVERÐ KR. 1.995.000,- m/vsk (án vsk kr. 1.608.870)

VERKSTÆÐISÞJÓNUSTA!
Tímapantanir í síma 540 4900

Hafðu samband við sölumenn okkar í síma 540 4900 til að kynna þér lánamöguleika.

YAMAHA
Kletthálsi 3 |110 Reykjavík | sími 540 4900
www.yamaha.is

ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS

HROSS & HESTAMENNSKA



Firnasterkri keppni í B-flokki gæðinga lauk með öruggum sigri Örnu frá Skipaskaga, knapi er Sigurður Sigurðarson, sem eru hér lengst til vinstri. Annar var Oddi frá Hafsteinsstöðum og Skapti Steinbjörnsson, þriðju Bragur frá Ytra-Hól og Flosi Ólafsson, þá koma Steggur frá Hrísdal og Siguroddur Pétursson, Sóllilja frá Hamarsey og Helga Una Björnsdóttir, Hrynur frá Hrísdal og Ásdís Sigurðardóttir, Ósvör frá Lækjamóti og Ísólfur Líndal Þórisson og Hnokki frá Reykhólum og Hrefna Rós Lárusdóttir.

Fámennt en góðmennt á Fjórðungsmóti Vesturlands:

Gæðingaveisla í Borgarnesi

– Skapti Steinbjörnsson var valinn knapi mótsins og Arna frá Skipaskaga hestur mótsins

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrun.hulda.palsdottir@gmail.com

Rúmlega 1.000 manns komu saman á Fjórðungsmóti Vesturlands í Borgarnesi dagana 28. júní til 2. júlí sl. Þar öttu kappi gæðingar og hestamenn af Vesturlandi, Húnavatnssýslum og Skagafirði. Skapti Steinbjörnsson var valinn knapi mótsins og Arna frá Skipaskaga hlaut titilinn Hestur mótsins.

Ingi Tryggvason, formaður framkvæmdarnefndar Fjórðungsmótsins, segist sáttur með útkomuna, þótt mótsókn hafi ekki staðist væntingar. „Mótið gekk allt mjög vel og dagskrá var á áætlun. Vellirnir stóðust álagið vel, knaparnir lýstu yfir ánægju bæði með aðalvöll og nýja kynbótavöllinn. Við bjuggumst þó við aðeins fleiri gestum.“



Ingi Tryggvason.

Þátttaka á mótið var með besta móti og segir Ingi það benda til þess að Fjórðungsmót eigi enn tilverurétt. „Hugsanlega þarf þó að endurskoða fyrirkomulag Fjórðungsmóta með tilliti til fjölda móta á þessum tíma árs, en í júní og júlí eru mót nánast allar helgar. Það þyrfti að lágmarka kostnaðinn enn frekar, til að mynda liggur mikill kostnaður í tæknimálum á svona móti. Þá mætti líka skoða að stytta mótið um einn dag. Aftur á móti hafa margir lýst yfir ánægju með að dagskráin sé ekki mjög þétt. Þannig hefur gefist tími til að gera eitthvað annað en að horfa á hestana,“ segir Ingi.

Frábær hestakostur

Lárus Ástmar Hannesson, formaður Landssambands hestamannafélaga, segir það hafa sýnt sig í ár að þátttaka Húnvetninga og Skagfirðinga sé framfaraskref fyrir Fjórðungsmótið. „Hestakosturinn var frábær og reiðmennskan mjög góð. Svæðið, vellir og skipulag var til fyrirmyndar, þótt tjaldsvæðið hafi verið svolítið langt í burtu. Skipuleggjendur mótsins og Borgnesingar eiga heiður skilið fyrir gott mót. Hins vegar vantaði fleira fólk og meiri stemningu,“ segir hann.



Helga Una Björnsdóttir fékk reiðmennskuverðlaun FT fyrir framúrskarandi reiðmennsku. Hér tekur hún Álfrúnu frá Egilsstaðakoti til kostanna, en hún var hæst dæmda kynbótahross Fjórðungsmótsins.



Kalsi frá Þúfum setinn af Mette Mannseth ásamt Gísla Gíslasyni.



Lárus Ástmar Hannesson leggur Atlas frá Lýsuhóli í úrslitum A-flokks.

Lárus var enn fremur keppandi á mótinu en hann sat stóðhestinn Atlas frá Lýsuhóli í A-úrslitum í A-flokki gæðinga og hlutu þeir brons fyrir frammistöðu sína. „Það er alltaf gaman að vera á góðum hesti. Þetta er svona hestur sem gerir allt, maður þarf bara að passa að trufla hann ekki,“ segir Lárus.



Sigurvegari í 4 vetra flokki stóðhesta var Júpíter frá Lækjamóti en hann hlaut enn fremur Blesabókina. Ræktendur og eigendur eru Vigdís Gunnarsdóttir og Ísólfur Líndal Þórisson.

Sterk gæðingakeppni

Mótið fór fram á tveimur völlum. Á aðalvelli fór fram gæðingakeppni í öllum flokkum ásamt opinni töltkeppni og skeiðkappreiðum. Stóðhesturinn Trymbill frá Stóra-Ási sigraði A-flokk gæðinga með vandaðri sýningu en eigandi hans, Mette Mannseth, sat gæðinginn. Merargullið Arna frá Skipaskaga sigraði B-flokk gæðinga örugglega, undir stjórn Sigurðar Sigurðarsonar. Arna var þar að auki valin hestur mótsins.



Hæst dæmdu 4 vetra hryssur mótsins. Frá vinstri; Krús frá Skipaskaga, kn. Leifur Gunnarsson, Viðja frá Borgarnesi, kn. Agnar Þ. Magnússon, Bifröst frá Skrúð, kn. Björn Haukur Einarsson, Frelsun frá Bessastöðum, kn. Jóhann Birgir Magnússon og Þerna frá Skáney, kn. Haukur Bjarnason.

Knapi mótsins að mati dómara var Skapti Steinbjörnsson á Hafsteinsstöðum. Hann fór mikinn á mótinu og var m.a. í 4 sæti í A-flokki gæðinga á 5 vetra hryssu, Hrafnistu frá Hafsteinsstöðum, ásamt því að hljóta silfur í B-flokki gæðinga með gæðinginn Odda frá Hafsteinsstöðum.

Yngri knapar sýndu ekki síður glæsilega reiðmennsku. Sonja S. Sigurgeirsdóttir og Jónas frá Litla-Dal fóru með sigur af hólmi í ungmennaflokki eftir að hafa unnið sig upp úr B-úrslitum. Guðný Rúna Vésteinsdóttir og Þruma frá Hofsstaðaseli sigraði í unglingaflokki nokkuð örugglega. Guðmar Hólm Ísólfsson Líndal sigraði barnaflokk á Daníel frá Vatnsleysu en þeir höfðu einnig farið fjallabaksleið að sigrinum líkt og Sonja.

Jakob Svavar Sigurðsson og Júlía frá Hamarsey sigruðu opna töltkeppni mótsins og Guðmar Freyr Magnússon og Fönix frá Hlíðartúni sigraði töltkeppni 17 ára og yngri.

Helga Una Björnsdóttir hlaut reiðmennskuverðlaun Félags tamningamanna á mótinu. Hún kom fram með hross bæði í keppni og kynbótasýningum og þótti sýna vandaða, framúrskarandi reiðmennsku á áverkalausum hestum og prúða framkomu á mótinu.

Hestagull á kynbótabrautinni

Á nýendurgerðum kynbótavelli komu fram 64 kynbótahross. Hæst dæmda kynbótahross mótsins, og jafnframt efsta hryssa í flokki 7 vetra og eldri, var Álfrún frá Egilsstaðakoti. Hún hlaut 8,75 í aðaleinkunn, 8,39 fyrir sköpulag og 8,99 fyrir kosti. Álfrún er undan Alfi frá Selfossi og Snögg frá Egilsstaðakoti en knapi hennar var Helga Una Björnsdóttir, sem á hryssuna ásamt Einari Hermundssyni, sem enn fremur ræktaði gripinn.

Kylja frá Stóra-Vatnsskarði var efst 6 vetra hryssna. Hún hlaut 8,38 í aðaleinkunn, 8,03 fyrir sköpulag og 8,61 fyrir kosti. Kylja er undan Kiljani frá Steinnesi og Lukku frá Stóra-Vatnsskarði. Benedikt Benediktsson er ræktandi hennar og eigandi en Hans Þór Hilmarsson sýndi hryssuna. Þess má geta að Kiljan frá Steinnesi hefur nú náð lágmarki til heiðursverðlauna fyrir afkvæmi sem hann mun að öllum líkindum hljóta á Landsmóti 2018.

Krús frá Skipaskaga var hæst 4 vetra hryssna en hún hlaut 8,28 í aðaleinkunn. Fyrir sköpulag hlaut Krús 8,69 og 8,00 fyrir kosti. Krús er undan Steinari frá Skipaskaga og Krús frá Ólafsvík. Daníel Jónsson sýndi Krús.

Hæst 5 vetra hryssna var Ísey frá Lækjamóti. Hún hlaut í aðaleinkunn 8,60, 8,70 fyrir sköpulag og 8,54 fyrir kosti. Ísey er undan Jóni frá Kjarri og Hrönn frá Leysingjastöðum

II. Ísólfur Líndal Þórisson sýndi Ísey en hann er ræktandi hennar ásamt Vigdísi Gunnarsdóttur.

Bróðir Íseyjar, sammæðra, Júpíter frá Lækjamóti, hlaut hæstu einkunn 4 vetra stóðhesta. Hann hlaut 8,30 í aðaleinkunn, 8,00 fyrir kosti og 8,74 fyrir sköpulag sem var hæsta einkunn sem gefin var fyrir sköpulag á mótinu. Fyrir það hlaut Júpíter Blesabókina, farandverðlaun Hrossaræktarsambands Vesturlands sem fjölskyldan í Skáney gaf til minningar um Marinó Jakobsson. Júpíter er undan heiðursverðlaunastóðhestinum Víði frá Prestsbakka.

Hæst dæmdi stóðhestur Fjórðungsmótsins var Sægrímur frá Bergi, en hann sigraði flokk 5 vetra stóðhesta. Sægrímur hlaut 8,61 í aðaleinkunn, 8,54 fyrir sköpulag og 8,66 fyrir kosti. Sægrímur er undan Sæ frá Bakkakoti og Hríslu frá Naustum. Jón Bjarni Þorvarðarson er ræktandi og eigandi Sægríms en sýnandi hans var Jakob Svavar Sigurðsson.

Kalsi frá Þúfum var efstur í flokki 6 vetra stóðhesta. Hann hlaut 8,59 í aðaleinkunn, 8,35 fyrir sköpulag og 8,74 fyrir kosti. Kalsi er undan Trymbil frá Stóra-Ási, sem sigraði A-flokk gæðinga á mótinu, og Kylju frá Stangarholti. Ræktandi, eigandi og sýnandi Kalsa var Metta Mannseth.

Heikir frá Hamarsey var efstur í flokki stóðhesta 7 vetra og eldri. Heikir hlaut 8,59 í aðaleinkunn, 8,36 fyrir sköpulag og 8,74 fyrir kosti. Heikir er Álfssonur undan Hrund frá Árbæ. Ræktendur hans eru Per S. Thrane, Hannes Sigurjónsson og Inga Cristina Campos en eigendur hennar eru Karl Áki Sigurðsson og Eyrún Ýr Pálsdóttir sem sýndi Heiki.



Efstu 5 vetra hryssurnar. Frá vinstri Ísey frá Lækjamóti, kn. Ísólfur Líndal Þórisson, Lukkudís frá Bergi, kn. Viðar Ingólfsson, Elding frá Þúfum, kn. Mette Mannseth, Fjóla frá Eskiholti II, kn. Hlynur Guðmundsson og Úa frá Efri-Hrepp, kn. Ámundi Sigurðsson.



Knapi mótsins að mati dómara var Skapti Steinbjörnsson á Hafsteinsstöðum. Hann fór mikinn á mótinu og var m.a. í 4 sæti í A-flokki gæðinga á 5 vetra hryssu, Hrafnistu frá Hafsteinsstöðum,sem hér sést, ásamt því að hljóta silfur í B-flokki gæðinga með gæðinginn Odda frá Hafsteinsstöðum.



Sægrímur frá Bergi sigraði flokk 5 vetra stóðhesta. Knapi er Jakob Svavar Sigurðsson.



Heikir frá Hamarsey sigraði flokk stóðhesta 7 vetra og eldri. Knapi og einn eiganda er Eyrún Ýr Pálsdóttir.



Spunasonurinn Goði frá Bjarnarhöfn hlaut einkunnina 10 fyrir skeið. Knapi er Hans Þór Hilmarsson.



Sigurveig Sigurðardóttir, hrossaræktandi í Skipaskaga, tekur við verðlaunum Örnu frá Skipaskaga sem var valin hestur Fjórðungsmótsins.



Kylja frá Stóra-Vatnsskarði var efst 6 vetra hryssna. Kylja er undan Kiljan frá Steinnesi og Lukku frá Stóra-Vatnsskarði. Bróðir hennar, sammæðra, Sigur frá Stóra-Vatnsskarði, var einnig í verðlaunasæti í flokki 4 vetra stóðhesta. Hér tekur Benedikt Benediktsson, ræktandi Kylju, við verðlaunum hennar en Hans Þór Hilmarsson er knapi.



Fjórðungsmótinu lauk með spennandi úrslitum í A-flokki gæðinga. Þar fór Trymbill frá Stóra-Ási með sigur af hólmi. Gísli Gíslason stendur hjá þeim. Annar var Sproti frá Innri-Skeljabrekku og Jakob Svavar Sigurðsson, þriðji Atlas frá Lýsuhóli og Lárus Ástmar Hannesson, Hrafnista frá Hafsteinsstöðum og Skapti Steinbjörnsson í því fjórða. Næst komu Þróttur frá Akrakoti og Líney María Hjálmarsdóttir, Snillingur frá Íbishóli og Magnús Bragi Magnússon, Ólga frá Árholti og Ísólfur Líndal Þórisson og Karri frá Gauksmýri og Sigurður Sigurðarson.

Sláttu þyrlur



Eigum hinar sívinsælu og klassísku DEUTZ- FAHR KM 3.18 tromlusláttuvélar til afgreiðslu strax.
Þægilegar vélar til sláttar við allar aðstæður og góðar á smærri stykki og óslétt tún.

DEUTZ-FAHR KM 3.18 sláttuþyrlur

Vinnslubreidd:	1,85 m
Þyngd:	420 kg
Lágmarksaflþörf	35 hö

Verð aðeins
Kr. 595.000,-
án VSK

ÞÓR HF

Reykjavík: Krókháls 16, 110 Reykjavík, Sími 568-1500
Akureyri: Lónsbakka, 601 Akureyri, Sími 568-1555
Vefsíða og netverslun: www.thor.is

HLUNNINDI & VEIÐI

Reynir Bergsveinsson minkaveiðimaður þrautseigur við að hemja fjölgun á villtum minkum við veiðiár og vötn:

Veiddi á sjötta hundrað minka á yfirstandandi veiðitímabili

– Bændur í Ísafjarðarbæ beittu sér fyrir skipulögðu átaki í fækkun minka á sínu svæði og þar veiddust 55 dýr

Villiminkur getur verið mikill skaðvaldur í lax- og silungsveiðiám og vötnum. Þá er hann einnig skæður í varplöndum mófugla og einnig í æðarvarpi þar sem hann á í harðri samkeppni við refinn.

Hreinsun með minkasíum sem eru í umsjón Reynis Bergsveinssonar minkaveiðimanns virðist muni skila hátt á sjötta hundrað minka úr 16 sveitarfélögum á tímabilinu júlí 2016 til júlí 2017. Reynir er afkastamikill við sína iðju og fer víða um land í þeirri viðleitni að halda villimink í skefjum. Oft án þess að fá mikla umbun fyrir. Hann segir að víða sé lítill skilningur á málinu og ekki ósjaldan að sveitarfélög ráði til sín minkaveiðimenn meira til málamynda fremur en að þeim sé ætlað að stunda veiðar.

Bændur á Vestfjörðum beittu sér fyrir aðgerðum

Bændasamfélagið á svæði Ísafjarðarbæjar beitti sér fyrir því að skipulagt átak er hafið til þess að fækka minkum á mikilvægum svæðum svo sem æðarvörpum og öðru. Vaskur á Bakka ehf., fyrirtæki Reynis, vinnur að skipulagi og aðgerðum þar að lútandi.

Eingöngu er unnið með minkasíur. Nokkrar gildrur voru lagðar á svæðin í október og vitjað var um þær vestan Rafnseyrarheiðar í febrúar. Þá var tekinn 21 minkur úr minkasíunum í Dýrafirði, Önundarfirði og Súgandafirði.

55 minkar veiddust á Ísafjarðarsvæðinu

Tala veiddra dýra á svæðinu var 53 minkar frá júlí /ágúst 2016. Þegar veitt er í minkasíur er veiðitímabilum skipt síðari hluta júlí. Þá fer að veiðast nýr minkaárgangur. Nú er enn verið að veiða minkaárganginn 2016. Lokatölur fyrir svæði Ísafjarðarbæjar á veiðitímabilinu sem nú er að ljúka voru 55 dýr.

Þar af veiddust 7 í Arnarfirði, 32 minkar í Dýrafirði, 14 í Önundarfirði og 2 í Súgandafirði. Reynir segir að þótt fá dýr hafi að þessu sinni komið í síur í Súgandafirði þá sé það ekki endilega vísbending um að stofninn þar hafi minnkað svo mjög. Miklar rigningar og vatnavöxtur í lækjum og ám hafi gert það að verkum að erfiðara hafi verið að finna heppilega staði fyrir minkasíur en ella.

Þótt veiði á þessu tímabili sé lokið, þá segist hann reikna með að fara aftur af stað í ágúst og september, en þá megi gera ráð fyrir að ná hvolpum.

„Það verður samt að mínu mati aldrei hægt að hreinsa svæði Ísafjarðarbæjar alveg af mink. Þar sem sjórinn hefur meira vægi en árnar ræður minkurinn sér mikið til sjálfur. Við árnar getum við hins vegar ráðið því hvort við höfum hann árið um kring eða hvort honum er haldið í algjöru lágmarki.

Reynir telur litlum árangri skila að nota einungis minkahunda við veiðar á mink á vorin. Það sé röng áhersla þar sem sjósilungurinn er þá genginn niður.

„Minkurinn veldur langmestu tjóni við árnar þegar hann hrekur silunginn af hrygningarslóðinni í september og október. Einnig þegar hann hamstrar silung og lax á haustin og það sem hann étur af fiski framan af vetri.“

Minkurinn getur verið afkastamikill við dráp

Reynir segir samt rangt að alhæfa um að minkurinn drepi grimmt allt sem hann kemst yfir. Það beri þó við öðru hvoru að minkurinn stráðrepi allt kvikt í kringum sig. Vísar hann þar m.a. til frásagnar Péturs í Ófeigsfirði sem kom að varpi í úthallandi varptíma í Hrútey við Ófeigsfjörð. Þá hafi hann talið frá fjöruborði og upp á eyju á milli fjögur til fimm hundruð dauða æðarunga. Sagðist Reynir hafa þráspurt Pétur hvort þar hafi örugglega verið minkur á ferð og taldi hann svo vera án nokkurs vafa.

Annað tilfelli nefnir hann vestur á Fossá á Hjarðarnesi í Barðastrandarhreppi fyrir 40 árum. Þar var stór varphólmi með um 200 æðarkolluhreiðrum. Endalaus ófriður var í varpinu og hurfu ítrekað egg úr hreiðrum. Þá var fenginn maður með minkahund. Fannst minkastegg-ur í klettaglufu sem var búinn að draga þangað til sín um 200 egg.

Minkurinn ekki hrææta eins og refurinn

Reynir segir að minkurinn sé þó ekki hrææta og leggist ekki einu sinni á hræ sem hann hafi drepið sjálfur. Það gerist þó á veturna að hann dragi upp úr ám stóra silunga og láti frjósa og geymi þannig til matar síðar. Hann éti aldrei skemmda fæðu.

Ég man t.d. eftir einu dæmi úr Fremri-Gufudal um 1975 til 1978. Í fyrstu snjóum sá ég spor eftir mink við ána fyrir neðan vatnið. Þau lágu frá ánni og spölkorn upp í skóg sem kalla má. Þar undir fönninni í þurrum lækjarfarvegi var minkurinn. Við sonur minn stukkum til og skutum minkinn, en hjá honum var tíu punda lax sem hann var hálfnaður með að éta. Hann byrjaði á að bryðja hausinn og var kominn aftur að miðju.

Í einni af frægustu veiðiám á norðanverðu landinu í fyrra voru veiðimenn á öðrum bakkanum, en á hinum bakkanum horfðu þeir á mink koma með sjö punda lax upp úr ánni.

Þá nefndi einn veiðimað-ur við mig, sem var að veiða í Húnavatnssýslunni, að hann hafi horft á mink sem gekk hreinlega á botninum í einum hylnum. Stuttu seinna stekkur tíu punda lax upp úr hylnum. Að sögn veiðimannsins var minkurinn þá klofvega aftan við hausinn á fiskinum og hafði bitið sig fastan við hnakkann og læst klónum í tálknin.“

Reynir segir þetta engar lygasög-ur eða ýkjur þótt lygilegar séu. Það sé þó ekki algengt og svona lagað gerist. Ekki geri svo sem heldur mikið til þótt minkurinn taki einn og einn stóran lax. Minkurinn geti hins vegar lamað alla veiði í ám með nærveru sinni. Tiltekur hann dæmi af á sem hann kom að í fyrra en vildi ekki að yrði nafngreind. Þar hafi minkafjölskylda verið búin að hreiðra um sig við þekktan veiði-stað sem yfirleitt gaf mikla veiði. Allur laxinn var orðinn svo styggur af nærveru minksins að hann sýndi engan áhuga á að bíta á agn sem fyrir hann var lagt. Þarna voru líka svanir sem ekki bættu ástandið fyrir veiðimennina.

Mun betra ástand í Reykhólasveit en áður

„Í Reykhólasveit er nú miklu betra ástand en var fyrir tíu árum. Það er fyrst og fremst, að ég tel, vegna þess hvað við höfum veitt mikið.“

Fjölbýlishús byggð óafvitandi fyrir minka

Reynir vill benda fólki í sveitum og ekki síst sumarhúsaeigendum á að það kunni að vera að búa til fínustu fjölbýlishús fyrir minkauppeldi án þess að gera sér grein fyrir því. Þannig viti hann til þess að fólk hafi verið að snyrta trjágarða sína og hent hríslum í haug við lóðamörkin í þeim tilgangi að láta það rotna og verða á endanum að jarðvegi. Ef minkur er á svæðinu þá nýti hann slíkt með þökkum því betri vistarverur fyrir mink sé vart hægt að finna. Í greinaflækjunni getur hann nefnilega búið haganlega um sig án þess að eiga það á hættu að maðurinn komist að honum. Þá getur hann líka verið þar alveg óhræddur og í friði fyrir ref og minkahundum sem komast ekki í gegnum trjáflækjuna.

Sumarhúsafólk þarf að vera á varðbergi

Reynir hefur líka bent sumar-húsaeigendum á að vera vara um sig ef minkur leynist á svæðinu. Þá geti verið varasamt að skilja ungbörn eftir eftirlitslaus utandyra í vögnum eða kerrum. */HKr.*



Hreinsun með minkasíum í umsjón Reynis Bergsveinssonar, á tímabilinu júlí 2016 til júlí 2017, virðist vera að skila hátt á sjötta hundrað minka úr 16 sveitarfélögum.



Myndin sýnir 7 minka sem allir komu í aprílmánuði í eina minkasíu við Apa-vatn. Minkarnir sóttu í félagsskapinn á fengitíma, einfaldlega allir minkar af ½ ferkm.–1 ferkílómetra. Veiðiaðferðin er þægilegri en ýmsar aðrar aðferðir, bæði fyrir menn og minka. Afköst gildruveiða hafa verið metin í afköstum á 100 gildrunóttum. Hér eru það 7 minkar eftir 30 nætur.



Reynir að hreinsa úr minkasíu.



Hér er 21 minkur úr minkasíunum í Dýrafirði, Önundarfirði og Súgandafirði á liðnum vetri, „ásamt fararstjóra“.



Dæmi eru um að byggja má upp öfluga og góða þjónustu ríkisstofnana þótt starfsstöðvar séu á fleiri en einum stað. Mynd / Þórgnýr Dýrfjörð

Ráðstefna um opinber störf á landsbyggðinni:

Góðar fyrirmyndir til staðar en stefnu stjórnvalda skortir

Margar vel heppnaðar fyrirmyndir eru til staðar og þekking á því hvernig standa megi að opnun og eflingu starfsstöðva opinberra stofnana af höfuðborgarsvæðinu úti á landsbyggðinni, en stefnu stjórnvalda skortir sárlega. Þetta má segja að hafi verið ein af niðurstöðum fundar sem Akureyrarstofa og Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar stóðu fyrir á Akureyri nýverið.

Markmið fundarins var að hvetja stofnanir og fyrirtæki til að skoða þau tækifæri sem felast í því að styrkja starfsstöðvar sínar vítt og breitt um landið, m.a. með því að setja upp dreifða starfsemi með sérhæfingu og þekkingu á völdum stöðum eða með því að skilgreina störf án staðsetningar. Greint er frá ráðstefnunni á vefsíðu Akureyrarbæjar.

Fram kom að nauðsynlegt sé að stjórnvöld taki grundvallarákvörðun um að byggja upp tvo borgarkjarna á Íslandi og að það sé góð leið til að tryggja jafnari dreifingu þjónustu og opinberra starfa á landinu og þar með byggðar.

Vantar skýrari stefnu

Guðmundur Baldvin Guðmundsson, formaður bæjarráðs Akureyrar, ræddi augljósa kosti þess fyrir landsbyggðirnar og íbúa að fyrirtæki og stofnanir byggi upp starfsstöðvar víðar en bara þar sem markaður er stærstur og nefndi einnig að skýrari stefnu stjórnvalda um opinberar stofnanir skorti.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri og Margrét Hauksdóttir, forstjóri Þjóðskrár, sögðu frá sínum stofnunum og tóku dæmi um hvernig má byggja upp öfluga og góða þjónustu þótt starfsstöðvar séu á fleiri en einum stað á landinu.

Þegar embætti skattstjóra á landinu voru sameinuð undir einum hatti ríkisskattsjóra varð í raun til ný stofnun og miklar breytingar urðu m.a. með þeirri afleiðingu að störfum á starfsstöð á Akureyri fjölgaði. Starfsfólki Þjóðskrár á Akureyri hefur líka fjölgað jafnt og þétt á síðustu árum. Í máli beggja mátti heyra að það hvað Akureyri er öflugur þjónustukjarni, skipti miklu máli þegar lagt var af stað og ræður miklu um það hversu vel hefur gengið. Skúli nefndi sérstaklega að Akureyri hafi marga þætti sem borg hefur og það hafi skipt sköpum.

Rafræn stjórnsýsla forsenda þess að skipulag gangi snurðulaust

Fram kom hjá báðum að rafræn stjórnsýsla er forsenda þess að þjónusta og skipulag gangi snurðulaust fyrir sig. Þá nefndu þau bæði að tilvist Háskólans á Akureyri er og var grundvallaratriði í að árangur hefur náðst. Skipulag beggja stofnananna felur í sér að sérhæfð svið þeirra eru staðsett á Akureyri þannig að til verður sérþekking og teymi margra starfsmanna sem vinna að sömu verkefnum. Skúli nefndi sérstaklega að mikil tíðni flugferða milli Akureyrar og Reykjavíkur hafi verið stór þáttur í að byggja upp á Akureyri á sínum tíma og að fækkun ferða á þessari leið hafi bitnað t.a.m. á fundarhaldi á Akureyri.

Svavar Pálsson, sýslumaður á Norðurlandi eystra, var síðastur frummælenda. Hann brýndi fólk til dáða og sagði frá öflugri stefnu Dana í flutningi valdra stofnana frá Kaupmannahöfn. Danir hafa sett sér það markmið að 11,5% opinberra starfa verði flutt frá höfuðborgarsvæðinu. */MÞÞ*







Nýtt og fullkomið eldhús ásamt skrifstofuaðstöðu var formlega opnað í Jónshúsi í Friðheimum 29. júní. Það var Björt Ólafsdóttir umhverfisráðherra sem klippti á borða. Talið frá vinstri: Knútur Rafn Ármann, Dóróthea Knútsdóttir, Helena Hermundardóttir, Björt Ólafsdóttir umhverfisráðherra, Jón Knútsson og Jón K.B. Sigfússon matreiðslumaður sem húsið er kennt við. Í baksýn má sjá Stefán Magnússon, lagerstjóri SFG og Georg Ottoson, eigandi Flúðasveppa. Myndir / HKr.

Nýtt og fullkomið eldhús opnað á Friðheimum

– „Erum komin með þetta í það form sem okkur hefur dreymt um," sagði Knútur Rafn Ármann

Mikið var um dýrðir hjá Knúti Rafni Ármann og Helenu Hermundardóttur, garðyrkjubændum og starfsfólki þeirra í Friðheimum í Reykjum fimmtudaginn 29. júní. Þá var vígt nýtt og fullkomið aðgerðareldhús og skrifstofuhúsnæði sem byggt hefur verið við garðyrkjustöðina.

Fjöldi gesta var við athöfnina og þar á meðal umhverfisráðherrann, Björt Ólafsdóttir, nokkrir þingmenn, sveitarstjórnarmenn og bændur og búalið úr nágrenninu. Bauð Knútur gestina velkomna og sagði að mikið hefði breyst frá því þau Helena fluttu að Friðheimum í Biskupstungum sem nú tilheyrir Bláskógabyggð. Liðin væru 22 ár síðan þau hófu þar búskap.

„Við fluttum 25 ára gömul upp í sveit með þann draum í maganum að vera með hesta og stunda garðyrkju. Við vorum mikið lánsöm að detta niður á þennan yndislega stað. Í þessari yndislegu sveit þar sem okkur var tekið einstaklega vel. Frá fyrsta degi var þetta sveitin okkar," sagði Knútur.

Hann sagði að þau hjón hafi tekið svolítið stóra ákvörðun fyrir átta árum með því að opna búið fyrir gestum. Upphaflega hafi það bara átt að vera lítil sæt hliðarbúgrein þar sem þau gætu verið að tína tómata við hliðina. Þetta sé nú orðið svo miklu stærra og meira en þau hafi óraðfyrir.

Auk hestasýninga og heimsókna í hesthús fóru gestir að spyrjast fyrir um hvort ekki væri boðið upp á heimsókn í gróðurhús. Þau hafi verið hálf hissa á því í byrjun og spurt sjálf sig hvað fólk vildi eiginlega skoða í gróðurhúsi. Við nánari hugsun hafi þau séð að það væri auðvitað ekkert síðra að kynna fólki gróðurhúsaræktunina en hestana. Var í framhaldinu farið að bjóða hópum upp á gróðurhúsaheimsóknir þar sem fólki var kynnt tómatarækt eins og hún gerist heilnæmust. Þetta vatt fljótt upp á sig.

Þegar garðyrkjustöðin var stækkuð 2011 var byggð gestastofa í leiðinni sem vígð var fyrir nákvæmlega fjórum árum. Þá var Sigurður Ingi Jóhannsson, þáverandi landbúnaðarráðherra, fenginn til að klippa á borða.

Sagði Kútur að þetta hafi þróast í það að nú væri opin þarna veitingastaður allt árið um kring þar sem boðið er upp á afurðir gróðrarstöðvarinnar ásamt bakkelsi og öðru góðgæti sem galdrað er fram af meistarakokknum Jóni K.B. Sigfússyni og samstarfsfólki á staðnum.



Flaggað fyrir Jónshúsi í Friðheimum.



Komin með gæða- og umhverfisvottun Vakans. Talið frá vinstri: Rakel Theodórsdóttir, markaðs- og gæðastjóri Friðheima, Helena Hermundardóttir, Áslaug Briem, verkefnastjóri gæðamála hjá Ferðamálastofu og Knútur Rafn Ármann.



Gestir gæða sér á veitingum í nýju og glæsilegu eldhúsi Friðheima.



Meistarakokkurinn Jón K.B. Sigfússon, sem nýja húsið er nefnt eftir, sagði mikinn heiður að fá að vinna með fjölskyldunni á Friðheimum og öllu því einstaka starfsfólki sem þar starfar.

Ótrúleg staða

„Einhvern veginn hefði maður aldrei trúað því fyrir fjórum árum að hér væri hægt að reka veitingastað 100 kílómetra frá Reykjavík sem væri fullur af gestum alla daga frá tólf til fjögur yfir vetrarmánuðina. Þetta sýnir okkur hversu gaman og áhugavert það er að flétta saman landbúnaði og ferðaþjónustu."

Stóri draumurinn

„Þetta hefði þó aldrei orðið að veruleika nema að við hefðum fengið til okkar ótrúlega flottan hóp af hæfileikaríku fólki. Það hefur einhvern veginn laðast að okkur yndislegt fólk sem hefur byggt þetta upp með okkur af alúð. Hér eru 47 manns að vinna í sumar, en rétt rúmlega 30 yfir vetrarmánuðina.

Með þessari stóru stund í dag erum við komin með þetta í það form sem okkur hefur dreymt um."

Seldu tómatsúpu til Mexíkó

„Við fórum í það fyrir þrem árum að opna litlu tómatabúðina okkar. Hún varð svo vinsæl að ári seinna opnuðum við vefverslun og höfum verið að senda tómataafurðir um allan heim. Mér fannst það t.d. mjög gaman þegar við sendum 6 lítra af tómatsúpu til Mexíkó. Mér fannst það svona eins og að selja kaffi til Brasilíu. Þetta sýnir okkur bara hvað er hægt að gera og hvað möguleikarnir eru miklir."

Knútur segir að allar þessar vinsældir og þrengslin sem þau hafi búið við m.a. í eldhúsinu, sem stækkað hefur verið þrisvar sinnum, hafi sýnt þeim að það yrði að búa til betri vinnuaðstöðu.

Ráðist í að byggja almennilegt eldhús

„Það var því ákveðið fyrir tæpu ári að við myndum ráðast í að byggja almennilegt eldhús og vera með skrifstofuhúsnæði ofan á því ásamt fundar- og kaffistofu. Þetta er því eingöngu aðstöðuhús til að gera vinnuaðstöðu okkar betri og að betur fari um okkar starfsfólk. Þarna eru tvö eldhús. Annars vegar keyrslueldhús fyrir veitingastaðinn og inn af því er vinnslueldhús sem hægt er að vinna í þótt verið sé að sinna gestum."

Byrjað var að grafa fyrir húsinu í byrjun desember á síðasta ári og fyrstu steypu var hellt í mót daginn fyrir Þorláksmessu. Síðan hafa framkvæmdir gengið vonum framar og þökkuðu Knútur og Helena iðnaðarmönnunum fyrir vel unnin störf og leystu þá út með koníaksflöskum.

Knútur sagði að með nýju aðstöðunni væri miðað við að þar væri hægt að nýta alla framleiðslu stöðvarinnar og búa til úr því góðgæti. Hann sagði að það hafi líka verið mikil guðsgjöf að kynnast Jóni K.B. Sigfússyni. Hann hafi haft svipaðar hugmyndir og þau um hvernig hægt væri að þróa staðinn áfram.

Jónshús skal það heita

„Þetta verkefni er þó komið miklu lengra vegna þess að hann hefur verið hér með okkur. Okkur langar því sérstaklega honum til heiðurs að nefna þetta hús Jónshús," sagði Knútur í lok ræðu sinnar.

Jón þakkaði fjölskyldu Friðheimahjóna fyrir og sagði að menn hefðu ekki trúað því fyrir fimm árum þegar hann byrjaði að þetta yrði á þessum tíma orðið með stærri fyrirtækjum í uppsveitum Árnessýslu með nær 50 manns í vinnu. Þakkaði hann síðan á ensku öllu því frábæri starfsfólki sem með þeim starfar. Öll væru þau einstök. Að þessu loknu lék Jónína veitingastjóri eitt lag á gítar.

Við þetta tækifæri var Friðheimum veitt gæða- og umhverfisvottun Vakans, sem byggir á ítarlegri úttekt á staðnum og vinnuferlum. Hefur Rakel Theodórsdóttir, markaðs- og gæðastjóri Friðheima, unnið að innleiðingu þessarar vottunar. Það var Áslaug Briem, verkefnastjóri gæðamála hjá Ferðamálastofu, sem veitti Friðheimum viðurkenninguna með formlegum hætti. Þar með eru Friðheimar orðin viðurkennd ferðaþjónusta. Því fylgdi einnig viðurkenning á veitingahúsinu og bronsmerki umhverfiskerfis Vakans, ásamt skilti og fána.

Þá var komið að formlegri opnun á nýju byggingunni þar sem Björt Ólafsdóttir umhverfisráðherra klippti á borða. */HKr.*



Þingmennirnir Ásmundur Friðriksson og Páll Magnússon voru að sjálfsögðu mættir til að gleðjast með eigendum Friðheima. Með þeim á myndinni er Sveinn A. Sæland, garðyrkjubóndi í Espiflöt, eða verðandi þingmaður, eins og Páll orðaði það.

BRIGGS & STRATTON

Mótorar og varahlutir á lager
Hröð og góð þjónusta
Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON á ÍSLANDI
MHG VERSLUN EHF 544-4656 - MHG.IS

SUMARTILBOÐ
10% sumarafsláttur af öllum GARÐHÚSUM
og Sky15-3 og Sky15-44 gestahúsum af verðunum á heimasíðunni okkar
www.volundarhus.is



44 mm bjálki / Tvöföld nótun
GARÐHÚS 14,5 m²

50% afsláttur af flutningi á GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri GESTAHÚS og GARÐHÚS á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.

völundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt
volundarhus.is · Sími 864-2400


GARÐHÚS 4,4m²


GARÐHÚS 4,7m²


GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs


GARÐHÚS 9,7m²

www.volundarhus.is


Flugnabani
-flugnaljós-



Hafrún ehf
Tvær stærðir:
fyrir 70 m2 rými á 4.865 kr. + vsk
fyrir 100 m2 rými á 9.875 kr. + vsk
Hafrún ehf
Sími: 452-4081 / 844-5288
hafrunehf@gmail.com

Bændablaðið
Næsta blað kemur út 20. júlí

ÍSKRAFT
TILBOÐ
Sterkur og þéttur LED „High-bay" iðnaðarlampi
Fáanlegur í 100W, 150W og 200W útfærslum.
Líftími 50.000 klst.
Philips LED og Meanwell driver
DALI dimmanlegir
Frábært kynningartilboð á 150W (18.000 lm)
16.995 án vsk
Vnr: 6160217





Rakaþéttur LED lampi frá ZALUX. 35W – 3900 lm - sambærilegur 2x36W.
Er með hraðtengi, þægilegur og fljótlegur í uppsetningu þar sem aldrei þarf að opna lampann.
Gott höggþol IK08
Líftími 50.000 klst.
6.995 án vsk
Vnr: 6133002

Sterkur og þéttur LED „High-bay" tunnulampi – DALI. Fáanlegur í 150W og 200W útfærslum. Líftími 50.000 klst.
Philips LED og Meanwell driver
DALI dimmanlegir
Ótrúlegt kynningartilboð á 200W (20.000 lm)
20.995 án vsk
Vnr: 6160224

sala@iskraft.is
Smiðjuvegi 5 - 200 Kópavogi - Sími 535 1200 • Iðavöllum 12 - 260 Reykjanesbæ - Sími 421 6526 - Eyrarvegi 42 - 800 Selfossi - Sími 483 5200
Hjalteyrargötu 4 - 600 Akureyri - Sími 455 1200 - Sólvangi 7 - 700 Egilsstöðum - Sími 470 3120

ATVINNA

Skógarafurðir ehf í Fljótsdal óska eftir starfskrafti.
Um er að ræða grisjunarvinnu og almenna úrvinnslu á skógarafurðum í flettivið og eldivið.
Fjölbreytt og skemmtilegt starf.

Viðkomandi þarf að vera líkamlega vel á sig kominn, stundvís, sjálfstæður, helst með bílpróf og ekki spillir ef hann hefur einhverja þekkingu á trjám.

Í boði er eitt 100% starf eða tvö 50% störf.
Laun eru samkomulagsatriði.
Umsóknir sendist á bjarki@skogarafurdir.is

SKÓGARAFURÐIR
ÚRVINNSLUSTÖÐ - 698 6237 - SKOGARAFURDIR.IS

Gamli traktorinn



Þýskur Eicher – varð indversk-finnsk-ameríska



Í þorpinu Forstern, nærri München í Bæjaralandi í Þýskalandi, var fyrsta Eicher dráttarvélin smíðuð árið 1930. Það var Eicher Diesel 22PSI – 1939. Dró hún nafn sitt af þúsundþjalasmiðnum Albert Eicher. Var þetta upphafið að umfangsmiklum rekstri Eicher Forstern og Dingolfing verksmiðjanna.

Áður en hafist var handa við framleiðsluna voru gerðar margvíslegar tilraunir og sótt um einkaleyfi á fjölmörgum hlutum. Var smíðin á fyrstu Eicher vélinni í raun þróuð upp úr gamalli þriggja hjóla dráttarvél og sjálfvirkri sláttuvél.

Það voru bræðurnir Joseph



og Albert Eicher sem lögðu grunninn að þessari framleiðslu, Þeir voru fæddust og ólust upp í landbúnaði í Þýskalandi. Áhugi þeirra á landbúnaði kallaði fram hugmyndir að margvíslegum búnaði til að létta mönnum vinnuna í landbúnaði.

Árið 1949 komu þeir fram með dráttarvél sem var með loftkældum mótor sem skoraði hátt í þessum geira.

Stofnaði fyrirtæki á Indlandi

Árið 1959 var stofnað fyrirtækið Eicher Tractor Corporation of India Private Ltd. Var það í samvinnu við Goodearth Company í Nýju-Delí á Indlandi sem stofnað var sem dreifingar- og þjónustufyrirtæki árið 1948. Kom þá fram 1959 módelið af Eicher ED3 dráttarvélinni.

Selt til TAFE



Hóf fyrirtækið framleiðslu á indverskri útgáfu af Eicher dráttarvélum árið 1960. Var þessi dráttarvélaframleiðsla síðar seld til fyrirtækisins Tractors And Farm Equipment Ltd (TAFE) í Chennai á Indlandi sem enn framleiðir Eicher dráttarvélar.

Frá 1965 hefur Eicher Tractor Corporation eingöngu verið í eigu indverskra hluthafa. Massey Ferguson keypti 30% hlut í þýska fyrirtækinu Eicher árið 1970. Voru þýsku eigendurnir svo keyptir út úr fyrirtækinu árið 1973. Í framhaldinu framleiddi fyrirtækið síðan undir nafninu Eicher Gootearth og síðan eingöngu Eicher. Í framhaldinu var nafninu breytt í Eicher Valtra og síðan Euro Power.

Árið 2005 seldi Eicher Motors Ltd. dráttarvélahlutann, Tractors & Engines, til TAFE og úr varð dótturfélagið TAFE Tractors And Farm Equipment Ltd.

Í eigu Valtra



Dráttarvélar af gerðinni Eicher Valtra og Ero Power eru sömu vélarnar og hafa verið seldar sem Eicher 6100 sem allar eru smíðaðar samkvæmt framleiðsluleyfi frá hinum finnska dráttarvélaframleiðanda.

Í eigu AGCO

Valtra, sem er hluti af AGCO samsteypunni (Agricultural quipment manufacturer), sem er með höfuðstöðvar í Duluth í Georgíu í Bandaríkjunum sem er nú orðinn aðaleigandi að dráttarvélarfyrirtæki sem upprunnið er í Bæjaralandi.

Afsprengi úr Deutz

AGCO var stofnað 1990 þegar yfirmaður hjá Deutz-Allis keypti samnefnt fyrirtæki í Bandaríkjunum af móðurfélaginu Klöckner-Humboldt-Deutz í Þýskalandi sem átti Deutz-Fahr dráttarvélamerkið.

/HKr.

UTAN ÚR HEIMI



Sautján stærstu gámaflutningaskip heimsins losa meiri brennistein út í andrúmsloftið árlega en allir bílar í heiminum. Eitt skemmtiferðaskip mengar jafnmiklu sóti út í andrúmsloftið daglega eins og ein milljón bíla.

Um 90% innflutnings til Íslands kemur með skipum:

Einn mest mengandi iðnaður heims

– 17 stærstu gámaskipin menga meira en allir bílar heimsins

Vissir þú að um 90 prósent af öllu sem þú kaupir kemur til landsins með skipaflutningum? Vegna stærðar skipanna og gríðarlegs magns eldsneytis sem þau brenna eru skip sá iðnaður í heiminum sem mengar einna mest. Þannig losa sautján stærstu gámaflutningaskip heimsins meiri brennistein út í andrúmsloftið árlega en allir bílar í heiminum. Eitt skemmtiferðaskip mengar jafnmiklu sóti út í andrúmsloftið daglega eins og ein milljón bíla.

Þetta eru sláandi staðreyndir og má sjá og heyra af þeim í nýlegri heimildarmynd Bernice Notenboom og Söruh Robertson, Sea Blind.

Skipaflutningar færa okkur matvæli, fatnað, bíla og önnur raftæki ásamt mörgu fleiru. Það má því segja að þeir séu risastórt tannhjól alþjóðaverslunar því án skipaflutninga væri engin hnattvæðing. Vegna stærðar skipanna og þeirrar staðreyndar að skipaiðnaðurinn hefur leyfi til að brenna skítugasta eldsneyti í heiminum þá er þetta sá iðnaður í heiminum í dag sem mengar einna mest. Þessum staðreyndum um skipaflutninga heimsins eru gerð góð skil í heimildarmyndinni Sea Blind, sem var frumsýnd í Rotterdam í janúar árið 2016.


„Sem neytendur erum við orðin vön ódýrum vörum sem eru fljótar að komast á áfangastað alls staðar að úr heiminum. Við erum blinduð á sjóinn (Sea Blind) og fyrir þeim alvarlegu afleiðingum sem þessir skipaflutningar hafa á heiminn okkar. Þetta var ein af ástæðum þess að við réðumst í að gera þessa heimildarmynd," segir Sarah Robertson, annar leikstjóri myndarinnar.

Verða að breyta áherslum

Kvikmyndin hefur verið sýnd um allan heim, á loftslagsráðstefnum, hjá Evrópuþinginu, UNESCO, Alþjóðasiglingamálastofnuninni og í nokkrum höfnum, svo fátt eitt sé nefnt, eins og í Rotterdam og Amsterdam.

„Við vorum um sjö mánuði að gera myndina og það krafðist mikillar rannsóknarvinnu. Þetta viðfangsefni var nýtt fyrir okkur svo við gengum inn í þetta verkefni sem nýliðar en það er oft og tíðum gott þegar þarf að segja flóknar sögur því þá hefur maður hreina grundvallarnálgun fyrir viðfangsefninu. Það hafa margir komið til okkar og sent okkur skilaboð eftir myndina og er fólk gáttað á því að það hafi aldrei heyrt um þessa þætti sem koma fram í myndinni, þannig að áhorfendur hafa verið verulega hissa og tekið þessum nýju upplýsingum fagnandi," útskýrir Sarah og segir jafnframt:

„Flest viðtölin sem við áttum við forsvarsmenn stóru skipafélaganna voru gerð í góðri samvinnu. Sumir voru harðari í horn að taka en aðrir en við fengum mjög frambærilega einstaklinga í viðtöl á endanum. Skipaiðnaðurinn í Evrópu er meðvitaður um að þeir þurfa að vera gagnsærri og menga minna, það er að segja, þeir verða að breyta áherslum og flest stórfyrirtækin samþykkja það. Þegar við höfum sýnt myndina í stórum höfnum, eins og í Rotterdam, þá er það í góðri samvinnu við aðila þar og oft og tíðum skapast málefnalegar umræður um hvernig sé hægt að breyta þessu ástandi sem ríkir í dag. Hið sama er ekki hægt að segja um Norður-Ameríku þar sem hagsmunaðilar eru ekki eins áhugasamir um að vinna að þessu málefni í sameiningu."



Heimildarmynd Bernice Notenboom og Söruh Robertson, Sea Blind.



Sarah Robertson.

Enn hraðara bráðnunarferli

Svört kolefni sem einnig er kallað sót er kastað út í andrúmsloftið í miklu magni vegna þess að skipaflutningar heimsins ganga á þungri, skítugri olíu. Þetta er ódýrasta og skítugasta olían sem hægt er að fá.

„Sótið svífur um loftið í um það bil þrjár vikur en vegna þess að það fer einnig niður á jökla og snjóbreiður Norður- og Suðurpólsins þá endurspeglast sólarljósið ekki lengur og verður þess valdandi að bráðnunarferlið verður enn hraðar. Skipaiðnaðurinn er sá iðnaður í heiminum sem hefur mesta óstjórn, er leynilegastur og sá sem mengar mest. Stóra vandamálið í þessu öllu er að alþjóðahafsvæðin tilheyra öllum heiminum og löggjöfin er hæg og erfið því samstöðu þarf að ná um alla þætti hjá öllum 170 löndunum sem hlut eiga að máli," segir Sarah og bætir við:

„Markmið okkar er að hætt verði að nota óhreinasta eldsneyti í heiminum, svokallað HFO-eldsneyti. Í dag eru nokkrar herferðir í gangi gegn því og er myndin okkar bara eitt tæki í þeirri baráttu. Við teljum að Sea Blind hafi áhrif á iðnaðinn og þá er öðru markmiði náð og okkar mat eftir vinnslu myndarinnar er að iðnaðurinn sé mjög meðvitaður um að það verði að gera virðiskeðjuna gagnsærri og hreinni. Hægt og sígandi eru neytendur líka að verða meðvitaðri um það hlutverk sem þeir spila í þessu stóra tannhjóli. Það sem þarf einnig að ná fram er að stóru birgjarnir verðir pressaðir til að höndla einungis með vörur sem ferðast á hreinu eldsneyti. Sea Blind er sérstæð mynd en það er full þörf á því líka að taka skemmtiferðaskipin fyrir og það er aldrei að vita nema það verði næsta verkefni."

Opnun Norðurslóða

Í baráttunni gegn hnattrænni hlýnun, á ráðstefnu sem haldin var í París árið 2015, féll löggjöf við flug- og skipaiðnaði niður á síðustu stundu og segja aðstandendur Sea Blind það hafa verið mikil vonbrigði.

„Alþjóðaskiparáðið fullyrti að þeir væru vel færir um að taka ábyrgð á því vandamáli sem að þeirra iðnaði sneri. Eftir gerð myndarinnar erum við þess fullvissar að það er ekki hægt að hafa þennan iðnað án eftirlits og ætlast til að þeir geti leyst loftslagsmálefni sín upp á eigin spýtur. Það er sláandi að sautján stærstu gámaflutningaskip heimsins menga meiri brennistein út í andrúmsloftið en allir bílar heimsins og valda alvarlegum heilsufarsvandamálum hjá fólki. Sótið sem kemur frá skipaiðnaðinum hraðar bráðnun íss á Grænlandi og áætla má þegar norðurslóðir opnast fyrir skipaflutninga að um 80 prósent af flutningum fari þar í gegn og þá veltir maður fyrir sér hvaða áhrif þetta muni hafa á heilsu fólks og Norðurslóðir," útskýrir Sarah og segir einnig:

„Sérfræðingar í dag telja að hægt sé að hægja á um 40 prósent af bráðnun á Norðurslóðum með því að banna skítugt eldsneyti en helmingur þess kemur frá skipaiðnaði. Þeir eru einnig sammála um að þetta sé besta tækifærið fyrir okkur til að hægja á bráðnun íss á Grænlandi og það gefur okkur tíma til að undirbúa okkur fyrir hinn nýja hlýja heim. Við vonum að myndin hafi einhver áhrif í þessari umræðu og að fólk almennt verði meðvitaðra sem neytendur og betri þátttakendur í sífellt breytilegum heimi."

/ehg





Til sölu stálsteypumót

Til sölu lítið notuð **PREFORM** stálsteypumót ásamt fylgibúnaði, undirsláttarstoðum, steypusílói, I-bitum, timbur og fl.

Upplýsingar í símum 896 1012 og 898 1014



Hrossabændur - hestamenn!

Vantar hross til slátrunar á næstu vikum.
Forðist biðlista í haust.

Bjóðum tímabundið hækkað verð!

Sláturpantanir í síma 480 4100.

Sláturfélag Suðurlands
Selfossi









Helena Hólm hárgreiðslumeistari ásamt eiginmanni sínum, Stefáni Þór Rögnvaldssyni, smið og múrara. Þau rifu sig upp og seldu eigur sínar í Reykjavík og fluttust að Skálatjörn í Flóa til að gerast geita- og ferðaþjónustubændur. Nú vilja þau hvergi annars staðar vera.
Myndir / Hörður Kristjánsson

Hárgreiðslumeistari úr höfuðborginni gerðist geitabóndi í Flóanum

– Vinnur að þróun margvíslegra geitaafurða auk þess að reka ferðaþjónustu með manni sínum, sem er bæði smiður og múrari

Helena Hólm hárgreiðslumeistari fluttist ásamt eiginmanni sínum, Stefáni Þór Rögnvaldssyni, smið og múrara, úr Reykjavík að Skálatjörn austur í Flóa fyrir þremur árum. Þar gerðust þau geita- og ferðaþjónustubændur. Helena segist engin tengsl hafa haft við sveitina áður en þau ákváðu að söðla um en þau sjái alls ekki eftir því.

Helena stofnaði og rak Hárgreiðslustofu Helenu og Stubbalubba frá 2002 til 2015, en Stubbalubbar var hárgreiðslustofa fyrir börn og er enn í rekstri undir heitinu Stubbalubbar ehf. Helena segir að slitgigt hafi verið farið að angra sig þannig að hún gat ekki lengur unnið við hárgreiðslustörfin. Stefán hafði þá nóg að gera í sínu fagi sem smiður og múrari. Bæði segja þau að vinirnir hafi litið á þau stórum augum þegar þau ákváðu að söðla algjörlega um, selja eignir sínar, rífa sig upp úr borgarmenningunni og flytja út í sveit. Stefán segist nú hvergi annars staðar vilja búa og hann fari helst ekki til Reykjavíkur lengur nema brýna nauðsyn beri til.

Áttu engin tengsl við sveitina þegar þau fluttu

„Við fluttum frá Reykjavík í sveitina haustið 2014. Ég er hárgreiðslumeistari og sagði skilið við starfið í borginni og gerðist geita- og ferðaþjónustubóndi. Ég á engar rætur í sveitinni, en ég og maðurinn minn ákváðum bara að skipta um gír og flytja. Við höfum alls ekki séð eftir því og mér finnst alveg meiri háttar að vera hér. Þar að auki er geitin alveg frábært dýr að vinna með og hægt að nýta hana til margs," segir Helena.

Keyptu fyrrum hestabúgarð

Þau hjón keyptu Skálatjörn sem rekin hafði verið sem hestabúgarður. Þar eru hesthús sem nú eru notuð undir geiturnar. Þá er stór reiðhöll á bænum og vélageymsla, en þau Helena og Stefán hafa ekki ákveðið hvað þau gera með reiðhöllina sjálfa. Áfastri vélageymslu eru þau búin að breyta í gistiaðstöðu með 6 litlum stúdíóíbúðum og í hluta reiðhallar er líka komin íbúð. Þá eru þau með gistiaðstöðu í íbúðarhúsinu líka og geta í heild tekið við 22 gestum í einu.

Blaðamaður Bændablaðsins hitti Helenu fyrst á fjölskylduhátíðinni Fjör í Flóa sem haldin var við félagsheimilið Þingborg í Flóa í maí. Þar var hún með sölubás að kynna sína eigin framleiðslu sem unnin er úr geitaafurðum og var auðvitað tekin tali.

„Ég er að þróa geitaafurðir á Suðurlandi," sagði Helena. Hún segist hafa fengið styrk frá Nýsköpunarsjóði Suðurlands til að þróa geitapylsur og geitapaté (geitakæfu). Hún fékk mjög góðar móttökur á hátíðinni með sínar afurðir og sagðist svolítið hissa á þessum góðu viðbrögðum. Fólk hafi verið ófeimið við að smakka og bragðið hafi komið mörgum á óvart og enginn hafi verið ósáttur.



Skálatjörn í Flóa.







Helena Hólm kynnti afurðir geitarinnar sem framleiddar eru á Skálatjörn á fjölskylduhátíðinni Fjör í Flóa, sem haldin var við félagsheimilið Þingborg nú í maí.

Kynnir möguleikana í framleiðslu geitaafurða

„Ég er að vinna í þessu núna og hef verið að kynna þessar afurðir. Ég er líka í samvinnu við Geitfjárræktarfélagið og hef hug á að koma geitinni betur á framfæri. Þannig vil ég kynna geitakjötið og hjálpa til við að nýta geitina eins og við getum."

22 geitur og fer fjölgandi

-Hvað eruð þið með margar geitur?

„Við vorum nú síðast með 22 vetrarfóðraðar geitur og fer trúlega í 30 næsta vetur. Þá stefni ég allavega á að vera ekki með færri en 50 geitur.

Ég stefni líka á að mjólka þær og framleiða geitaost fyrir heimilið til að byrja með og selja aðrar afurðirnar beint frá býli. Ég hef aðeins prófað að mjólka og búa til osta sem er mjög gaman. Ég fer að færa kiðin frá geitunum þegar líður á sumarið og þau verða stærri. Þá get ég farið að mjólka og prófa mig áfram í ostagerð. Annars mun ég reyna að nýta geitina eins og hægt er og m.a. kemba þær og hirða fiðuna til að spinna úr henni band."

Verið að setja upp litla spunaverksmiðju

Helena segir að geitabændur hafi lengi haft hug á að kaupa vélar til

vinnslu á þelinu eða geitafiðunni hér heima. Fram til þessa hafa íslenskir geitabændur einkum sent fiðu í spunaverksmiðjur í Noregi, en það er mjög dýrt og erfitt við að eiga.

Nú eru hjónin Hulda Brynjólfsdóttir og Tyrfingur Sveinsson á Tyrfingsstöðum, rétt austan Þjórsár á Suðurlandi, að kaupa tæki og búnað til að setja upp litla spunaverksmiðju. Vélarnar eru af Belfast Mini Mill gerð og koma frá Kanada. Hefur fjármagni vegna kaupanna m.a. verið safnað í gegnum fjármögnunarsíðuna indiegogo.com. Byrjað var að setja vélbúnaðinn upp í síðustu viku með aðstoð tæknimanns frá Kanada.

Hulda sagði í samtali við Bændablaðið að allt væri þetta gert í nafni fyrirtækis þeirra hjóna sem heitir Sveitakallinn en reksturinn á spunaverksmiðjunni verður undir nafninu Uppspuni.

Fyrst og fremst verður stílað inn á að framleiða band sem er meðhöndlað af meiri varúð en stærri vélar ráða við og því verður bandið mýkra. Hægt verður að koma með ull til þeirra og fá hana unna í band eftir óskum, eða í kembur sem hægt verður að handspinna úr eða þæfa.

Er smám saman á læra á geitina

„Maður er smám saman að kynnast geitinni og læra meira á hana," segir Helena. „Hún er talsvert frábrugðin sauðfénu. Við vorum líka með fé, en létum það allt frá okkur og ákváðum að gerast bara geitabændur.

Geitur eru mannelskar líkt og hundar. Geiturnar sem ég er að rækta eru frekar gæfar og það dugar að flauta, þá elta þær mig og koma á eftir mér inn í hús. Þær vilja helst allar fá klór og klapp og ég held að ef maður er góður við þær þá strjúki þær ekkert frá manni. Þær fá að éta og fá hlýju og þar sem þær eru hjarðdýr þá halda þær mjög hópinn. Það er því orðið mjög vinsælt að koma í heimsókn til okkar og skoða geiturnar. Þetta er líka mjög skemmtilegt og gaman að þróa vöru úr því sem geitin gefur af sér."

Margir hissa á geitaáhuganum

Helena segir að bændur í sveitinni hafi svo sem ekki haft sérlega mikið álit á hennar búskap og undrist að hún skuli velja sér geitur sem bústofn. Menn hafi ekki haft sérlega mikla trú á að það sé hægt að nýta geitur til að framleiða boðlegar afurðir. Þá segir hún að menn haldi að erfitt sé að eiga við geiturnar og að þær séu strokgjarnar og stökkvi yfir girðingar. Helena segir sína reynslu allt aðra og þegar hún hafi verið að bjóða upp á geitakjöt sé fólk oft búið að dæma fyrirfram án þess að hafa smakkað.

Geitakjöt er með hærra próteinhlutfall og fituminna en lambakjöt. Einnig er það þéttara, með fínni kjöttrefjar og rauðara en lambakjötið.

Hún segir að geitur hafi í gegnum tíðina ekki þótt vænlegar til að búa með. Þær hafi fyrst og fremst verið dýr fátæka mannsins, en séu verulega vanmetnar skepnur. Það hafi m.a leitt til þess að íslenska geitin er í útrýmingarhættu. Stofninn var kominn niður í 222 dýr árið 1981, en geitum hefur hægt og bítandi verið að fjölga á síðustu áratugum. Þannig var stofninn kominn í 1.188 skepnur á síðasta ári, samkvæmt tölum Búnaðarstofu MAST.

Þann 1. janúar 2017 tók gildi reglugerð um geitfjárbúskap. Þar er tekið fram að til að geta fengið styrk til að viðhalda viðkvæmum geitastofni, verði ræktendur að búa á lögbýli. Helena segir að margir geitabændur séu ósáttir við þessa reglugerð, enda búi þeir ekki allir á lögbýlum. Eigi að síður hyggjast þessir bændur láta reyna á hvort þeir muni njóta aðstoðar eins og áður.

„Það er verulega gaman að fá að taka þátt í þessari uppbyggingu og verndun stofnsins. Samt bý ég á sýktu svæði og get því ekki selt frá mér lífdýr. Að sama skapi verð ég að fara yfir nokkrar varnarlínur til að ná mér í dýr til að fjölga í mínum stofni. Það má því segja að ég sé í svolítilli klemmu að vera staðsett hér," segir Helena Hólm. Hún er þó afskaplega ánægð með að hafa tekið þá ákvörðun að flytja austur í Flóa. */HKr.*



Geiturnar á Skálatjörn eru einstaklega geðgóðar og skemmtilegarog segist Helena hafa lagt mikið upp úr að velja til sín skapgóð dýr til ræktunar. Þótt þær séu á beit langt úti á túni, þá dugar fyrir Helenu að flauta á þær heima við bæ, þá koma þær strax hlaupandi.



Það varð bókstaflega uppi fótur og fit þegar Helena mætti með fötu af brauði fyrir geiturnar. Þótt gæfar og rólegar þær séu, þá vildi engin vera síðust til að krækja sér í brauðbita. Fékk Helena vel að vita af því, en allt fór þetta þó vel á endanum.







Hann er óneitanlega myndarlegur þessi geithafur á Skálatjörn og ekki þótti honum verra að fá klapp frá Stefáni.

Vel heppnuð Prjónagleði

– Tæplega 70 skráðu sig á námskeið og fyrirlestra á Blönduós þar sem Anne Eunson frá Hjaltlandseyjum var meðal kennara

Prjónagleðin 2017 var haldin á Blönduósi nýverið. Tæplega 70 skráðu sig á námskeið og fyrirlestra sem öll gerðu góða lukku enda er lögð áhersla á að fá hingað færustu kennara og fyrirlesara.

Kennarar leggja metnað sinn í að vera með stutta og skýra framsetningu svo allir geti lært sem mest. Anne Eunson frá Hjaltlandseyjum var í hópi kennara, en hún hefur komið á þær tvær Prjónagleðishátíðir sem áður hafa verið haldnar. Þykir hún ein harðasta prjónakona sem sögur fara af hér á landi. Hún hefur gengið svo langt í prjóni að hún prjónaði girðingu í kring um garðinn sinn með blúnduprjóni. Prjónagleðiskonur sem rita pistil um nýjustu hátíðina velta fyrir sér hvort húnvetnskir bændur muni ef til vill leika sama leikinn.



Handavinnukennari að sunnan tók til sinna mála og kenndi Jakob og Poul að prjóna.



Allt lagt á sig til að punta bæinn með prjónagraffi. Ung stúlka úr Skagafirði lagði á sig að klifra upp á ruslafötu til að allt færi nú sem best.

Áhugaverðir fyrirlestrar

Fyrirlesturinn „Dætur mínar skulu allar fá að læra að skrifa“, saga Kvennaskólans á Blönduósi 1879–1978, sem Iðunn Vignisdóttir sagnfræðingur flutti, hlaut verðskuldaða athygli þeirra sem heyrðu. Það sama má segja um merkilegan fyrirlestur Ásdísar Jóelsdóttur lektors um upphaf íslensku lopapeysunnar en hún vann rannsóknarverkefni um efnið á vegum Heimilisiðnaðarsafnsins á Blönduósi, Hönnunarsafns Íslands og safnsins að Gljúfrasteini.

Nýtt var að þessu sinni að bæta hekli við hátíðina en Tinna Þórudóttir Þorvaldar er sú sem hefur haft veg og vanda að því að gera hekl að þjóðarsporti í hannyrðum. Hún flutti „prjónagraff“ bæði til Íslands og Danmerkur á sínum tíma. Hennar fyrirlestur fjallaði um þau áhrif sem Havana hefur haft á sköpun hennar í hekli.

Opið var inn á sölubása og veitingasölu og myndaðist skemmtileg stemning þar. Alls 19 aðilar mættu með vörur sínar



Einbeittir nemendur Helgu Jónu Þórunnardóttur við vinnu sína.



Poul, Jakob og Marco, allir arkitektar frá arkitektastofunni Norrøn, komu og kynntu verkefnið „Flytjanlegt textílhótel“ sem Textílsetur Íslands – The Icelandic Textile Center er þátttakandi í ásamt Fanøfestivalen í Danmörku og Orkanger í Noregi. Þeir sögðu líka frá hugmyndinni um að halda prjóna-hönnunarsamkeppni á þessum þremur prjónahátíðum.



Úrslit úr hönnunarkeppninni voru tilkynnt um kvöldið og vinningshafinn er Sigrún Helga Indriðadóttir og þótti hennar tillaga listræn, sýna mismunandi áferðir og vera frumleg. Verðlaunin voru eitt námskeið að eigin vali, hátíðar-kvöldmatur og aðgangur að Prjónagleði 2018. Síðan fengu allir þátttakendur tvær dokkur af léttlopa, bundnar inn í laxaskinn frá Tannery Visitor Center – Gestastofa Sútarans sem styrktu keppnina auk Ístex.





Þrjár skeleggar systur, Stína Gísladóttir, Rúna og Edda Gísladætur. Þær puntuðu upp á hátíðina hvar sem þær voru.

og listmuni. Einnig voru sýnd vinnubrögð og deild út reynsla til allra sem áhuga höfðu á, beint úr básunum. Gerður var góður rómur af þeim vörum og því fólki sem var í básunum og má segja að þarna hafi verið saman kominn þverskurður af íslensku prjóni og vörum tengdum prjóni.

„Flytjanlegt textílhótel”

Fyrir utan spennandi námskeið og fyrirlestra var haldin prjónahönnunarkeppni sem tengdist verkefni sem Textílsetrið er þátttakandi að ásamt Fanø í Danmörku og Orkanger í Noregi. Verkefnið kallast „Færanlegt textílhótel“ og hafa þessar þrjár prjónahátíðir hlotið styrk frá Norræna menningarsjóðnum til að vinna undirbúningsvinnu fyrir hótelið.

Þrír arkitektar frá arkitekta-stofunni Norrøn mættu á svæðið og kynntu verkefnið. Þessi arkitektastofa er margverðlaunuð fyrir nákvæma rannsókn á samfélagi og menningu þeirra í nærumhverfi þeirra verkefna sem þeir eru að vinna að, sem þeir nýta síðan í hönnunina. Þeim var það mjög mikilvægt, að sögn, að hafa komið, upplifað stemninguna, heimsótt námskeiðin, skoðað þær hugmyndir sem komu í samkeppninni og svo ekki sé talað um að þeir lærðu að fitja upp á, prjóna og fella af! Þeir sögðu að það væri allt önnur útkoma að upplifa þetta sjálfir en að lesa og teikna við borðið í Kaupmannahöfn. Sigrún Indriðadóttir á Stórhól í Skagafirði vann keppnina en í allt tóku 12 manns þátt. Hennar tillaga þótti listræn, spennandi áferðir og hún sýndi grunnhráefni okkar, sem er ullin, á einstakan hátt. Þeir fóru með allar tillögurnar með til að nýta í hönnuninni. Síðar fara þeir á hinar hátíðirnar, bæði í Noregi og Danmörku.

Prjónagjörningur

Einn hluti dagskrárinnar var Prjónagjörningur, en Kerstin Lindstrøm, sænskur listamaður sem dvelur í textíllistamiðstöðinni á Blönduósi, hóf það verkefni fyrir allmörgum árum í samvinnu við alþjóðlegan félagsskap sem kallast Gavstrik. Félagar þess prjónuðu hver sinn rauða bútinn sem síðar var settur saman í Færeyjum.

Hugmyndin fæddist eftir að hún hafði setið lengi við tölvu en þá uppgötvaði hún að lítið lægi eftir hana og hugsaði þá um tímann og hvernig við verjum honum. Í framhaldi af því hugsaði hún að prjón er eins og klukka, hver lykkja eins og sekúnda og prjón skilur alltaf eitthvað eftir sig. Prjónagjörningurinn hefur að auki farið til Hjaltlandseyja, Kanada, Parísar og Svíþjóðar. Hvert land hefur sinn lit. */MÞÞ*

SKÓGRÆKT & LANDGRÆÐSLA

Húnaþing vestra:


Ráðist í sjö búskaparskógræktarverkefni

– Markmið að bæta búsetuskilyrði og laga skógrækt að þörfum bænda

Unnið verður að sjö verkefnum í Húnaþingi vestra undir merkjum átaksverkefnis í búskaparskógrækt sem efnt var til á síðasta ári. Skjólbeltakerfi verður ræktað á tveimur jörðum, snjófangari á einni jörð og hagaskógur á tveimur. Auk þess verða gerðar tilraunir með skógarbeit og klónatilraun með ösp í skjólbelti.

Á síðasta ári tilkynnti Sigrún Magnúsdóttir, þáverandi umhverfisráðherra, um eins árs þróunar- og átaksverkefni um búskaparskógrækt í Húnaþingi vestra. Veittar voru sjö milljónir króna til verkefnisins og Skógræktinni falið að stýra því í samvinnu við Húnvetninga.

Sæmundi Kr. Þorvaldssyni skógfræðingi var falið að stýra verkefninu fyrir hönd Skógræktarinnar og ásamt honum sér Johan Holst skógræktarráðgjafi um faglegu hliðina. Efnt var til samráðs við Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda og Sveitarfélagið Húnaþing vestra. Þetta kemur fram á vef Skógræktarinnar.



Loftmynd af hönnun snjófangarans á Gauksmýri. Svæðið er hrosshagar þar sem tekist er á við NNA-skafrenning ofan úr fjallsöxl sem í snjóavetrum hefur allur safnast heim að athafnasvæði við hús. Í fremstu víglínu (1 og 2) eru einföld víðibelti en svo taka við þrefaldar óreglulegar raðir grenitrjáa (6 m breiðar) með 25–35 m millibili. Hér er það óreglan sem gildir, bæði lóðrétt og lárétt. Bilið milli greniraðanna er ætlað til snjósöfnunar og þar mundu tré brotna undan snjófargi. Belti nr. 3–5 eru hefðbundin víði- og asparskjólbelti á skurðruðningum.



Gróðursetning í hagaskóg á Fjarðarhorni í Hrútafirði er vel á veg komin enda fríður flokkur sem vinnur verkið. Með hagaskógi er átt við gisinn skóg með góðum bithögum.

Skógrækt til bættra búsetuskilyrða

Þegar stofnað var til verkefnisins lagði ráðherra áherslu á að hugað yrði að ræktun skjólbeltakerfa, skjóllunda fyrir búfé, hagaskóga, landgræðsluskóga, skjólskóga, akurskóga og fjölnytjaskóga þar sem timburvinnsla yrði til viðbótar við önnur markmið. Bændur skyldu fá ráðgjöf um hvernig nýta mætti framantalda kosti til að bæta skilyrði til búsetu á jörðum sínum og kanna skyldi hvers konar breytingar væri æskilegt að gera á núverandi stuðningi við skógrækt á lögbýlum svo að skógræktarverkefni yrðu áhugaverðari fyrir bændur.

Með þessu verkefni er í raun verið að styrkja í sessi fyrirbrigði sem ráðherra kaus að kalla búskaparskógrækt en hefur líka verið nefnt skógarlandbúnaður, og er skipulagður út frá þeirri hugmynd að saman fléttist í eina heild skógrækt og annar búskapur. Markmiðið er sjálfbær landnýting þar sem trjárækt er á sama svæði og annar búskapur og framleiðsla búsins fæst bæði af ökrum, búfé og trjám. Með þessu fáist sterkari vistkerfi á bújörðinni og meiri líffjölbreytni.

Að flétta trjá- og skógrækt saman við hefðbundnar búgreinar á íslenskum búum hefur margvíslegan ávinning fyrir bóndann. Skjólbelti draga úr áföllum vegna tíðarfars og þau geta minnkað ágang gæsa og álfta á túnum. Búast má við meiri grósku og þar með uppskeru í skjólinu. Trjágróðurinn grípur næringarefnin sem ekki nýtast á túninu eða akrinum og koma í veg fyrir að þau skolist út í vatnasvið.

Skjól- eða skógarbelti má líka nota til að stýra því hvar snjór safnast fyrir eða til að skýla lambfé á vorin, skýla íbúðar- og útihúsum, búa til umhverfi til útivistar, o.s.frv. Svo má nefna teinungs¬skóg með t.d. ösp þar sem markmiðið getur t.d. verið að uppskera reglu¬lega iðnvið, enn fremur hagaskóg þar sem megintilgangurinn er að skapa gjöfult beitiland fyrir búfé en timburtekja getur verið aukageta og margt fleira.

Verkefni á sjö jörðum

Fjórtán umsóknir bárust um þátttöku í slíkum verkefnum. Sæmundur og Johan skoðuðu viðkomandi jarðir í marsmánuði og nú er stefnt að því að ráðast í verkefni á alls sjö jörðum. Á Lækjamóti í Víðidal verður ræktað skjólbeltakerfi en snjófangari á Gauksmýri í Línakradal. Á Mýrum 3 í Hrútafirði verður ræktað öflugt skjólbeltakerfi um tún og bæjarhús. Í tilraunaskyni er líka efnt til nokkurs konar aukaverkefnis á Brekkulæk í Miðfirði þar sem rýrt holt með eldri hagaskógi hjá skógar- og sauðfjárbónda verður varið fyrir hrossabeit en ekki sauðfjárbeit.

Tilraunir með hagaskógrækt verða enn fremur gerðar á tveimur stöðum, annars vegar á Fjarðarhorni í Hrútafirði á rúmlega 26 hekturum og hins vegar á 5,4 hekturum á Kolugili í Víðidal. Með hagaskógi er átt við gisinn skóg með góðum bithögum. Í þessum tilraunum verður þess freistað að koma upp lerkiskógi án friðunar fyrstu árin. Sé þetta hægt sparast miklir fjármunir sem ella færu í girðingar. Loks skal nefna að á Bakka í Víðidal verður líka gerð áhugaverð tilraun. Þar verða gróðursettir nokkrir sérvaldir asparklónar í skjólbelti við tún í um 200 metra hæð yfir sjó. Framkvæmdir eru hafnar við jarðvinnslu vegna skjólbelta á Gauksmýri og gróðursetning í snjófangara. Einnig er gróðursetning í hagaskóginn í Fjarðarhorni vel á veg komin. Vart hefur orðið mikils áhuga meðal bænda um allt land á þessum verkefnum í Húnaþingi vestra. */MÞÞ*

Skógræktarfélag Eyfirðinga:

70 rósakirsitré gróðursett á 70 ára afmælisári

Gróðursett voru 70 rósakirsitré og ýmsar fleiri blómstrandi tegundir trjáa, runna og fjölæringa á árlegum gróðursetningardegi Skógræktarfélags Eyfirðinga á dögunum, en það var stjórn félagsins, starfsmenn þess og fjölskyldur sem komu saman og gerðu sér glaðan dag í tilefni af því að 70 ár eru liðin frá því starfsemi gróðrarstöðvar hófst í Kjarnaskógi.

Tímamótanna verður minnst með ýmsum hætti í sumar og 19. ágúst verður skógardagur Norðurlands haldinn á Birkivelli, nýju grill- og leiksvæði sem þá verður formlega tekið í notkun í Kjarnaskógi. Þar hefur uppbygging staðið yfir undanfarin misseri og eru þar nú strandblakvellir, völundarhús, grillhús, margs konar leiktæki, borðtennisborð, hjólastólaróla og snyrtingar. Leitast hefur verið við að hafa gróður sem fjölbreytilegastan og trjátegundir sem flestar að því er fram kemur á vef Skógræktarinnar.

Bleikt blómahaf á vorin

Sólskógar reka nú gróðrarstöðina í Kjarna sem Skógræktarfélag Eyfirðinga rak áður en félagið sér áfram um viðhald og uppbyggingu í Kjarnaskógi og Naustaborgum. Gott samstarf er þarna á milli og til dæmis gefa Sólskógar rósakirsitrén 70 sem nú eru komin í jörð skammt neðan við Birkivöll, á skjólgóðu svæði þar sem komið verður upp minigolfvelli. Þar má búast við að verði bleikt blómahaf á vorin sem verður æ tilkomumeira með hverju árinu sem líður. Auk rósakirsitrjánna voru gróðursettir heggir, blóðheggir, gullregn, sírenur, álmar, lyngrósir og fjölmargar fleiri tegundir sem prýða munu svæðið og blómstra á mismunandi tímum sumarsins.

/MÞÞ



Gróðursett voru 70 rósakirsitré og ýmsar fleiri blómstrandi tegundir trjáa, runna og fjölæringa á árlegum gróðursetningardegi Skógræktarfélags Eyfirðinga á dögunum. Myndir / Pétur Halldórsson

HLUNNINDI & VEIÐI

Heilnæmi íslensks sjávarfangs:

Matís hefur á ný vöktun á efnum í sjávarfangi

Íslenskt sjávarfang hefur lengi verið markaðssett þannig að áhersla hefur verið lögð á hreinleika og heilnæmi þess. Ekki nægir þó að fullyrða að vara sé heilnæm.

Vönduð og vel skilgreind vísindaleg gögn um óæskileg efni í íslensku sjávarfangi eru lykilatriði til að sýna fram á stöðu íslenskra sjávarafurða m.t.t. öryggi og heilnæmis.

Fylgjast þarf með óæskilegum efnum í sjávarfangi

Útflutningur íslenskra matvæla er einnig háður því að unnt sé að sýna fram á að öryggi þeirra, með hliðsjón af lögum, reglugerðum og kröfum markaða.

Á tímabilinu 2003–2012 sá Matís um að safna gögnum vegna kerfisbundinnar vöktunar á óæskilegum efnum í sjávarfangi úr auðlindinni og voru niðurstöður þessarar vöktunar fyrir hvert ár teknar saman og gefnar út í skýrslu á ensku. Þessar skýrslur eru öllum opnar og aðgengilegar á heimasíðu Matís.

Lítið um vöktun vegna fjárskorts

Litið var á þessa sívirku vöktun á aðskotaefnum í sjávarfangi sem mikilvægan lið í því að tryggja hagsmuni Íslands vegna útflutnings sjávarafurða og tekjur sem leiðir af honum.

Undanfarin ár hefur Matís ekki fengið fjármagn til að halda áfram að vinnu við þetta vöktunarverkefni og því hefur verið hlé á þessari mikilvægu gagnasöfnun sem og útgáfu niðurstaðna á tímabilinu 2013–2016.

Matís hefur kerfisbundna vöktun á nýjan leik

Nú hefur verið gengið frá þjónustusamningi milli atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins og Matís um að hefja á nýjan leik kerfisbundna vöktun á óæskilegum efnum í sjávarfangi úr auðlindinni.

Verkefnið hófst í mars 2017 og stefnt er að því að taka sýni af helstu lykilútflutningstegundum íslensks sjávarfangs og mæla styrk óæskilegra efna s.s. ýmissa díoxín efna, PCB efna, varnarefna og þungmálma í þeim. Vísindaleg gögn af þessu tagi frá óháðum rannsóknaraðila um styrk óæskilegra efna í sjávarfangi eru mjög mikilvæg í markaðskynningum á sjávarafurðum fyrir væntanlega kaupendur og styrkir allt markaðsstarf fyrir íslenskar sjávarafurðir.

Gögnin nýtast enn fremur til að sýna fram á stöðu íslenskra sjávarafurða m.t.t. öryggi og heilnæmis sem og við áhættumat á matvælum.



Það þykir ekki boðlegt lengur að vaða fisk upp í mitti um borð í smábátum. Sjómenn eru orðnir vel meðvitaðir um að aflinn er matvæli og umgengnin um hann skiptir öllu máli varðandi væntanlegar tekjur. Myndir / Matís

Margildi verðlaunað fyrir síldarlýsi

Frumkvöðlafyrirtækið Margildi veitti nú nýverið viðtöku hinum alþjóðlegu iTQi (International Taste & Quality Institute) Superior Taste Award matvælagæðaverðlaunum fyrir síldarlýsi sitt. Verðlaunin voru afhent við hátíðlega athöfn í hinu sögufræga Cercle Royal Gaulois, í Brussel að viðstöddu miklu fjölmenni.

Að sögn starfsmanna Margildis, þá þykir það nokkuð mikil list að gera lýsi (ómega-3) svo gott að 135 meistarakokkum og matgæðingum líki vel. Margildi var stofnað 2013 af Erlingi Viðari Leifssyni og Snorra Hreggviðssyni.

Síldarlýsi með og án appelsínubragðs

Verðlaunin voru veitt fyrir síldarlýsi Margildis bæði með og án appelsínubragðs. Verðlaunin eru sambærileg Michelin-stjörnum veitinga- og hótelbransans og er Margildi sönn ánægja að vera landi og þjóð til sóma á þennan hátt.

Verðlaunin eru mikil viðurkenning og mun efla markaðssetningu síldarlýsis Margildis þar sem söluaðilar á neytendamarkaði fá leyfi til að merkja síldarlýsið með viðurkenningarborða iTQi sem staðfestir bragðgæði lýsisins.

Einkaleyfisvarin framleiðsluaðferð

Einstök einkaleyfisvarin framleiðsluaðferð Margildis á síldarlýsi stuðlar að nærri því tvöfalt betri nýtingu á hrálýsi úr síld, loðnu og makríl með því að vinna það til manneldis í stað dýraeldis. Þetta er m.a. umhverfismál því með því að gera það mögulegt að fólk neyti lýsisins beint má sleppa millilið sem er meltingarvegur dýra s.s. laxfiska. Margildi vinnur því að því að beina notkun á lýsi sem mest yfir í fljótandi form sem fæðubótarefni og einnig sem íblöndunarefni í matvæli, svokallað markfæði. Þannig er fleirum gert kleift að neyta ómega-3 á sama tíma og dregið er úr notkun umbúða.

Margildi vinnur í samstarfi við nokkur íslensk fyrirtæki að þróun hollra matvæla sem innihalda ómega-3 úr lýsinu og má þar m.a. nefna ferskt pasta, viðbit úr smjöri, skyr, íslenska repjuolíublöndu, brauð o.fl.

Víðtækur stuðningur

Frumkvöðlafyrirtæki eins og Margildi þurfa á öflugu stuðningsneti opinberra og einkaaðila að halda til að komast á legg. Án fjárstuðnings núverandi hluthafa Margildis, AVS, rannsóknasjóðs í sjávarútvegi, Tækniþróunarsjóðs Rannís, Uppbyggingarsjóðs Austurlands, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, Íslandsbanka og TM, hefði þetta ekki verið hægt. Það á einnig við um ómetanlegt samstarf við aðra aðila s.s. Matís, Háskólann á Akureyri, Síldarvinnsluna, HB Granda, Loðnuvinnsluna, Eskju, Skinney Þinganes, Ísfélagið, Vinnslustöðina, Eflu, Alta, Kanon, KPMG, Samhenta, Sjávarútvegsráðstefnuna, Sjávarklasann ofl. aðila.

Verðlaunalýsi Margildis hefur verið selt til Evrópu og Bandaríkjanna og fer í smásöludreifingu hérlendis í lok sumars undir nýju vörumerki og líklegt að fleiri aðilar bætist í hópinn fljótlega.

Margildi vinnur áfram jafnt og þétt að frekari rannsóknum, vöruþróun og markaðssetningu framleiðsluvara ásamt undirbúningi að byggingu eigin lýsisverksmiðju.

Matís og Landssamband smábátaeigenda í sameiginlegu átaki:

Bætt aflameðferð á smábátum

Hér áður fyrr þótti það merki um mikla aflakló og góð aflabrögð að koma að landi með svo mikinn afla að menn komust ekki sjálfir um dekkið nema að vaða fisk upp að mitti. Í dag þykir slíkt ekki vitnisburður um góða meðferð á matvælum.

Sem betur fer hefur þetta breyst töluvert undanfarin ár enda sjómenn meðvitaðri um mikilvægi góðrar meðhöndlunar á okkar dýrmæta sjávarfangi, segir í frétt á vefsíðu Matís. Landssamband smábátaeigenda (LS) og Matís hafa undanfarin ár staðið fyrir átaki þar sem smábátasjómenn eru hvattir til dáða til að fara vel með allan afla. Sérstakt verkefni, Fallegur fiskur, var sniðið utan um þetta átak en á Facebook-síðu verkefnisins deila menn myndum sín á milli sem sýna mismunandi meðferð á afla. Óhætt er að segja að Fallegi fiskurinn hafi vakið athygli.

1.000 sjómenn fengu hitamæli

Nú síðast fengu allir smábátasjómenn hitamæli að gjöf ásamt bæklingi frá LS og Matís. Góður pakki ratаði því til um 1.000 smábátasjómanna, allt í kringum landið. Með gjöfinni er því beint til smábátaeigenda, að þeir óski eftir því að fiskmarkaðir sem landað er hjá, skrái hitastig aflans við uppboð.

Tilgangur verkefnisins – mikilvægi góðrar meðhöndlunar

Smábátaeigendur hafa af fjölmörgum ástæðum einstök tækifæri til að afla sér sérstöðu á mörkuðum með afurðir sínar. Með því að vekja athygli á bættri meðferð afla, er sérstaklega verið að vinna með þann möguleika að auka gæði með kælingu, ekki síst vegna hins stutta tíma frá veiðum til vinnslu, sem er eitt af einkennum smábátaútgerðarinnar.

Í sívaxandi samkeppni á mörkuðum og aukinni neytendavitund eru tækifæri smábátaútgerðarinnar augljós. Ferskleiki hráefnisins, umhverfisáhrif veiðanna og sú ímynd sem smábátaveiðar hafa hjá neytendum bera þar hæst, en til að nýta þessi samkeppnisforskot sem skyldi þarf að tryggja hámarks vörugæði, segir í frétt Matís. /HKr.




Allir smábátasjómenn fengu hitamæli að gjöf ásamt bæklingi frá LS og Matís. Góður pakki ratаði því til um 1.000 smábátasjómanna, allt í kringum landið.



Hér er greinilega vandað til verka í frágangi afla.

UTAN ÚR HEIMI



Norðurheimskautið geymir gífurlegt magn kolefnis sem gæti losnað út í andrúmsloftið vegna hlýnandi loftlags. Kortið sýnir umfang sífrera á norðurhveli jarðar og lífrænt kolefnisinnihald jarðvegsins í allt að 1 metra dýpi samkvæmt áætlun Northern Circumpolar Soil Carbon Database.

Ógnin eykst sem stafar af þiðnandi sífrera

Norðurheimskautið hlýnar hratt sem veldur því að sífreri þiðnar. Sífreri (e. permafrost) er skilgreindur sem varanlega frosinn jarðvegur. Sífrera er að finna í jarðvegi út frá pólunum tveim og í fjallagörðum. Á norðurheimskautinu þekur sífreri um 23 milljón ferkílómetra eða um fjórðungur af norðurhveli jarðar en búist er við að syðri mörk hans færist mörg hundruð kílómetra til norðurs á þessari öld.

Þegar sífrerajörð þiðnar losnar kolefni úr jarðveginum út í andrúmsloftið. Nú er talið að allt að 67 milljarðar tonna af köfnunarefni sem hefur verið bundið í sífrera í þúsundir ára geti losnað sökum hlýnandi loftslags. Veldur það vísindamönnum verulegum áhyggjum enda gæti það haft í för með sér keðjuverkandi stigvaxandi áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda sem leiðir aftur til enn frekari hlýnunar jarðar.

Samkvæmt nýútkominni grein í tímaritinu PNAS bætist áhrif frá losun hláturgass (N20) úr sífrerajarðvegi ofan á aðra ógn vegna þiðnunarinnar. Þar sem sífrera-




Sífrerinn gefur eftir í takt við hlýnandi loftslag.

vistfræðilega með breyttum umhverfisskilyrðum sökum hlýnunar. Mannvirki og vegir á norðurhveli hafa orðið fyrir skemmdum og jafnvel hrunið vegna þiðnunar jarðvegsins. Þá hefur þiðnunin leyst miltisbrand úr læðingi sem hefur orðið mönnum að aldurtila. */ghp*

jarðvegur geymir gríðarlegt magn kolefnis sem áður hefur ekki verið aðgengilegt, getur niðurbrot lífrænna efna í þessum jarðvegi leitt til losunar mikils magns af hláturgasi. Hláturgas mun hafa um 300 sinnum skaðlegri áhrif á hlýnun jarðar en koltvísýringur (CO2) og því eru viðbrögð við þiðnandi sífrera afar aðkallandi.

Áhrif sífrera er byrjað að gæta víða á Norðurslóðum, ekki aðeins



Stórir gígar myndast við Hudson-flóa þegar ísinn undir yfirborðinu þiðnar og jarðvegur gefur sig.

mast ...frá heilbrigði til hollustu
Matvælastofnun

Ákvörðun varðandi úthlutun á greiðslumarki staðfest

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur kveðið upp úrskurð vegna stjórnsýslukæru varðandi úthlutun á greiðslumarki í mjólk í febrúar sl.

Í 10. gr. reglugerðar nr. 1150/2016 um stuðning í nautgriparækt segir að greiðslufrestur vegna kaupa á greiðslumarki sé 20. febrúar. Kærendur óskuðu eftir greiðslufresti sem Matvælastofnun hafnaði og upplýsti að ekki væri hægt að skrá kaupin. Þann 21. febrúar var gengið frá uppfærslu á greiðslumarki skv. reglugerðinni. Þann 23. febrúar kröfðust kærendur þess að fá afhent það greiðslumark sem til stóð að úthluta gegn greiðslu. Matvælastofnun hafnaði viðtöku greiðslunnar og vísað til þess að ekki hefði verið heimild til að veita greiðslufrest. Í kjölfarið var málið kært til ráðuneytisins.

Í niðurstöðu ráðuneytisins segir að kærendur hafi ekki uppfyllt lögbundin skilyrði fyrir kaupum á innleystu greiðslumarki, sbr. 10. gr. reglugerðarinnar. Ráðuneytið taldi sjónarmið um meðalhóf ekki eiga við enda hefði Matvælastofnun ekkert svigrúm til að veita greiðslufrest skv. reglugerðinni. Þá taldi ráðuneytið að jafnræði aðila hefði verið gætt.

Ákvörðun Matvælastofnunar um að hafna greiðslu frá kæranda fyrir greiðslumark mjólkur var því staðfest.

Kæling matvæla eftir eldun

Árlega standa Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna fyrir sameiginlegum eftirlitsverkefnum. Verkefnin standa yfir í afmarkaðan tíma og er þá lögð áhersla á ákveðið, afmarkað málefni. Að þessu sinni var sjónum beint að kælingu matvæla eftir eldun en ónóg og/eða of hæg kæling matvæla eftir eldun er ein meginorsök matarborinna sjúkdóma.

Sjö heilbrigðiseftirlitssvæði auk Matvælastofnunar tóku þátt í eftirlitsverkefninu. Verkefnið skiptist í tvennt:

1. Eftirlitsmenn heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og Matvælastofnunar heimsóttu 26 fyrirtæki og öfluðu upplýsinga um hvernig matvælaframleiðendur, full- eða hálf eldaðra rétta, standa að kælingunni.

2. Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna gerðu könnun á því hve meðvitaðir matvælaframleiðendur eru um þær hættur, sem leynst geta í framleiðsluvörunum og hvernig þeir tryggi öryggi matvælanna, en veigamikill þáttur í því að tryggja öryggi matvæla er að standa rétt að kælingu eftir eldun. Könnunin var gerð meðal 40 fyrirtækja, þ.m.t. fyrirtækin 26 sem heimsótt voru sbr. tölulið 1.

Niðurstöður úr heimsóknum voru þær að í 25 fyrirtækjum af 26, sem heimsótt voru, var það mat eftirlitsmanns að rétt væri staðið að kælingu matvæla.

Niðurstöður könnunar sýna að framleiðendur eru nokkuð meðvitaðir um nauðsyn kælingar og hvernig tryggja megi öryggi matvælanna. Flestir þátttakendur töldu helstu hættu vegna framleiðsluferilsins, þar sem matvæli eru kæld eftir eldun, vera sjúkdómsvaldandi örverur. Rúmur fjórðungur svarenda taldi enga hættu fylgja framleiðsluferlinu, mögulega vegna þeirra öryggisráðstafana sem gerðar eru. Flestir framleiðendur sögðust hafa skilgreint verklag við kælinguna en aðeins tæpur helmingur var með verklagið skriflegt. Flestir gerðu sér grein fyrir þeim hættum sem fylgja framleiðsluferlinu og telja öryggi matvælanna tryggt með þeirri kæliaðferð sem notuð er.

FJÓRHJÓL ERU EKKI LEIKTÆKI BARNA

Á síðustu árum hafa orðið mörg slys af völdum fjórhjóla. Í flestum tilvikum eru þessi tæki án veltigrindar.

Gæta skal varúðar við notkun fjórhjóla og ætíð nota tilskilinn hlífðarbúnað.

Fjórhjól eru ekki leiktæki barna.

Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á **bondi.is**



Búum vel
ÖRYGGI • HEILSA • UMHVERFI

ER ÞITT BÚ ÖRUGGUR OG GÓÐUR VINNUSTAÐUR?

UTAN ÚR HEIMI



Mynd / REUTERS/Ajay Verma

Sólarorka hagkvæmari en kolaiðnaður

Stærsta kolavinnslufyrirtæki heims hefur tilkynnt að það muni loka 37 námum vegna þess að þau eru ekki lengur hagkvæm. Coal India tilkynnti að námunum yrði lokað fyrir mars 2018.

Á meðan stækkar sólarraforkugeiri landsins, sem hefur fengið byr undir báða vængi í formi alþjóðlegra fjárfestinga. Lækkandi verð á sólarraforku hefur því neikvæð áhrif á fyrirtæki sem vinna jarðefnaeldsneyti í landinu.

Sólarraforkugeirinn í Indlandi nýtur mikilla alþjóðlegra fjárfestinga og lækkandi verð á sólarorku hefur haft neikvæð áhrif á fyrirtæki sem vinna jarðefnaeldsneyti í landinu.

Ríkisstjórn Indlands hefur gefið það út að þeir muni ekki opna fleiri kolanámur eftir árið 2022 og stefnir auk þess á að 57% af heildarraforku landsins árið 2027 muni vera framleidd með endurnýjanlegri orku árið 2027. Þetta markmið er langt umfram skuldbindingar Indlands í Parísarsamkomulaginu.

Fallið var frá áætlunum um 14 GW kolanámu og orkuveri í maí. Mun það benda til straumhvarfa í orkumarkaði Indlands, samkvæmt frétt breska blaðsins Independent.

Þar er vitnað í sérfræðing sem segir að metnaðarfullar ráðstafanir indverskra stjórnvalda ásamt innspýtingu frá alþjóðlegum fjárfestum sé að verða til þess að verð á sólarraforku sé í frjálsu falli. Slík þróun muni hafa áhrif á alþjóðlegan orkumarkað.

Ef fram fer sem horfir og kostnaður við sólarorkuvinnslu heldur áfram að lækka er búist við að Indland geti verið kolanámulaust árið 2050. */ghp*



Páfagaukur af tegundinni Amazona gomezgarzai. Mynd / Tony Silva

Ný páfagaukategund finnst í Mexíkó

Ný tegund Amason páfagauks hefur verið staðfest af vísindamönnum. Nýlega birtist grein í tímaritinu PeerJ um tegundina Amazona gomezgarzai sem fuglaáhugamaðurinn Miguel A. Gómez Garza fann á Yugatán skaga í Mexíkó árið 2014.

Fuglinn er um 25 cm hár og um 200 g að þyngd. Hann er grænn að lit með bláar vængfjaðrir og einkennandi rauðan blett á andliti. Hljóð fuglsins mun einnig vera sértækt, hátt, stutt og endurtekningarsamt. Þar að auki hermir hann eftir einum af sínum verstu óvinum, haukinum. Vísindamennirnir leiða að því líkum að þessi háttur páfagaukanna sé aðferð þeirra við að hræða aðra fugla frá nærliggjandi trjám og afla sér þar með fæðu.

DNA prófanir á páfagaukunum leiddi í ljós að tegundin þróast út frá hvítum Amason páfagauki (Amazona albifrons) sem voru innfæddir á svæðinu fyrir um 120.000 árum síðan.

Aðeins er talið að stofnstærð páfagauksins sé um 100 einstaklingar og er hann því þegar skilgreindur sem tegund í bráðri útrýmingarhættu. Flestallar villtar tegundir Amason fugla teljast í útrýmingarhættu en þeim stendur gríðarleg ógn af eyðingu regnskóga. */ghp*

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook
Smáauglýsingar 56-30-300

Á FAGLEGUM NÓTUM

Fyrirsæta í einn dag

– Skyggnst á bak við myndavélina



Myndirnar eru teknar á kúabúinu Østrup Søndergård i Juelsminde í Danmörku.


Margir kúabændur hér á landi og annað áhugafólk um nautgriparækt skoða gjarnan margs konar áhugaverðan fróðleik um kynbætur og kynbótastarf erlendis og eitt af því sem vekur oft eftirtekt er hve gljáfægðir gripirnir eru á myndunum. Þess utan eru gripirnir gjarnan myndaðir í fallegri náttúru og næstum undantekningarlaust eru myndirnar teknar þannig að halda mætti að gripirnir hafi stillt sér sérstaklega upp fyrir myndatökuna.

Þegar rýnt er í þessar myndatökur kemur margt áhugavert í ljós og eru gripamyndatökur sérgrein út af fyrir sig en að myndatökunum koma oft 3–4 aðilar sem sjá um að gera viðkomandi grip tilbúinn fyrir myndatöku.

Nýverið gáfu myndasmiðirnir hjá kynbótafyrirtækinu VikingGenetics kynningu á því hvernig þeir standa að myndatökunum og var greint frá þeirri vinnu í máli og myndum í blaðinu VikingNyt og fer hér á eftir endursögn þeirrar greinar ásamt áhugaverðum myndum sem voru í greininni.

Átta sinnum á ári fer myndateymi Viking í ferð um Danmörku í þeim tilgangi að taka myndir af fallegum nautum og kúm. Kýrnar eru oftast nautsmæður eða einstaklega góðar kýr og ástæða myndatökunnar er fyrst og fremst að safna efnivið í blöð og bæklinga sem eru svo sendir til bænda en VikingGenetics er sérhæft í sölu á sæði og fósturvísum og er umsvifamest á Norðurlöndunum. Að sögn Jan Andersen, markaðsstjóra fyrirtækisins, þá er tilgangurinn að sýna bændum þá góðu gripi sem fyrirtækið hefur erfðaefni til sölu úr og þó svo að kynbótadómurinn segi mest þá skipti útlit gripanna einnig máli. „Í mörgum löndum er aðgengi að kynbótagögnum mun verra en hér í Danmörku og því skiptir útlit nautanna verulegu máli á slíkum mörkuðum. Þá er oft beðið um myndir af fleiri kúm undan nautinu áður en ákvörðun um notkun er tekin og því er ánægjulegt að geta t.d. sýnt glæsilega nautsmóður.“





Litun, klipping og hárblástur!





Þegar teknar eru myndir af kynbótagripum nota ljósmyndateymin ýmiss konar hjálpartæki og tól.

Uppstilling gripa

Það er misjafnt eftir því hvar Viking er að selja hvernig myndatökunum er háttað. Þannig selja myndir af kúm á beit sæðið mun betur í Írlandi eða Nýja-Sjálandi en t.d. í Póllandi eða Þýskalandi þar sem bændurnir eru vanir því að skoða uppstilltar myndir af gripum þegar þeir kaupa erfðaefni. Hvort sem gripunum er stillt sérstaklega upp eða teknar myndir af þeim á beit, þá er nánast undantekningarlaust búið að eiga við gripina og undirbúa þá sérstaklega undir myndatökuna.



„Ljósmyndahlið“ kýrinnar er klippt og snyrt.

Allt þarf að ganga upp

Þegar maður sér fallega mynd af nautgrip getur verið erfitt að ímynda sér alla þá vinnu sem býr að baki einni svona mynd en til þess að ná fram þeim eiginleikum sem er verið að sækjast eftir koma að myndatökunum fjöldi fólks sem hefur mismunandi hlutverkum að gegna. Myndasmiður Viking er sérhæfður í myndatökum á nautgripum og kemur alla leið frá Hollandi í þessum eina tilgangi. Þá koma að undirbúningnum einnig sérfræðingar í kúaklippingum.

Þegar búið er að velja grip til myndatöku er hann fyrst klipptur eftir kúnstarinnar reglum, en þó fyrst og fremst á þeirri hlið sem taka á mynd af. Svo er gripurinn þveginn hátt og lágt með vatni og sápu svo ekki séu óhreinindi til staðar. Eftir þetta er feldurinn þurrkaður með hárblásara og þegar gripurinn er þurr er hægt að hefja raunverulegan undirbúning myndatökunnar. Sérstök olía er borin í feldinn svo hann glansi, lakk sett á klaufirnar í sama tilgangi og stundum er meira að segja notað litasprey til þess að skerpa enn frekar á grunnlitum gripsins. Þessi vinna tekur oft í kringum 90 mínútur og þá er hægt að hefja myndatökuna sjálfa.

Rétta augnablikið

Myndatakan sjálf er svo sér listgrein og eigi að stilla gripnum upp er hann látinn standa á upphækkun að framan, svo hann verði reisulegri. Þá er halanum haldið strekktum, fótstaðan sett í samræmi við óskir og notaður spegill eða annað slíkt til þess að fanga athygli gripsins til þess að fá hausinn upp og eyrun fram. Svo eru stundum myndvinnsluforrit notuð til þess að fjarlægja bakgrunn gripsins og hann settur inn í annað umhverfi. Myndatakan sjálf getur stundum bara tekið augnablik, sé gripurinn samvinnufús, en stundum tekur afar langan tíma að ná hinu rétta og dýrmæta augnabliki sem getur skipt sköpum fyrir sölu erfðaefnisins.

*Þýtt og endursagt af **Snorra Sigurðssyni** með heimild VikingDanmark og Lea Fourstad Harbo greinarhöfundar, sem einnig tók allar myndirnar sem tengjast þessari umfjöllun.*



Spegill notaður til þess að fá kúna til að horfa upp og fá rétta eyrnastöðu. Halinn togaður aftur og kýrin látin standa á palli!



UTAN ÚR HEIMI

Stjórnvöld í Katar glíma við viðskiptabann:

Flytja 4000 kýr flugleiðis

– milli Ástralíu og Bandaríkjanna til Katar

Eftir að nágrannalöndin sniðgengu Qatar reynir nú þekktur kaupsýslumaður þar í landi að finna skapandi lausnir til að tryggja nóg af mjólk ofan í neytendur landsins.

Fyrr í mánuðinum ákváðu Sádi-Arabía, Sameinuðu arabísku furstadæmin, Bahrain og Egyptaland að sniðganga Katar eftir langt tímabil með spennu milli þessara þjóða. Arabísku ríkin standa í þeirri trú að Katar blandi sér um of í innri málefni þeirra, hafi of mikinn vinskap við Íran og að ríkið styðji við alþjóðlega hryðjuverkastarfsemi. Yfirvöld í Katar hafna ásökununum meðal annars með því að benda á að Bandaríkin hafa stærstu herstöð sína í Mið-Austurlöndum í landinu, flugstöðina Al Udeid. Það virðist þó ekki koma þeim til góða því Sádi-Arabía og Sameinuðu arabísku furstadæmin hafa lagt blátt bann við því að skipakostur sem er í eigu fyrirtækja eða einkaaðila frá Katar fái ekki að leggja að landi hjá þeim. Á sama tíma hefur Sádi-Arabía, sem er eina landið sem hefur landamæri að Katar, lokað landamærunum og bannað alla flugumferð til landsins. Áður fyrr kom mest öll mjólk til landsins frá Sádi-Arabíu. Katar er skagi sem er erfiðlega staðsettur í Persaflóanum með landamæri að Sádi-Arabíu, Bahrain liggur nálægt landinu og hinum megin við flóann er Íran næsti nágranni þeirra.

Nú hefur kaupsýslumaðurinn og bóndinn Moutaz Al Khayyat frá Katar hrundið af stað verkefni til að koma í veg fyrir mjólkurskort í landinu. Hann er sauðfjárbóndi og hafði hug á að bæta við sig mjólkurframleiðslu og má nú engan tíma missa til að útvega löndum sínum mjólk. Nú hefur hann hug á að flytja 4000 kýr flugleiðina milli Ástralíu og Bandaríkjanna til Katar. Katar Airways er fimmta stærsta flugflutningafyrirtæki í heiminum og er ætlunin að sækja burðarkýr sem eiga að bera og framleiða mjólk í Katar. Áætlað er að búið muni framleiða sem nemur 30 prósentum af mjólkurþörf landsins í júlímánuði þar sem íbúar eru rétt rúmlega 2 milljónir.

Um er að ræða kúastofninn Holstein en til að flytja 600 kílóa þung dýrin er áætlað að þurfi á bilinu 40–60 flugferðir á milli landanna. Þar sem Sádi-Arabía og nágrannalöndin hafa lokað lofthelginni þurfa flugvélarnar að fljúga hjáleið yfir lofthelgi Írans og Óman. Vegna þessa hækkar flutningskostnaðurinn verulega og er áætlað að hann verði nálægt 7 milljörðum íslenskra króna. Kaupsýslumaðurinn hefur ekki áhyggjur af kostnaðinum og segir mikilvægt að sýna nágrannalöndunum í fulla hnefana, Katar geti orðið sér úti um matvæli á annan hátt. Fluttar eru landbúnaðarvörur frá Tyrklandi til landsins og ávexti og grænmeti flytja þeir inn frá Íran. Þar að auki hafa stjórnvöld hvatt íbúa landsins til að byrja á að rækta og framleiða mat sjálf.

/Bloomberg - ehg



Hætta á að heilsársbyggð leggist af í Árneshreppi

Ef ekki verður gripið til róttækra aðgerða, er hætta á því að heilsársbyggð í Árneshreppi á Ströndum leggist af. Þetta eru skilaboð tveggja daga íbúaþings sem Árneshreppur, Fjórðungssamband Vestfirðinga og Byggðastofnun stóðu fyrir í félagsheimilinu í Árnesi í júní síðastliðnum.

Á þinginu ræddu íbúar og fulltrúar þessara stofnana saman um framtíðina, möguleika og tækifæri. Fyrirkomulag þingins var þannig að þátttakendur stungu upp á umræðuefnum og þannig endurspeglar þingið það sem helst brennur á íbúum.

Brýnast að bæta samgöngur

Brýnast er að bæta samgöngur, sérstaklega þjónustu yfir vetrartímann. Byggja þarf upp veginn yfir Veiðileysuháls og tiltölulega stutt jarðgöng milli Árnesdals og Reykjarfjarðar myndu gjörbreyta lífsskilyrðum íbúa og rjúfa einangrun yfir veturinn. Talsverðar vonir eru bundnar við tækifæri sem virkjun Hvalár gæti skapað, ekki aðeins til skemmri tíma heldur einnig að hún kynni að opna á nýja möguleika í atvinnuuppbyggingu. Lögðu þátttakendur mikla áherslu á framgang þessa máls þó svo að um það séu skiptar skoðanir meðal heimamanna, eins og fram kom á þinginu. Í orkumálum var einnig rætt um smávirkjanir og hitaveitu frá Krossnesi í Norðurfjörð, en með henni myndu opnast möguleikar á sjóbaðsaðstöðu þar, auk húshitunar.

Þátttakendur veltu fyrir sér ýmsum leiðum til að efla þá atvinnustarfsemi sem þegar er til staðar. Festa þarf kvóta í byggðinni, bæði í fiskveiðum og sauðfjárrækt. Fram kom að búfjársamningur er óhagstæður sauðfjárrækt í Árneshreppi, en hún er grunnurinn í landbúnaðinum og afar mikilvæg fyrir heilsársbyggð. Auðvelda þarf nýliðun. Rætt var um lífrænt vottað fé, en heimamenn hafa þó fyrst og fremst áhuga á aukinni vinnslu afurða í heimabyggð og upprunavottun. Tækifæri til frekari þróunar í ferðaþjónustu, felast meðal annars í sögu svæðisins og vetrarferðamennsku, en ekki síst í markaðssókn, með áherslu á kyrrð og tíma. Nefnd voru ný atvinnutækifæri, eins og vatnsútflutningur og fiskeldi og áhugi er á að kanna möguleika á hreindýrabúskap.

Ákall til stjórnvalda

Íbúaþingið í Árneshreppi er ákall til stjórnvalda, því staðan er grafalvarleg. Íbúar kalla einnig eftir virkum stuðningi Fjórðungssambands Vestfirðinga og Byggðastofnunar og lýstu áhuga á að sveitarstjórn staðfesti vilja til þátttöku í verkefni stofnunarinnar „Brothættar byggðir“.

Árneshreppur hefur löngum verið markaðssettur undir slagorðinu „Þar sem vegurinn endar“. Á íbúaþinginu ríkti von í hjörtum viðstaddra sem vilja sjá fyrir sér betri tíma og að í raun sé vegurinn að byrja, á vegferð til heillavænlegrar framtíðar í Árneshreppi.

/MÞÞ




Selbakki ehf. leitar eftir starfsfólki í kúabú þess í Flatey í Hornafirði.

Á búinu eru að jafnaði 240 mjólkandi kýr en heildarfjöldi gripa með kvígum og geldum kúm eru að jafnaði um 500. Flatey er við þjóðveg 1, í um 40 km. fjarlægð vestur af Höfn í Hornafirði, sem er næsti þéttbýliskjarni. Samgöngur til og frá Flatey eru greiðar árið um kring. Í Flatey er stórkostlegt útsýni til fjalla og jökla og stutt í einstakar náttúruperlur.

Um framtíðarstörf er að ræða

Starfið felur í sér öll almenn bússtörf, s.s. umhirða kúa, jarðvinnslu, vinnu við heyskap, dagleg umhirða véla og tækja og önnur störf sem tilfalla á búinu. Kostur er að viðkomandi hafi lokið búfræðinámi og hafi reynslu af vinnu við kýr. Jafnframt er kostur að viðkomandi hafi færni og áhuga á viðhaldi og umhirðu véla.



Laun eru samkvæmt kjarasamningum. Húsnæði í boði.
Æskilegt að viðkomandi hefji störf frá og með 1. september nk.

Umsóknum skal skilað til Birgis Freys Ragnarssonar, bússtjóra, á netfangið *selbakki@sth.is.*

Birgir veitir nánari upplýsingar um starfið í síma 868-4590.

Selbakki

LESENDABÁS



Frá Landsmóti hestamanna á Hellu 2014. Mynd / HKr.

Hugleiðing hestamannsins

Nú hafa kynbótasýningar verið víða um land og margur glæsigripurinn hlotið dóm fyrir kosti og sköpulag. Ræktuninni fleygir hratt fram frá ári til árs og margir kostagripir koma fram á hverju ári. Þetta umstang ræktanda er mikil vinna og kostnaður sem fylgir því að keyra með hryssurnar sínar um allar koppa grundir á hverju vori undir þá stóðhesta sem heilla hverju sinni með vonina eina að leiðarljósi.

Í örfáum tilfellum skilar þetta frábærum árangri og stjörnur fæðast sem gleðja hjörtu okkar sem njóta þess að horfa á íslenskan gæðing sem fer um fagurlega skapaður með fimi og fótaburði að unun er á að horfa. Þá er markmiðinu náð og stoltur ræktandinn er kóngur um stund. Og er þá minningin ljúf um það erfiði sem í var lagt.

Ég er einn af þeim sem hef fylgst með kynbótadómum í áratugi. Eitt og annað við framkvæmdina hefur verið að trufla mig í gegnum árin. T.d. það að allar upplýsingar hvað varðar ættir hestsins eiganda og fyrri dómar liggja fyrir og eru sýnilegir dómurum á dómsdegi.

Ég hefði viljað sjá þá breytingu að þegar hross mætir til dóms þá ætti það að vera með þeim hætti eins og ég vil orða það að hrossið mæti „óþekkt“ til dóms.

Ef ég útskýri það aðeins nánar. Þá mundu engar upplýsingar liggja fyrir um hrossið hvorki ættir, fyrri dómar eða eigendasaga. Sem mundi betur tryggja það að hrossið fengi hlutlausari og réttlátari niðurstöðu.

Ég hef horft upp á að hross sem mætir í dóm hlýtur jafnvel flestar tölur eins og síðasti dómur kvað á um. Þarna er verið að nota þann þægilega máta að brúka „copy paste“ aðferðina sem er ekki það sem er verið að óska eftir. Heldur er verið að biðja dómara um að dæma það sem þeir sjá þegar hrossið mætir til dóms á „dómsdegi“. En ekki það sem einhverjir aðrir sáu einhverjum árum áður.

Það hlýtur að vera krafa ræktunarmanna að dómarar séu starfi sínu vaxnir og dæmi eftir eigin sannfæringu og þekkingu, sem hlýtur að þurfa að vera til staðar. Fagmennska þarf að vera í fyrirrúmi. Dómari á að dæma það sem hann sér þegar hrossi er stillt upp í byggingardóm. Og þegar hestur er í braut fyrir dómi. Það er heldur klént að fara í þá þægilegu aðferðafræði að nota gamla dóma sem fyrirmynd sem einhverjir aðrir höfðu dæmt og metið, jafnvel einhverjum árum áður.

Ég hef stöku sinnum fengið þá tilfinningu að það skipti máli hver sé ræktandinn og hverjar ættir hestsins eru.

Þess vegna tel ég mikilvægt að hestur sem kemur til dóms hafi enga sögu skráða sem dómarar geti flett upp og farið eftir. Heldur hljóti það að vera krafa ræktanda að allir sitji við sama borð hvað þetta varðar og menn dæmi eftir eigin sannfæringu hverju sinni og dæmi augnablikið sem þeir sjá án þess að hafa forskrift til þess að fara eftir.

Jafnvel væri hugsanlegur kostur að Bændasamtökin hefðu launað starfsfólk til þess að sinna því að stilla upp hrossum í byggingardóm. Sem hefur fram að þessu verið alfarið á hendi eigenda hrossanna og aðstandenda. Sem mundi þá útleggjast sem partur af greiðslu hesteigandans við sýningu hestsins.

Mundi það enn frekar verða til þess að forða hagsmunaárekstrum sem hugsanlega geta átt sér stað við sýningu hestsins.

Undirritaður er ekki með þessum skrifum að ætla neinum hlutdrægni í þessum efnum. En til þess að forðast megi það af fremsta megni að menn verði fyrir utanaðkomandi áhrifum með niðurstöðu, þá tel ég að ef unnið er með forskrift af þessu tagi mundu líkur til þess minnka til muna.

Menn hafa klárlega misjafnar skoðanir á þessum málum eins og gengur. En hlutleysi hlýtur að skipta miklu máli þegar um svo mikið hagsmunamál er að ræða hjá þeim sem hlut eiga að máli.

Þegar vel hefur legið á dómurum og stemning hefur verið góð höfum við í gegnum tíðina séð einkunnir sem hljóða upp á 10,0 fyrir ákveðna kosti hestsins.

Að gefa 10,0 fyrir einhverja ákveðna kosti þýðir í mínum huga fullkomin frammistaða hests og knapa í gangtegundinni.

Þá spyr ég. Hvenær er eitthvað fullkomið? Allt er þetta huglægt mat þessara manna sem á þetta horfa.

Ég hefði viljað sjá að við breyttum einkunnaskalanum og gæfum (9,6 9,7 9,8 og 9,9) Einnig er hægt að hafa þetta litlu einfaldara og hafa skalann með tveimur einkunnum og gefa þessum afburðahrossum (9,7 eða 9,9) og þætti þá eftirsóknarvert að ná hrossum upp í þann skala. Og þá á sama tíma að spara 10,0 einkunnina og gefa hana í einstökum undantekningatilfellum þar sem um mjög einstök yfirburðahross er að ræða. (Þó svo að skoðun mín sé sú að ekki eigi að gefa einkunnina 10,0).

Með því að auka rými skalans eftir einkunnina 9,5 er verið að skapa farveg í einkunnum fyrir afkastahross.

Auðvitað er og verða einkunnir í hrossadómum alltaf huglægar og jafnvel stemning, veðurfar og ástand brautar á dómsdegi geta haft áhrif á lokaniðurstöðu dómara.

Virðingafyllst,
Einar Hjaltason

Höfundur hefur stundað hrossarækt í litlum mæli að Gottorp í Vestur-Húnavatnssýslu um árabil.

Öflugar háþrýstidælur

Öflug dæla með innbyggðu slönguhjóli og 15 m slöngu.
Dælan slekkur sjálfkrafa á sér eftir ákveðinn tíma í biðstöðu.
Þrýstingur: 250 bör.
Innbyggður sápuskammtari.
Flæði: 15 l/mín.
Mótor: 9.50 kw /400v.
Þyngd: 34 kg.
Stærð: (L x B x H mm): 750x390x860 mm.





Háþrýstidæla sem hentar vel fyrir minni verkefni.
Innbyggður sápuskammtari.
Háþrýstibyssa, spúli og 8 m slanga fylgir með.
Mikið úrval af aukahlutum.
Þrýstingur: 150 bör.
Lítrar á mín: 15 lítrar.
Mótor: 5 kw / 400V.
Snúningur: 2800 sn/mín.

Skeifunni 3h ll Sími: 588 5080 ll dynjandi.is

DYNJANDI
allt fyrir öryggið

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300
Hafa áhrif um land allt!

BAJA STZ
JEPPADEKK



MICKEY THOMPSON
M/T
TIRES & WHEELS

Hljóðlátt heilsársdekk, með ótrúlega endingu
Sérhannað mynstur tryggir betra grip við allar aðstæður


Vörunr.	Stærð	Listaverð	Afsl.	Afsl. verð
1485	**MT 245/70R17 STZ**	**42.690**	**50%**	**21.345**
50731	MT 265/70R17 (32") STZ	40.390	30%	**28.273**
50760	MT LT285/70R17 (33") STZ	51.990	30%	**36.393**
50780	MT LT315/70R17 (35") STZ	54.490	30%	**38.143**
50831	MT LT265/60R18 STZ	43.190	30%	**30.233**
50840	MT LT275/70R18 STZ	54.490	30%	**38.143**

Icetrack ehf. · Sími 773 4334 · mtdekk@mtdekk.is
www.mtdekk.is

Bændablaðið er á www.bbl.is

SAMASZ SLÆR Í GEGN

Samasz sláttuvélar, rakstravélar og heyþyrlur







Net- og plastlager frá Búvís um land allt





Búvís 2006-2016 10 ÁRA
Akureyri · Sími 465 1332
www.buvis.is

VÉLABÁSINN

Nýr vel búinn og rúmgóður Skoda Kodiaq



Skoda Kodiaq 4x4 Ambition 2.0 TDI. Myndir / HLJ

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Fyrir rúmum þrjátíu árum auglýsti Jöfur Skoda 120L með eftirminnilegum hætti. Annaðhvort að kaupa 290 bomsur með rennilás eða nýjan Skoda á sama verði. Þá kostaði nýr Skoda 120L 121.600 krónur og voru margir sem áttu svona bíla. Þar á meðal var konan mín sem átti svona eðalvagn þegar við kynntumst og var farið víða á þessum bíl.

Nú er kominn enn einn nýr bíll frá Skoda sem ber heitið Skoda Kodiaq og eru í boði sex mismunandi Kodiaq bílar. Ég prófaði sjálfskiptan Kodiaq með smærri dísilvélinni sem kostar 5.920.000.

Rúmgóður með mikið farangursrými

Strax og ég settist inn í bílinn var ég ánægður með allt rými, en allt plássið sem maður hefur kom mér á óvart þar sem að utanfrá virkaði bíllinn ekkert stór. Geymsluhólf eru mörg og öll innrétting er greinilega hönnuð til þess að öllum sem í bílnum eru líði sem best. Frammi í bílnum eru a.m.k. þrjú góð geymsluhólf og glasafestingar á stöðum sem gott er að ná til þegar verið er að keyra.

Fyrir farþega í aftursætunum er hægt að setja niður borð og utan á því er glasastandur. Einnig er í bílnum 230 v rafmagnstengill, USB rafmagnstengill og nokkrir venjulegir 12v tenglar (hef aðeins séð 230v tengil í einum öðrum bíl sem ég hef prófað).

Farangursrýmið aftur í bílnum er mjög gott og til staðfestingar á því þá prófaði ég að setja tvö golfsett og tvær rafmagnskerrur inn í bílinn sem ekki kemst í skottið á mörgum bílum. Þetta komst vel fyrir og töluvert pláss í afgang.

Eyðslan var langt undir væntingum

Í flestum sölubæklingum nýrra bíla er uppgefin eyðsla og er uppgefin eyðsla á bílnum sem ég prófaði 5,7 lítrar á hundraðið. Almennt er ég vel yfir þessari tölu í meðalakstri, en nú bar svo við að ég var eftir fyrstu 60 km í blönduðum akstri að eyða samkvæmt aksturstölvunni nákvæmlega 5,7 lítrum á hundraðið án þess að reyna neitt að vera að spara eldsneytið. Eitthvað sem mér hefur ekki tekist nema einu sinni áður í þessum prufukeyrslum mínum. Næstu 50 km var tekið frekar mun meira á bílnum í innanbæjarakstri og ekki vottur í aksturslaginu að verið væri að spara eldsneytið. Niðurstaðan var rúmir 8 lítra eyðsla og ég sem taldi mig í „einbeittum brotavilja“ vera að reyna að koma bílnum yfir 10 í eyðslu.

Snilldar varnarbúnaður á öllum hurðum

Í akstri eru ekki mikil umhverfishljóð inni í bílnum, en það heyrist aðeins í vélinni. Á grófum malarvegi er gott að keyra bílinn, fjöðrun góð og nánast ekkert malarvegahljóð undir bílnum þegar ekið er á möl, 17 tommu dekkin fjaðra vel og henta vel íslenskum malarvegum. Örugglega er hægt að minnka felgustærðina um tommu til að setja enn belgmeiri og betur fjaðrandi dekk undir bílinn fyrir malarakstur og akstur í snjó.

Bíllinn sem ég prófaði var með 150 hestafla vél og að mínu mati alveg nóg. Hann var þó aðeins latur af stað fyrstu bíllengdina en góður eftir það. Í boði er einnig Kodiaq með 190 hestafla vél. Fullbúið varadekk er í bílnum og nokkur góð geymsluhólf við hliðina á varadekkinu. Ein nýjung er í Kodiaq sem ég hef ekki séð áður, en það eru plastverjur sem koma út á hurðum þegar þær eru opnaðar sem varna því að hurðirnar skemmi bíla í stæðum við hliðina á bílnum ef hurðirnar rekast í þá.

Eigulegur fjölskyldubíll sem gott er að keyra

Í bíltúrnum sem ég tók á bílnum var ég mjög ánægður með hann í alla staði. Í óréttlátum samanburði við „heimanmund“ konunnar fyrir 30 árum, sem líkt var við bomsur, er greinilegt að Skoda er kominn í flokk með best hönnuðu og framleiddu bíla, þótt verðið sé ekkert sérlega lágt þá er þessi bíll eigulegur bíll sem hentar vel fyrir flestar fjölskyldur, til bæði lengri og styttri ökuferða. Verðið á 150 hestafla Skoda Kodiaq er frá 5.460.000 upp í 190 hestafla bíl sem kostar 6.950.000. Hægt er að nálgast meiri upplýsingar um bílinn á vefsíðunni www.hekla.is.



Golfsettin tvö og kerrurnar rýmdust vel í skottinu.



Mikið pláss og gott rými fyrir farþega í aftursætum.



Rafmagnstengin þrjú eru fyrir miðjum bíl.



Uppgefin 5,7 lítra eyðsla var staðreynd, eitthvað sem mér tekst ekki oft.



Fín fjöðrun af belgmiklum dekkjunum á malarvegi.



Hurðarverjurnar er hreint snilldar búnaður til að hurðirnar skemmi ekki aðra bíla.



Séreinkenni Skoda er skafa í bensínlokinu. Þar sem vélin er gerð fyrir AdBlue tækni má ekki setja á bílinn hvaða dísileldsneyti sem er eins og sést í yfirstrikuðu BIO DIESEL merkinu.

Helstu mál og upplýsingar

Þyngd	1.625 kg
Hæð	1.676 mm
Breidd	1.882 mm
Lengd	4.697 mm

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Hugað að viðhaldi véla og tækja

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Margir eru langt komnir með fyrsta slátt í heyskap sumarsins. Vonandi hefur sú vinna verið áfallalaus hjá sem flestum, en í og eftir heyskap þarf að huga sérstaklega að lausu heyi sem getur safnast við vatnskassann á dráttarvélum.

Fyrir utan að hindra eðlilega kælingu fyrir vélina þá hefur þetta lausa og oftast þurra hey valdið mörgum brunanum í dráttarvélum. Í forvarnarbæklingi frá einum framleiðanda dráttarvéla var mælst til þess að í hvert skipti sem eldsneyti sé tekið á vélina sé allt gras og hey þrifið í burtu. Í sama bækling var nefnt að huga sem oftast að því að smyrja í alla koppa, ekkert of mikið og ekki heldur of lítið í hvert skipti, en aðallega að setja í koppana sem oftast.

Fjárhagslega og betra að fylla eldsneytistanka í lok vinnudags

Ein var sú setning sem ég skildi ekki í þessum forvarnarbæklingi, en mælt var eindregið með því að enda alla vinnudaga á að fylla dráttarvélina af eldsneyti. Ég aflaði mér upplýsinga hjá vélfræðingi um þessa setningu og svarið hans var:

Allir eldsneytistankar sagga að innan við kaldar nætur, en með fullan tank gerist það ekki, fyrir vikið er eldsneytiskerfið hjá þeim sem fyllir á kvöldin mun hreinna á kvöldfyllingarvélunum. Hjá þeim sem fyllir á morgnana er oftar raki í eldsneytinu, en sparnaðurinn hjá kvöldfyllingaraðilanum er að sjaldnar þarf að skipta um hráolíusíu og efni eins og spíssahreinsir er algjörlega óþarfur, en þetta hefur verið kannað hjá stórum rútufyrirtækjum og munurinn er fjárhagslega mikill þegar upp er staðið.

Írar enn og aftur að sýna snilli sína í forvörnum tengda landbúnaði

Oft í þessum pistlum hef ég vitnað til H.S.A. (www.hsa.ie ,Health & Safety Authority á Írlandi), sem hefur starfað ekki ósvipað og okkar Vinnueftirlit að forvörnum. Allt frá árinu 1989 hefur ötullega verið haldið utan um alla forvarnarvinnu og tölurnar á þessum árum sýna vel árangurinn í sveiflum á milli ára. Landbúnaðartölfræðin nær til 1991 og er fróðlegt að glugga í tölulegar staðreyndir. Í síðustu viku kom út 110 síðna forvarnarbæklingur fyrir írskan landbúnað, en þessi bæklingur er endurútgefinn með breytingum þar sem leitast er við að kryfja vanda hvers tíma er við á. Í ársbyrjun las ég fréttatilkynningu frá HSA þess efnis að fé til forvarna og fjöldi slysa er greinilega sjáanlegur og var þá vitnað til ársins 2013, en þá voru 16 banaslys. Um leið var slakað á í forvörnum vegna fjárskorts og árið eftir var metár í banaslysum, eða 30.

Hraðfletting á nýja forvarnarbæklingnum forvitnileg lesning

Nýi forvarnarbæklingurinn nefnist á ensku „Code of Practice for Preventing Injury and Occupational Ill Health in Agriculture“, eða „Leiðbeiningar til að forðast slys og heilsubrest við landbúnaðarstörf“. Þarna er bæklingur sem allir hefðu gott af að glugga í, en helst hefði ég viljað sjá þennan bækling þyddan og stílfærðan yfir á íslenskan landbúnað. Í samantektinni er komið við alls staðar í öllum greinum sem flokkast til landbúnaðarstarfa á Írlandi. Það sem mér fannst athyglisverðast við þann stutta lestur minn var hversu vel sjáanlegar sveiflurnar voru í fjölda slysa á milli ára og sláandi samhengi á mismunandi miklu fjármagni sem sett var í forvarnir.

TÝR FRÁ HÓLUM



Fyrstu verðlauna stóðhesturinn **Týr frá Hólum**, IS2012187265, tekur á móti hryssum í einu löngu gangmáli að Hólum við Stokkseyri.

Týr er með 8,30 í hæfileika og 8,02 í byggingu.

Faðir: Ómur frá Kvistum.
Móðir: Brynhildur frá Hólum, fyrstu verðlauna klárhryssa, sammæðra Blæ frá Miðsitju.

Verð fyrir fengna hryssu er 45 þúsund kr. + vsk. Innifalið einn sónar og girðingargjald.

Nánari upplýsingar gefur Einar í síma 893-7389 eða í netfangið agv@centrum.is

DEKKJASALA AKUREYRAR
Úrval hjólbarða á betra verði
Fólksbíla-, traktora-, vinnuvéla-, vagna-, jeppa,- og vörubíladekk í úrvali.
Vinnu- og dráttarvéladekk
20% afsláttur af öllum dekkjum
Double Star vörbíladekk
Double Star Jeppadekk 35x12,5x15
Ármann sími 896 8462 og Tryggvi 896 4124
MOTUL Smurþjónusta
Hjólbarðaþjónusta - Smurþjónusta - Þrif á bílum - vönduð handverkfæri og fl. (Jason ehf.) Njarðarnesi 1 sími 460 4350

KROSSGÁTA Bændablaðsins



	64	TRIMMA	SKRÁ	ORÐRÓMUR	ÁTT	MORÐ		ÆXLUNARKORN	LAÐA	NIÐURFELLING	MÁLMUR
	TÍMAMÆLIR										
	NÁÐHÚS						SLÖKKVARIAÐRAKSTUR				
	MARGSINNIS				ÁRÁSDREPSÓTT						
	BANKA NÝLEGA							FÚSKSVERFA			
		HNUSA	BÆNKLAFI				ÍÞRÓTTAFÉLAGFRIÐUR				FAG
TROÐA					ADSTOÐ	ÓSKAMERGÐ				MÁLMUR	FURÐA	
KVK NAFN					MERKISTAKUR			HÖGGMUNDA				
KLAKI			HAFNANÖLDRA				SKJÓLLAUSPEDALI					
HALD				SVELGURHVÍLD			VANDRÆÐIHUGLEIÐA					MÖGLA
		GÆFAÁLITS				SJÁFISKA			PJAKKUR	KRINGUMGALDRALIST		
ÁVÍTA						Í RÖÐLÆRIR		RISSAVITUR				
ÓVISSA					FARARTÆKI						TVEIR EINS	
ÁN					MÓÐURLÍF			JÖKULTÍMI				
Í RÖÐ			KRYDDA					MASTUR				

HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET

Lausn á krossgátu í síðasta blaði




	63	PÍSKRA	GNÍSTA	ÁVÖXTUR	TVEIR EINS	HVIÐA		HERMA	FRÁBÆR	ÞRÁSTAGAST	AUSTURÁLFA
ÞVERPOKI											
GLEIKKA							ÆÐASLÁTTURÆTTGÖFGI				
KLAKA				HÖFÐIESPAST							
GATALJÓMI								ELLEGARJAFNFRAMT			
		KVK. NAFN	GLJÁIÐSPRIKL			FREMJAÁTT					MÁLMUR
STRÝTA					KÚNST	HÖFÐÝRREIÐUR			GINNA	BRASKA	
ÞYRFTI					FESTAHÆTTA			LÆRLINGURFRÁ			
TVEIR EINS			DANSBYLGJAST				ILMURMÆLIEINING				
STARFSGREIN			HYLLITALA			ÓGREIDDURYRKJA					SPAUG
		BORÐAÐIFJALLSNÓF			SPÍRAMEGIN			GÓLNABBI			
LÁRVIÐARRÓS				STARTANÆRA				AUR	SAMTÖKREGLA		
HVÍNA				ÍLÁTRÓMVERSK TALA						ÓNEFNDUR	
ÞANGAÐ TIL						TEYGJAST					
BÓK				VEIKJA		ELDSTÆÐI					

HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Líf og lyst

Bærinn okkar





Stóri-Kroppur

Kristín og Eugen sáu Stóra-Kropp á ferð um landið og féllu algjörlega fyrir staðnum.

Býli: Stóri-Kroppur.

Staðsett í sveit: Reykholtsdal í Borgarfirði.

Ábúendur: Eigendur eru Kristín Hjörleifsdóttir Steiner og Eugen Steiner. Bústjóri er Bryndís Brynjólfsdóttir.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Kristín og Eugen eiga þrjú börn: Hrafn, Svövu og Emblu. Á bænum eru kettirnir Lilli litli og Tímon.

Stærð jarðar? 239 hektarar.

Gerð búsins? Ferðaþjónusta og hrossarækt.

Fjöldi búfjár og tegundir? 50 hross og 2 kettir.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Avallt byrjað á að gefa hestunum og köttunum sem láta alveg vita ef ekki er búið að bæta í dallinn þeirra.

Svo spilast dagurinn bara dálítið eftir verkefnum. Girðingar, viðgerðir, ferðamenn, hestastúss og hugsa um að halda öllu snyrtilegu.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Alltaf gaman að sjá folöldin fæðast og líka þegar gefið er útigang í vondum veðrum hvað þau verða kát, finnst bara öll bústörf skemmtileg.



Bryndís Brynjólfsdóttir.



Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Bara svona svipað og í dag, ferðaþjónusta og hross.

Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda? Mættu oft vera snarpari.

Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni? Mjög vel ef rétt er á málum haldið.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara? Hreinleiki íslenskra afurða.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Mjólk, kartöflur og kjöt.



Fjölskyldan á Stóra-Kroppi.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Lambahryggur.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Get nú ekki tekið eitt fram yfir annað. Finnst alltaf frábært þegar ungviðið fæðist. Svo finnst okkur stórkostlegt að Faxagleðin er haldin hjá okkur í ágúst sem er firmakeppni hestamannafélagsins Faxa þar sem fólkið kemur ríðandi og það er keppt og svo grillum við saman og höfum gaman.



Matarkrókurinn – Bjarni Gunnar Kristinsson matreiðslumeistari

Bakaður Brie-ostur og grillað flatbrauð

Bakaður Brie-ostur – hunangs- og pecangljáður

Þessi réttur tekur bara augnablik að útbúa og er hægt að njóta hans með vinum við grillið, en svo er líka bara hægt að baka hann í ofni. Gott er að dýfa ristuðu súrdeigsbrauði í ostinn eða smyrja það með ostinum.

- Einn Brie-ostur eða annar sambærilegur ostur
- Ein lúka pecan-hnetur um 150 g, gróft hakkaðar
- ¼ bolli púðursykur
- 2 matskeiðar hunang

Hitið ofninn í 160 gráður.

Í skál blanda saman pecan-hnetum, púðursykri og hunangi.

Setjið ostinn í grunnt fat eða eldfasta pönnu og toppið með pecan-hnetum og sykurblöndunni.

Bakið í 10–15 mínútur. Takið úr ofninum og látið kólna ögn svo engin brenni sig. Framreiðið með ristuðu brauði eða stökku kexi.





Papriku- og chilihummus með grilluðu flatbrauði

Geggjað nart til að bjóða upp á undan og á meðan grillveislan er undirbúin. Hummus með grilluðu flatbrauði sem hefur verið penslað með ólífuolíu og kryddað með góðu salti og smá blóðbergi eða timjan.

Fyrir hummus:

- Lítil dós niðursoðnar kjúklingabaunir, sem búið er að skola (flott að geyma nokkrar kjúklinga sem skraut)
- ¼ bolli tahini sesam mauk (í krukku)
- 1 stk. brennd paprika (á grilli eða kaupa klárar í krukku)
- ¼ bolli ferskur sítrónusafi



- Ein matskeið harissa chilikrydd eða chilisósa
- ½ tsk. salt
- ½ tsk. malað cumin-duft
- ¼ tsk. malað kóríanderduft

Öllu hráefninu er blandað saman í matvinnsluvél og unnið saman þar til blandan er slétt. Hún er svo geymd í kæli þar til brauðið er framreitt með hummus til hliðar.

Fyrir grillað flatbrauð:

- Eitt stykki tilbúið pitsudeig (hægt að kaupa tilbúið eða gera frá grunni)
- 2 msk. ólífuolía
- Ein tsk. blóðberg eða timjan
- ½ tsk. gott salt

Til að undirbúa flatbrauðið skaltu byrja með því að hita grillið í 250 gráður.

Skiptu deiginu í tvennt. Rúlla út hvorn helming á hveiti stráðu yfirborði þar til það er um það bil ⅛ af sentimetra á þykkt – eða jafnvel þynnra fyrir stökkt flatbrauð.

Penslið deigið með matskeið af ólífuolíu, og stráið yfir með ½ teskeið af timjan og ¼ teskeið af góðu flögusalti. Grillað í 4–8 mínútur.

Ofnbakaður eða grillaður rabarbari með ís og rauðum marengs

- 550 g rabarbari
- 85 g hrásykur

Aðferð

Hitið ofninn að 200 gráðum. Skolið rabarbara og setjið í sigti, skera rabarbarann í bita í fingurlengd. Setjið rabarbarann í grunnt ofnfast fat eða kökuform með hliðum, blandið saman við sykurinn, veltið saman.

Lokið vel með álpappír og bakið í 15 mínútur. Fjarlægðu álfilmuna. Sykurinn ætti þá að vera leystur upp. Veltið bitunum og steikið í fimm mínútur til viðbótar. Til að athuga hvort rabarbarinn er tilbúinn skuluð þið prófa að skera aðeins í hann með beittum hníf. Rabarbarinn ætti að vera mjúkur, en halda samt lögun sinni. Framreiðið með ís, berjum og marengs.

Berjamarengs

- 2 eggjahvítur
- 1 msk. frælaus rauð hindberjasulta (við stofuhita)
- 6 dropar af rauðum matarlit
- ⅓ bolli af sykri
- ⅓ bolli sigtaður flórsykur
- Smjörpappír til að baka á

Hafið eggjahvítuna í stofuhita í 30 mínútur. Setjið smjörpappír á bökunarplötu.

Forhitið ofninn í 160 gráður.

Hrærið saman hindberjasultu og matarlitnum í skál. Setjið til hliðar.

Blandið sykri og flórsykri saman og setjið svo til hliðar. Þeytið eggjahvíturnar með rafmagnshrærivél á miðlungshraða þar til mjúk froða hefur myndast. Bætið því við sykurblönduna, ein matskeið í einu og þeytið í fimm til sjö mínútur á meðalhraða – eða þar til marensinn er stífur og glansandi og sykurinn er búinn að leysast upp.

Notaðu spaða til að blanda ½ bolla af marengsblöndunni varlega saman við sultuna, svo er restinni varlega blandað saman við.

Notaðu sprautupoka til að sprauta marens í hjörtu, stangir eða bara smyrja flatt á bökunarpappír

Setjið bökunarplötur í forhitaðan ofninn. Slökkvið á ofninum. Látið marengsinn þorna í ofni, með dyrnar lokaðar í eina klukkustund eða þar til þurr og skörp húð hefur myndast. Mikilvægt er að hann sé samt enn ljós á litinn. Láttu hann kólna á pappír. Taktu marengsinn varlega af pappírnum og bjóðið upp á sem skraut með berjum og góðum ís að eigin vali.

HANNYRÐAHORNIÐ Gallery Spuni

Þvottastykki

Ég dundaði mér við að gera uppskriftir sl vetur.

Hér er ein þeirra og þykir mér ansi vænt um hana, eins þykir mér ansi vænt um ykkur, viðskiptavini mína, og er hún hönnuð með ykkur í huga.


Hlakka ekkert smá til að sjá fullt af fallegum tuskum frá ykkur.

Megið endilega deila með okkur myndum. Gallery Spuni á facebook og/eða @galleryspuni á instagram.

Þvottastykki:

2-3, 4-5, 6-7 ára.





Garn Drops Bomull
– Lín fæst í Gallery Spuna

Innihald: 53% bómull, 47% hör

Þyngd/lengd: 50 g = ca 85 metrar

Fytja upp upp 61 lykkju og prjóna eftir teikningu á prjóna nr 3,5 mm.

Fróðleikur:

- Hör eða lín er efni sem er unnið úr stráum hörplöntunnar (Linum usitatissimum).
- Í einu hörstrái eru 30-40 þættir sem eru jafn langir stráinu en hver þáttur er gerður úr mörgum þráðum sem hver er 0,5-7 cm langur.
- Hör er sótthreinsandi efni svo það er tilvalið í þvottaklúta.

Bestu kveðjur,

frá okkur í Gallery Spuna



FASTEIGNAKAUP



Sumarhús á Skarðsströnd í Dölum

Rómantískt sumarhús í Villingadal með útsýni út á Breiðafjörðinn fagra.

Upplýsingar veitir Erna í síma 892-4717 eða hjá erna@fasteignakaup.is



Erna Valsdóttir
fasteignasali

Ármúli 15 - Sími: 515 0500 - www.fasteignakaup.is
Erna Valsdóttir löggiltur fasteigna-, skipa- og fyrirtækjasali

Létt

3	2	6	9				4	8
8				4	6		3	
		1			3	7		5
9	4			3		2		
		2	4	5	1	8		
		3		9			5	6
7		9	5			6		
	6		2	1				4
2	1				7	5	8	9

Miðlungs

		2		5				7
	4		3		9	1	8	
	7		1		6	4		
	3		7			5		8
	8			3			6	
9		1			4		2	
		9	8		2		7	
	6	7	9		3		5	
4				6		8		

Þung

	1						6	
		4	8		1	5		
9			2		3			1
	4		7	3	8		2	
3								8
	7		6	1	2		4	
2			1		7			6
		7	4		5	3		
	9						5	

Þyngst

3		2	5					4
	8	7	6					
				8		3	7	
	4					5		6
6		3					8	
	5	4		3				
					9	1	5	
7					1	4		2

Sudoku

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

Ætla að fara í sveitina með ömmu

„Mamma mín er tannlæknir og pabbi minn er stundum í fótbolta og er hjálparskólastjóri.

Ég á tvo litla bræður, Heimi Vilja sem er 3 ára og Halldór Nökkva sem er bara 2 mánaða. Ég á líka litla systur sem er engill. Hún heitir Júlía og er 1 árs. Ég á margar vinkonur, alveg fullt.“



Nafn: Þórunn Saga Björgvinsdóttir.

Aldur: 6 ára.

Stjörnumerki: Sporðdreki.

Búseta: Stykkishólmi.

Skóli: Grunnskólinn í Stykkishólmi.

Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum? Stærðfræði.

Hvert er uppáhaldsdýrið þitt? Kettlingar, kisan mín Viðja og lömbin í sveitunum mínum, Mýri og Valþjófsstöðum.

Uppáhaldsmatur: Fiskibollur, pitsa, hamborgari, grjónagrautur og slátur.

Uppáhaldshljómsveit: Engin.

Uppáhaldskvikmynd: Stóra stökkið og Vaina.

Fyrsta minning þín? Þriggja ára að skoða ungana og kettlinga, ég fékk að halda á hvolpi. Svo sá ég kind og ég reyndi að halda á henni. Heimir Vilji bróðir minn var pínulítill í hvítum galla.

Ætlar þú að gera eitthvað skemmtilegt í sumar? Ég ætla að fara í sveitina með ömmu minni. Ég ætla að fara í útilegu með pabba, mömmu og litlu bræðrum mínum, Heimi Vilja og Halldóri Nökkva. Við ætlum líka í sumarbústað. Svo bara að leika við vinkonur mínar.

Næst » Þórunn Saga ætlar að skora á Aron Elvar Stefánsson, vin sinn og bekkjarbróður, að svara næst.

LESENDABÁS

Leyndarhyggja Bænda-samtaka Íslands

Í vetur hef ég tvisvar skrifað pistla í Bændablaðið þar sem ég hef gagnrýnt B.Í. fyrir tregðu til að upplýsa bændur um fjárhagsmálefni samtakanna eins og sundurliðaða ársreikninga o.fl. Er skemmst frá því að segja að þar var talað fyrir svo daufum eyrum að um fullkomið heyrnarleysi er að ræða.



Guðmundur Þorsteinsson

Þá gerði ég (í Bbl. 23. feb.) athugasemdir við það að bændur skuli skyldir til að kaupa afnot af forritum B.Í. eins og Jörð, Huppu og Fjárvís sem samtökin eiga og hafa frjálsar hendur um verðlagningu á; hafa raunar ákveðið að þeir sem greiða aðildargjaldið til B.Í. fái 30% afslátt af listaverðinu. Ég spurði einnig hvort ráðuneytið hefði samþykkt og staðfest gjaldskrána, en hef engin viðbrögð fengið.

Með eftirgrennslan í ráðuneytinu hef ég komist að því að hægt er að fá takmarkaðan aðgang að þessum forritum á u.þ.b. hálfvirði þar sem unnt er að fullnægja skráningarskyldunni. Og viti menn, þá verðskrá má finna á heimasíðu B.Í. en svo vel er hún falin að starfsmenn Búnaðarsamtaka Vesturlands höfðu t.d. ekki hugmynd um hana þegar ég sagði þeim frá þessu.

Ekki fer á milli mála að með þessu ráðslagi eru forsvarsmenn B.Í. að reyna að fá sem flesta til að greiða aðildargjaldið án þess að hafa vitneskju um þennan kost.

Við þetta má bæta litlu dæmi um ásælni B.Í. Aldraður bóndi fékk frá samtökunum reikning fyrir afnot af forritinu jord.is. Hann hvorki á tölvu né hefur færni til að nota forritið og hefur því auðvitað ekki óskað eftir að fá aðgang að því. Trúlega eru fleiri í þeirri stöðu.

Forsvarsmenn Bændasamtaka Íslands láta í ræðu og riti sem þeir séu sem útspýtt hundsskinn við að gæta hagsmuna bænda en framanritað leiðir í ljós þá ömurlegu staðreynd að þeir eru reiðubúnir til að leggjast býsna lágt til að hafa af þeim fé, á fölskum forsendum ef ekki vill betur til.

Á heimasíðu B.Í. blasir nú við áberandi tilkynning (auðvitað á eftir slagorðinu: Bændasamtökin rækta þinn hag!!!) um að reikningar fyrir jord.is séu á eindaga en ef menn greiða aðildargjaldið, 42.000,- kr. geta þeir náðarsamlegast fengið upphaflegan reikning felldan niður en greiða síðan með afslættinum. Ekki er vikið einu orði að þeim möguleika að fá takmarkaðan aðgang.

Nú ættu B.Í. að reyna að klóra aðeins yfir skítinn sinn með því að gera mönnum glögga grein fyrir þeim möguleika að fá takmarkaðan aðgang að þessum forritum og hvað felst nákvæmlega í þeim takmörkunum. Að öðrum kosti tel ég þau rúin allri vild og trausti.

Ritað 3. júlí 2017.
Guðmundur Þorsteinsson

KANNT ÞÚ Á VÉLAR?

Orkugerðin endurvinnur aukaafurðir frá slátrun og kjötvinnslu. Afurðirnar eru áburðarmjöl og dýrafita sem nýtt er til eldneytisgerðar.

Orkugerðin ehf. óskar eftir framtíðarstarfsmanni í verksmiðju félagsins sem staðsett er í Heiðargerði í Flóahreppi (10 km austan við Selfoss).

Við leitum af dugmiklum og úrræðagóðum einstaklingi til fjölbreyttra starfa. Starfið felur í sér eftirlit með vinnslu og búnaði ásamt viðhaldi á tækjum.

Unnið er á tvískiptum vöktum og heildarlaun með vaktaálagi eru 500 þúsund kr. á mánuði. Auk þess er greitt yfirvinnukaup fyrir vinnu umfram vaktir.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af vélaviðgerðum og rekstri véla er skilyrði.
- Vélstjóramenntun eða iðnmenntun sem nýtist í starfi er kostur.
- Sterk öryggis- og umgengnisvitund.
- Stundvísi, áreiðanleiki og góðir samskiptahæfileikar.
- Almenn tölvukunnátta og lyftarapróf er kostur.
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á orkugerdin@orkugerdin.is

~ Frekari upplýsingar veitir Ívar í síma 482 3553 ~



Kirkjubæjarklaustur. Mynd / HKr.

Brothættar byggðir bitlaust verkfæri

Brothættar byggðir er sértæk aðgerð fyrir smærri byggðakjarna og sveitir landsins, sem á tíðum eru aðilar sem vegna smæðar sinnar hafa ekki getað nýtt sér önnur úrræði ríkis og sveitarfélaga til stuðnings byggðaþróunar- og samfélagsuppbyggingar.

Með þessu samstarfi taka ríki, sveitarfélag, stoðkerfi og íbúar höndum saman um eflingu byggðarlagsins. Ekki er meiningin að búa til nýtt lag ofan á stoðkerfið, heldur vettvang þar sem leiddir eru saman kraftar og mynduð einskonar „sérsveit“.

Í verkefnislýsingu brothættra byggða, sjá vef Byggðstofnunar, segir meðal annars:

